Safnastofnun Austurlands
1994

# Fornleifaskráning Norðfjarðar



*Beitarhús frá Skorrastað sunnan Norðfjarðarár*

Guðrún Kristinsdóttir, Mjöll Snæsdóttir
og Guðný Zoëga

## Efnisyfirlit


1 Inngangur

2:1 Löggjöf um fornleifar bls. 2
2:2 Almennt um fornleifaskráningu bls. 2
2:3 Aðferðir við skráningu í Norðfirði bls. 2
2:4 Um Fornleifaskrá Norðfjarðar bls. 3

3 :1 Fornleifaskrá Norðfjarðar bls. 5
3:2 Fornleifakort bls. 105

4:1 Elstu heimildir um byggð í Norðfirði bls. 130
4:2 Varðveisla minja í Norðfirði bls. 130
4:3 Bæjarhólar og bæjarstæði bls. 132
4 :4 Aðrir minjaflokkar bls. 133

Heimildaskrá bls.136

## 1. Inngangur

Fornleifaskráning í Norðfirði var unnin á vegum Safnastofnunar Austurlands á tímabilinu 1993-1995. Sveitarfélagið var meðal þeirra fyrstu í landinu þar sem skráðar voru allar fornleifar sem vitneskja fékkst um. Norðfjarðarhreppur og Neskaupstaður kostuðu skráninguna.

Í Fornleifaskrá Norðfjarðar er fyrst fjallað um löggjöf um fornleifar, og fornleifaskráningu almennt. Gerð er grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar voru við fornleifaskráningu í Norðfirði.

Þriðji kafli er fornleifaskrá þar sem taldar eru upp fornleifar í Norðfirði eftir jörðum. Fornleifakort sýna staðsetai.ngu minjanna.
Í fjórða kafla er fjallað í stuttu máli um elstu minjar í Norðfirði og varðveisluskilyrði minja þar. Að lokum er samantekt um helstu minjaflokka og er þar bent á þær fornleifar sem taldar eru hafa mikið gildi til fornleifarannsókna, og einnig þær minjar sem henta sérstaklega vel til kynningar og fræðslu.

Heimildamönnum eru hér færðar þakkir fyrir ábendingar um minjastaði. Sérstaklega er Hálfdani Haraldssyni og Bergljótu Einarsdöttur þakkað fyrir margvíslega aðstoð, og Þórði Sveinssyni fyrir leiðsögn um Barðsnes.
Að skráningunni unnu Guðrún Kristinsdóttir minjavörður og fornleifafræðingarnir Mjöll Snæsdóttir og Guðný Zoëga. Jóhann Zoëga og Laufey Þórðardóttir voru aðstoðarmenn við skráningu í Hellisfirði og Viðfirði, Jóhann teiknaði einnig kort eftir loftmyndum og lánaði tölvubúnað, Guðmundur Sigfússon bæjartæknifræðingur sá um útprentun korta af bæjarlandi Neskaupstaðar.

## 2:1. Löggjöf um fornleifar

Samkvæmt þjóðminjalögum no. 88/1989, með breytingum frá 1991 og 1994, er skylt að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er firá skipulagi eða endurskoðun þess og skal færa friðlýstar minjar á skipulagskort ( 18. grein).
Í 16. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem "-hvers kyns leifar fomra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á-", en einnig staðir sem tengjast siðum eða þjóðtrú þótt ekki séu mannaverk á. Í sömu grein segir: "Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar-". Fornleifar eru því sjálf krafa friðaðar hafi þær náð 100 ára aldri, en friðlýstar eru þær þegar friðun hefur verið þinglýst með sérstöku skjali, og þinglýsingin birt í Stjórartíðindunum. Fornleifum má ekki spilla eða breyta nema leyfi fornleifanefndar komi til, og finnist fornleifar óvænt við jarðrask, verður að fresta frekari framkvæmdum og leita úrskurðar nefndarinnar um framhald.

## 2:2. Almennt um fornleifaskráningu

Fornleifakönnun er ekki nýtt fyrirbæri hér á landi. Þegar á fyri hluta síðustu aldar var farið að safna fróðleik um minjastaði, og frá þeim tíma eru um 700 staðir á minjaskrá. Hið íslenska fornleifafélag stóð fyrir því að farnar voru þrjár könnunarferðir um landið fyrir og um síðustu aldamót. Í þeim leiðöngrum voru skráðir um 1000 staðir. Um 1930 voru um 700 af þessum

stöðum teknir á friðlýsingarskrá Þjóðminjasafnsins. Hér var í mörgum tilfellum um sömu minjar að ræða, oftar en ekki fornleifar sem taldar voru eiga upphaf að rekja til" fornsagna vorra, eða með öðrum orðum úrval elstu minja.

Um miðjan áttunda áratuginn fóru fyrstu fornleifaskráningarnar að líta dagsins ljós. Er þá átt við kerfisbundna vinnu með tilheyrandi heimildakönnun, sem miðar að því að til verði sem næst tæmandi fornleifaskrár. Frá því að ný þjóðminjalög tóku gildi árið 1989 hefur fornleifaskránig í þeirri merkingu verið lögbundinn hluti af undirbúningi að gerð skipulags.1

Neskaupstaður er fyrsta sveitarfélagið á Austurlandi þar sem framkvæmd er skráning af þessu tagi, og sjást þess nokkur merki að um frumraun er að ræða. Fornleifaskráning miðar að því að auðvelda vernd fornleifa með því að finna þær og staðsetja, og minnka þar með líkurnar á að þeim verði spillt við mannvirkjagerð vegna ókunnugleika. Með skráningunni fæst gott yfirlit yfir minjar á skráningarsvæðinu, og hægt er að benda á þær sem líklegar eru til að hafa mikið rarmsóknargildi, eða henta sérstaklega vel til kynningar og fræðslu. Fornleifaskrá er í raun nauðsynlegur grunnur fyrir stefnumótun í verndun fornleifa, sem er orðið brýnt að marka, svo taka megi á vandamálum eins og eyðileggingu merkra minja af völdum náttúruafla eða mannanna verka.

## 2:3. Aðferðir við fornleifaskráningu í Norðfirði

Þegar hafist var handa við skráningu í Norðfirði 1993 var samræming á aðferðum á vegum þjóðminjavörslunnar skammt komin. Sú leið var farin, að aflað var upplýsinga um fornleifar á svæðinu úr rituðum heimildum, og haft var samband við staðkunnuga í Norðfirði, áður en útivinna hófst. Gerð var skrá yfir fornleifar á hverri jörð, og miðað við núverandi jarðaskipan.

Fyrst og fremst voru skráðar sýnilegar fornleifar, en eftir því sem skráningaraðferðir þróuðust var bætt við heimildum um mannvirki sem ekki eru sýnileg á yfirborði jarðar lengur. Í flestum tilvikum er þar um að ræða minjar sem hafa horfið við jarðabætur. Er það gert til að fylla betur út í heildarmynd af búskaparháttum, en einnig má oft vænta þess að leifar þeirra mannvirkja sé að finna neðanjarðar þótt ekki sjáist lengur til þeirra.

Skráðar voru allar minjar sem tengjast gömlum atvinnuháttum til lands og sjávar, hvort sem hægt var að telja þær 100 ára eða ekki, enda er sjaldnast vitað um aldur með nokkurri vissu. Fornleifarnar voru mældar upp og teiknaðar, þeim lýst, og teknar af þeim ljósmyndir. Þá voru þær staðsettar á loftmyndum í mælikvarða 1: 10.000, og merktar irm á kort sem teiknuð voru eftir myndunum. Hnit voru tekin á bæjarstæðum í Sandvík sumarið 1995, en annars var staðsetningartæki ekki notuð við skráninguna, eins og nú er almennt gert við fornleifaskráningu.

Fornleifaskrá Norðfjarðar er geymd á tölvugrunni hjá Safnastofnun Austurlands, sem og ljósmyndir og frumgögn öll. Við gerð fornleifaskýrslu þeirrar sem hér birtíst er tekið mið af skráningarskýrslum Fornleifastofnunar Íslands, meðal annars frá Hjaltastaðaþinghá (Fornleifastofnun Íslands, 1996), en hjá Fornleifastofnun hefur verið unnið að þróun skráningarkerfis í nokkur ár.

[1] Fornleifastofnun Íslands, Minjasafnið á Akureyri: Fornleifar á Akureyri, stefna um friðun, rannsóknir og kynningu, 1997.

## 2:4. Um fornleifaskrána

Hér á eftir fer skrá yfir fornleifar og er raðað eftir landareignum. Í númerum eru fyrst bókstafirnir SM sem tákna Suður-Múlasýsla, næsti liður er tala sem táknar landareign, sú tala er fengin úr Jarðatali Johnsens. Ef um nýbýli er að ræða eða sérstakt minjasvæði annað en landareign er bókstaf (a-b-c-) bætt við töluna. Síðasti liður númersins er þriggja stafa hlaupandi tala fyrir hverja fornleif. Með "heimild um" er átt við að heimildir bendi til að mannvirki hafi einhvern tíma fyrirfundist, þótt ekki sjái til þess lengur.

Alls voru skráðar minjar á 518 stöðum í Norðfirði, þar af voru sýnilegar minjar á 375 stöðum, en heimildir teljast vera til um hina 143 staðina. Flestar minjar á bújörð voru skráðar í Seldal, 37, en fæstar í Efri-Skálateigi, 6, en þess er þá að geta að Skálateigsjörðinni hefur verið skipt og er Efri-Skálateigur aðeins heimajörðin.

Alls voru skráð 63 gömul bæjarstaæði, þar með talin afbýli og býli við sjó (þurrabúðir). Eitt torfhús í Norðfirði er uppistandandi, það er skemma í Grænanesi. Stærsti minjaflokkurinn tengist fjárbúskap, það eru útihús, alls 170 talsins. Af þeim eru fjárhús 59, hesthús 9, fjós 4 og hlöður aðeins 2, en um hlutverk 96 útihúsatótta var ekki hægt að ákvarða. Fjós voru í raun fleiri en fjögur, en oft hluti af bæjarstæði og fá þá ekki sérnúmer, og hlöður voru margar áfastar bæjarhúsum eða fjárhúsum og eru þá skráðar undir sama númeri. Heytóttir voru skráðar á 23 stöðum. Beitarhús á 16 stöðum, stekkir eða kvíar á 35 stöðum, en nátthagar þrír. Réttir voru skráðar 26, sauðaborgir 5, smalakofar 4.

Túngarðar voru skráðir 11, áveitugarðar á 3. stöðum og önnur garðlög á 18 stöðum, þar með taldir landamerkjagarðar, skjólgarðar og varnargarðar, hugsanlega eru einhverjir þeirra áveitur. Brunnar eða uppsprettur 8, sundlaugar fjórar. Nokkrar minjar um öflun matar úr jurtaríkinu voru skráðar, myllur 14 og matjurtagarðar á 14 stöðum, stundum skráðir margir saman undir einu númeri. Svarðargrafir voru skráðar á 10 stöðum en kolagrafir aðeins á einum, sortudý á tveim stöðum.

Verstöðvar eða einstök sjóhús voru 20 talsins og naust 10, hvalveiðistöðvar á tveim stöðum, og frosthús tvö og hákarlagrafir eru á tveim stöðum, á Barðsnesi og í Sandvík. Meint bænhús eða hálfkirkjur voru skráðar á fjórum stöðum og grafreitir á fjórum, kuml eða dysjar eru 5 og einn fornhaugur. Völvuleiði voru þrjú en aðrir þjóðsögu- eða þjóðtrúarstaðir aðeins 7. Það helgast af því að fyrst og fremst var leitað að stöðum sem mannverk voru á, og er því Fornleifaskrá Norðfjarðar ekki tæmandi heimild um þjóðsögu- þjóðtrúar- eða sögustaði.

.

## 4:1 Elstu heimildir um byggð í Norðfirði

Byggð í Norðfirði skiptist í nokkur svæði vegna landfræðilegra aðstæðna, það er kaupstaðarlandið, Norðfjarðarsveit, Hellisfjörð, Viðfjörð, Suðurbæi og Sandvík. Öll svæðin hafa líklega byggst mjög snemma, eða þegar á landnámsöld.

Landnáma nefnir tvo landnámsmenn í Norðfirði, annar var Egill rauði sem bjó á Nesi. Í Droplaugarsonasögu er minnst á bæinn Nes. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar landnámsbærinn stóð, en líklegt er að það hafi verið ofan við eyrina þar sem dráttarbraut er nú. Þar hefur verið þétt byggð og mikil athafnasemi á þessarri öld, sem hefur vafalaust haft miklar afleiðingar fyrir fornar byggðaleifar í jörðu. Við allt jarðrask á þeim slóðum verður að hafa mestu gát.

Í Landnámu segir að Freysteinn fagri hafi búið á Barðsnesi. Íbúðarhúsið á Barðsnesi var byggt við gamlan torfbæ og sér raunar enn móta fyrir tóttabungu ofan við það. Árið 1937 fannst í kartöflugarði fáeina metra vestur af húsinu kambur steyptur úr bronsi, talinn vera frá lokum 12. aldar eða byrjun þeirrar 13.[1] Sennilegt er að þar sé að finna leifar fornbæjar. Utar á nesinu er Bæjarstæði sem að margra áliti er gamalt býli, þótt engar heimildir séu þar um.

Í Droplaugarsonasögu er ennfremur getið bæjanna Hofs, Miðbæjar og Fannardals. Á Hofi hafa fundist bollasteinar í jörðu, þar sem er mjög óljós forn tótt í garði fáeina metra suður af nýrra íbúðarhúsinu, og kunna að vera frekari mannvistarleifar undir grassverði heima við hús.

Í Miðbæ hefur fundist gröf með mannabeinum sem talin er vera kuml, og forn spjótsoddur sem varðveittur er heima á bænum. Síðustu 200 árin hefur landareignin skipst í tvennt og er ekki vitað hvort var upphaflega býlið, eða hvar fornbýlið muni hafa staðið.

Í Fannardal mun bærinn hafa verið byggður upp á sama stað öldum saman, síðast á fyrri hluta 20. aldar, þar sem síðasti bærinn stóð, og ætti að mega finna eldri byggingarstig hans undir sverði.

## 4:2 Varðveisla minja í Norðfirði

**Kaupstaðarlandið.**
Í heimildum er getið um nokkur afbýli frá Nesi. Það eru bæirnir Hvammur, Gvendarnes og Vík á 17. öld og Neshjáleiga og Gjögur sem fóru í eyði upp úr 1700. Bæjarstæði þessi eru ekki þekkt nú nema ef vera kynni að minjastaður undir Selhrauni væri eitt þeirra. Á hinn bóginn er vitað hvar bæirnir Bakki, Naustahvammar, Þiljuvellir og Ekra stóðu. Það er ljóst að einhverjir minjastaðir hafa farið forgörðum, eins og við er að búast. Af öðrum minjum í kaupstaðarlandinu má nefna sérstaklega beinafund á Kvíabóli, en ókunnugt er á hvaða tíma þar hefur verið greftrað.

Minjar sem varðveist hafa í kaupstaðnum eru annars flestar frá því um og eftir síðustu aldamót. Það eru einkum matjurtagarðar og kofatóttir á dálitlu belti ofan við bæinn, og sundlaug þar einnig, sem og svarðargrafir og áheldi ýmisskonar í Haganum. Bryggjur og naust meðfram allrí strandlengjunni settu mikinn svip á staðinn fyrr á öldinni, en hafa algerlega horfið á síðustu áratugum. Fornleifum í bænum, eða því sem eftir er af þeim, stafar

[1] Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson: Kirkjukambur úr bronsi, Gersemar og þarfaþing 1994, ritstj. Árni Björnsson.

nú helst hætta af frekari byggingafiamkvæmdun eða mannvirkjagerð. Brytaskálar yst í Haganum eru í mikilli röskunarhætta vegna hruns úr björgum.

**Sveitin.**
Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum i Norðfirði. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í löngum ræmum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum húsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Búnaðarfélag var stofnað í Norðfirði 1911 og árið eftir voru komin í sveitina hestaplógur og herfi. Með þeim tækjum var nýtt land brotið til ræktunar. Dráttarvél með jarðvinnslutækjum kom til Norðfjarðar 1931, og um og upp úr 1945 komu skurðgrafa og jarðýta. Eftir það hófst framræsla með skurðum í stórum stíl, og tún stækkuðu verulega. Flest gömul tún hafa einnig verið sléttuð að nýju til, og gamlir framræsluskurðir dýpkaðir.

Hér er vert að benda á fágætar minjar um jarðabætur frá því fyrir vélaöld. Í Skuggahlíð hefur varðveist gamall túnblettur í halla fyrir utan bæinn, og má sjá að grjót hefur verið borið af blettinum í hrúgur. Þar á bæ er einnig handgrafinn skurður, sem ekki hefur verið unnið á með vélum. Á Barðsnesi eru "Dórusléttur", beðasléttur niður af þeim stað þar sem bær Halldóru Davíðsdóttur og Sigurðar Þorleifssonar stóð.

Fáar fornleifar fundust á bæjunum í miðri Norðfjarðarsveit. Svo til hver einasti nýtanlegur blettur í Norðfjarðarsveit hefur verið ræktaður í seinni tíð. Þeim fáu minjum sem eftir standa eða kunna að finnast undir sverði er hætta búin vegna umsvifa sem fylgja ábúð, sumsstaðar er röskunarhætta vegna hestagöngu.

Öðru vísi háttar til þar sem byggð lagðist af áður en búskaparhættir náðu að breytast til muna til nútímahorfs. Það á við um Hellisfjörð, Barðsnesið að miklum hluta, og Sandvík, þar sem fornleifar standa með ágætum.

Um innanverða Norðfjarðarsveit, í Seldal, Hellisfirði og Viðfirði er birki- og víðikjarr í miklum uppvexti og er hætt við að minjar færist smám saman í kaf. Sumarbústaðabyggð er að myndast á nokkrum stöðum og færist vafalaust í aukana. Slíkri byggð fylgir jarðrask og iðulega skógrækt, og ber þá að hafa í huga að skógrækt er ekki æskileg í næsta nágrenni við fornar tóttir.

Út með sjó eru fornleifar sumsstaðar í hættu vegna hruns, eða vegna ágangs sjávar og vatna. Annars má segja að í heild sé fornleifum í Norðfirði ekki bráð hætta búin af völdum náttúruafla.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu minjaflokkum. Um leið verða nefndir þeir staðir sem álitnir eru hafa sérstaklega mikið minjagildi, annaðhvort til rannsókna eða kynningar, nema hvort tveggja sé. Margir staðanna verðskulda að vera merktir og gerðir aðgengilegir.

## 4.3. Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Í Norðfirði eru nokkrir bæjarhólar sem ættu að hafa mikið gildi til fornleifa-

rannsókna. Einn slíkur er á Ásmundarstöðum. Það var að vonum að menn færu að velta fyrir sér bæjarstæði í miðri sveit sem litlar eða engar heimildir voru um. Árið 1931 var að undirlagi þjóðminjavarðar gerð könnunarhola í meinta kirkjutótt á Ásmundarstöðum, og fundust búsetuminjar, svo sem aska, viðarkol, hlóðir, bein, ryðmolar og fleira. Frá þessu er lauslega sagt í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1930-31. Í Árbók 1949-50 er samantekt Kristjáns Eldjárns yfir alla muni eða brot úr klébergi, sem fundist hafa hér á landi. Þar er getið um brot úr klébergsgrýtu frá Ásmundarstöðum. Kristján telur að klébergsfundi megi taka sem vísbendingu um forna byggð, frá 9-11 öld, þó með þeim fyrirvara að klébergsmunir kunni að hafa enst fram á miðaldir, og brot úr þeim verið viðloðandi bústaði lengi. Árið 1931 gerði Eiríkur Sigurðsson skólastjóri og fræðimaður uppdrátt af tóttum á Ásmundarstöðum, litlu eftir að könnunarskurðurinn var grafinn. Á Safnastofnun Austurlands eru til tveir uppdrættir, annar frá 1976 og hinn frá 1988. Það er sá síðastaefndi sem birtist í fornleifaskránni. Tóttir á Ásmundarstöðum voru teknar á friðlýsingarskrá árið 1979. Æskilegt er að Ásmundarstöðum verði haldið við og gróðri haldið þar í skefjum. Þá þyrfti að gera nákvæma uppmælingu af staðnum.

Áður er getið bæjarstæðis í Fannardal þar sem byggt hefur verið frá örófi alda án þess að stórvirk tæki hafi verið notuð. Þar stendur jafnvel síðasta íbúðarhúsið uppi og væri hægt að endurbyggja það ef brugðist væri við fljótt.

Í Hellisfirði er myndarlegur bæjarhóll frá fornu fari, einnig ósnertur af vélum. Hellisfjörður er mjög gömul jörð og var í byggð öldum saman.

Um Bæjarstæði á Barðsnesi er í raun ekkert vitað. Eins og þar háttar til er ekki ólíklegt að þar hafi verið búið, og stærstu húsatóttirnar virðast byggðar upp á eldri húsum. Því verður að telja Bæjarstæði með þeim stöðum sem vænlegastir væru til rannsóknar. Áður var getið um fornt bæjarstæði heima við hús á Barðsnesi, einnig mjög áhugaverður minjastaður með tilliti til rannsókna.

Stór bæjarhóll er í Mið-Sandvík. Þar sést vel grunnur síðasta íbúðarhússins og matjurtagarðs, en gamlar tóttaleifar að bæjarbaki. Handan við hlaðið er annar hóll, einnig myndaður af byggingum, en þar hafa ekki staðið hús í manna minnum. Mið-Sandvík er talið landnámsbýli og er líklegt að bæjarhóllinn gæti gefið miklar upplýsingar ef rannsakaður yrði.

Af smábýlum má nefna Stóragerði og Sólheima, afbýli frá Skorrastað, hið fyrra í byggð árið 1762, hitt aðeins nefnt í munnmælasöga frá 19. öld. Á báðum stöðunum hafa tóttir verið sléttaðar út en staðsetning þeirra er nokkurnveginn kunn. Eins er ástatt um Loftsgerði afbýli frá Skálateigi, sem sagt er í eyði 1776. Má ímynda sér að hægt væri að finna leifar þessarra afbýla ef slíkt væri talið leitarinnar virði, svo sem í því skyni að rannsaka húsagerð.

Loks eru tveir staðir enn, Þorljótsstaðir og Fífustaðir í Sandvík, sem sagðir eru í eyði 1776. Á báðum stöðum eru hólmyndanir þótt ekki séu stórar, og eru líkur á að bæjarstæði þessi séu óskert.

Nokkur bæjarstæði í Norðfirði henta sérstaklega vel til kynningar vegna þess hve vel húsaskipan er varðveitt. Það eru leifar torfbæja eins og í Fannardal og á Tandrastöðum. Á Tandrastöðum sést ljóslifandi sá húsakostur sem alþýðan bjó við. Á Búlandsborg eru minjar um nokkuð aðra húsaskipan, og þar er í raun varðveitt mannvistarlandslag með öllu, bæjarstæði, útihúsum, túngarði, ótal heytóttum, matjurtagörðum, myllu og sjóhúsi, allt ósnert af vélum og auðvelt að skoða.

Í Hellisfjarðarseli og á Klifi í Viðfirði eru mjög glöggir bæjarhólar þar sem vel má sjá herbergjaskipan. Um öll bæjarstæðin í Sandvík má segja að þau eru mjög skoðunarverð ásamt með útihúsatóttum, túngörðum og öðru. tilheyrandi. Loks skal getið tótta smábýlisins Stóru-Grófar í landi Hofs, sem er mjög vel varðveitt dæmi um búskap í smáum stíl, sem stundaður var skamman tíma.

Í Barðsnesholti var búskapur einnig í litlum mæli, og hálfur á sjó eins og sjá má af sjóhústótt sem tilheyrir bæjarstæðmu.

## 4:4. Aðrir minjaflokkar

Stærsti minjaflokkurinn í Norðfirði eru útihús og jafnframt sá sem verst hefur orðið úti vegnajarðvinnslu. Fram undir aldamót voru útihús höfð dreifð um túnin, en þegar örnefna-skrár Norðfjarðar voru teknar saman um 1930 var þeim farið að fækka, en eftir stóðu nöfnin í túni, svo sem Hesthústeigur eða Lambhúshóll, svo dæmi séu tekin. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur, og ekki verður hér reynt að flokka þau eftir gerðum. Dæmi um algenga gerð af fjárhúsi, sem auðvelt er að skoða, er á Kirkjubóli (no. SM 99:012). Skoðunarverðar fjárhústóttir eru á Ekrunni á Hólum og á Stekk í Fannardal. Prestatótt í landi Skorrastaðar sunnan Norðfjarðarár er sérlega glögg tótt sauðahúss.

Af sérlega vel varðveittum beitarhúsatóttum má benda á Geithús á Oddsdal , sem ástæða væri til að merkja, og húsatóttir út með Búlandinu (SM 93h:031 og 032). Tóttir undir Sellirauni utan við kaupstaðinn líkjast beitarhúsum að gerð, þær sem nú sjást á yfirborði. Þar uppi í brekku er litill smalakofi.

Þá eru fallegar, uppgrónar sauðahúsatóttir frá Hólum og Fannardal sunnan Norðfjarðarár. Enn má nefna gloggar beitarhúsatóttir í Sandvík (SM 110:011).

Nátthagi er í Seldal sunnan Selár, mjög greinilegur, og húsatættur innan hans. Annar er í Grænanesi, og þar er skoðunarverð hringlaga fjárborg, virðist sú eina sinnar tegundar í Norðfirði sem eftir stendur. Þriðji nátthaginn er í Sandvík, mjög vel varðveittur, nálægt björgunarskýlinu (SM 113:014). Nátthagar eru frá þeim tíma þegar fráfærur voru enn stundaðar í stórum stíl. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru þá höfð í lítilli kró yfir nóttina, en sleppt á daginn. Innan nátthaganna, eða í næsta nágrenni, voru stekkir, öðru nafni kvíar eða stöðlar, þar sem ærnar vom mjólkaðar.

Stekkjartótt sem auðvelt er að komast að er í Skuggahlíð (SM-95:009) og stekkir eru á Barðsnesi innan við Maríuver (SM 108:029) og innan við Duggarabás (SM 108:032). Þórður Sveinson þekkti ekki til þeirra stekkja, svo vafalaust er langt síðan þeir voru í notkun. Grjótkvíar eru í Hellisfirði (SM 104:018). Stekkir eru til marks um að fé hefur verið haldið til beitar víðast hvar þar sem þess var nokkur kostur. Þeir eru oftast staðsettir nokkuð frá bæjum. Fráfærur lögðust af á flestum bæjum í Norðfirði á fyrstu tveim áratugum aldarinnar.

Réttir eru nokkrar í Haganum utan við kaupstaðinn, flestar litlar, en myndarlegar fjárréttir eru í Staðarhálsi (SM-93:010) og sunnan Norðfjarðarár gegnt Fannardal (SM-96:012), einnig á Kvíabóli heima við hús í Grænanesi.

Garðlög af ýmsu tagi eru best varðveitt í eyðijörðunum og Sandvík, og á Bæjarstæði á Barðsnesi er túngarður mjög glöggur. Túngarðar í Norðfjarðarsveit hafa flestir verið sléttaðir, en eftir standa túngarðabrot á Hólum og í Fannardal. Um Ásmundarstaði er gamall túngarður að hluta til.

Heytóttir er ákjósanlegt að skoða í Seldal eða á Búlandsborg, þar sem þær eru innan túns eða í næsta nágrenni. Mikill fjöldi heytótta bendir til þess að hver blettur hafi verið sleginn, einkanlega í hörðum árum. Jörðin Miðhjáleiga í Sandvík hefur verið notuð til slægna frá öðrum bæjum, eftir að hún lagðist í eyði. Þar er urmull óreglulegra tótta upp um allt fjall, sem áreiðanlega eru flestar heytóttir.

Fallegur, grjóthlaðinn brunnur er í Grænanesi, og myllutóttir á Búlandsborg (SM-93h:020) og í Sandvík (SM 1 l0d:008), en myllur annars flestar horfnar í Norðfirði og engin verulega glögg. Myllur voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum.

Talið er að 5 bænhús hafi verið í Skorrastaðarsókn, eitt var í Sandvík og annað á Barðsnesi, en hin talin hafa verið í Fannardal, á Nesi og ef til vill á Kirkjubóli eða í Viðfiði, en hálflkirkja var í Hellisfirði. Í Fornleifaskrá Norðfjarðar eru eftirfarandi staðir skráðir sem bænhús- eða kirkjutóttir.

Í Miðhjáleigu í Sandvík er smátótt (SM 110d:006) og garðbrot skráð sem hugsanlegt bænhús eða hálfkirkja með tilheyrandi garði. Er það byggt á þeim munnmælum, að bænhúsið hafi verið í Miðhjáleigu, og því, að staðurinn virðist ákjósanlegur, þurrlendur, og í miðri sveit. Annar líklegur staður fyrir bænhús er landnámsbýlið, Mið-Sandvík. Beinafundir hafa ekki orðið í Sandvík til að styðja tilgátuna um bænhús og grafreit.

Á Barðsnesi er tótt sem talin er vera bænhústótt (SM 108:020), nú merkt með krossi sem Þórður Sveinsson kom þar fyrir. Heimildir eru um bænhús á Barðsnesi, og bronskambur sá sem fannst á fornu bæjarstæði styður það enn. Kamburinn er talinn vera svokallaður kirkjukambur, notaður við undirbúning að messu.

Bæjarhóllinn í Hellisfirði (SM 104:003) kann að geyma leifar kirkjunnar sem þar var, en ekki er hægt að benda á eina tótt öðrum fremur. grafreitur er talinn vera no. SM 104:011, af útliti að dæma, en þar hafa einnig fundist mannabein við jarðrask.

Tilgáta er um að kirkjustaður hafi verið á Ásmundarstöðum (SM 99b:001) og styðst við þjóðsögur. Efsta tóttin á Ásmundarstöðum er nokkuð sérkennileg í laginu, bunga eða upphækkun og garður umhverfis, og er talin vera kirkjutótt. Könnunarhola sem grafin var í tóttina 1931 bendir til þess að um bústað hafi verið að ræða. Almennt er þó talið að kirkjustaður hafi verið á Ásmundarstöðum, og verður ekki úr því skorið öðru vísi en með frekari athugunum.

Verstöðvar eru aðallega á þrem stöðum i Norðfirði. Á Brytaskálum i Haganum eru tóttir þriggja mannvirkja, þar af hafa tvö verið hús, en óvíst er um það þriðja. Ytra húsið virðist eldra og er það að nokkru leyti hrunið fyrir björg, en þó má sjá að í því hafa verið fjórar smáar vistarverur og inngangar sjávarmegin. Af því má ætla að talsvert hafi hrunið úr bjargbrúninni frá því að húsið var í notkun. Heimildir eru um sjósjókn frá Brytaskálum á fyrri hluta 19. aldar, en hvorki fyrr né síðar. Tóttirnar eru í verulegri hættu vegna grjóthruns og

væri æskilegt að kanna aldur þeirra með rannsókn meðan fært er.

Sjóbúðir og naust eru út með Búlandinu niður af bæjarstæðinu á Búlandsborg. Þar er skráð eitt bæjarstæði eða þurrabúð, Í Króki, en munnmæli eru um að þar hafi verið búið. Litlu utar eru tóttir tveggja eða þriggja sjóbúða sem bændur í Norðfirði áttu í sameiningu, og nokkur naust, mismunandi að gerð. Auðvelt er að komast að staðnum til að skoða, og tóttirnar eru vel glöggar.

Nokkuð annars eðlis er útgerðarstaðurinn á Skálum í Sandvík, að því leyti að þaðan gerðu aðkomumenn út, auk þess sem Sandvíkurbændur áttu þar verbúðir. Sjóbúðirnar hafa verið byggðar úr timbri að miklu eða öllu leyti, en eftir standa grjóthlaðnir og steinsteyptir grunnar, kenndir við ákveðna útgerðamenn eða fyrirtæki. Tóttirnar standa í bratta og er hætta búin vegna hruns.

Merkileg frosthústótt er í Bergárgili á Barðsnesi, frá því um aldamót (SM108:014). Húsið virðist vera byggt úr torfi og veggir eru þykkir, eða allt að tveggja metra. Snjór getur setið lengi fram eftir sumri í gilinu og hefur staðurinn því verið hentugur. Frosthús af þessu tagi voru byggð á nokkrum stöðum á Austfjörðum um síðustu alda.mót og voru einkum notuð til að frysta beitu.

## Heimildaskrá

Eyþór Þórðarson: Örnefni í Norðfjarðarhreppi, skráð 1931
Guðmundur Ólafsson: Rannsóknarskýrsla frá 28. apríl 1982, óbirt (Þjóðminjasafn Íslands)
Guðmundur Magnússon: Örnefnalýsing Samdvíkur, Barðsnesslands, Gerðis- og Gerðisstekkslands, Stuðlalands, Viðfjarðar sunnan að Viðfjarðará, Norðfjarðarnípu að Auralaek og Neskaupstaðar (Örnefnastofnun).
Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði (handrit)
Sami: Norðfjarðarbók (handrit)
Sami: Grein í Sjómannadagsblaði Neskaupstaðar 1992
Halldór Stefánsson: Eyðibýlaskrá, Múlaþing V
Jarðatal Johnsens 1847
Jón Árnason: Íslenskar þjóðsögur og aevintýri III b. bls. 555-558
Ólafur Olavius: Eyðibýlaskrá fyrir Skorrastaðarsókn frá árinu 1776
Manntöl 1703-1890 (ljósrit frá Hálfdani Haraldssyni)
Marteinn Magnússon: Frá æskuslóðum, 1962
Sigfús Sigfússon: Íslenskar þjóðsögur og sagnir II b. bls. 88-90
Smári Geirsson: Grein í Sjómannadagsblaði Neskaupstaðar 1985
Stefán Þorleifsson: Grein í Sjómannadagsblaði Neskaupstaðar 1994
Sveitir og jarðir í Múlaþingi
Ögmundur Helgason: Ágrip af sögu Norðfjarðarhrepps til 1895, 1983 (handrit)
Sami: Upphaf Nesþorps í Norðfirði 1878-1895 (handrit)
Ömefnaskrá Seldals viðbætur frá 1989, Grænaness viðbætur frá 1993 og Sandvíkur endurskoðuð 1991 (Örnefnastofnun).

## Heimildamenn:

Geir Hólm,
Guðmundur Sveinsson,
Hálfdan Haraldsson,
Herdís V. Guðjónsdóttir,
Ína Gísladóttir,
Jóhann Zoega,
Jón Davíðsson,
Jón Þór Aðalsteinsson,
Júlíus Þórðarson,
Sigfríð Sigfinnsdóttir,
Smári Geirsson,
Snorri Jónsson,
Stefán Þorleifsson,
Sveinbjörn Guðmundsson,
Þórður Júlíusson,
Þórður Sveinsson,
Þorgeir Þórarinsson.

# Norðfjörður

## Nes SM-85

Í Landnámu segir að landnámsmaðurinn Egill rauði hafi búið á Nesi út. Talið er að á nesinu hafi landnámsbærinn staðið. Einnig er talið að þar hafi verið bænhús. Nes var aðalbýlið í landi því sem Neskaupstaður byggðist síðar í. Nes var að fornu mati 30 hdr., en það var metið 29.5 hdr árið 1861. Á síðari tímum var Nes tvíbýlisjörð og stóðu þar tveir bæir svonefndir Útbær og Frambær. Afbýli voru nokkur frá Nesjörðinni. Neshjáleigu er fyrst getið 1681 og þá sögð 5 hdr úr heimajörðinni en 1710-11 var hún komin í eyði. Gjögur er nefnt eyðibýli í Ferðabók Olaviusar frá 1776 og sagt fara í eyði 1716. Ekki er vitað hvar þessi tvö býli stóðu. Önnur afbýli voru: Bakki, 4 hdr að fornu mati og Naustahvammar eða Naustahvammur, 6 hdr að fornu mati. Hvorug þessara jarða var metin sérstaklega 1861. Í Stríðshjálparreikningi Danakonungs frá 1681 eru nefnd býlin Hvammur, Gvendarnes eða Vík og þar sögð ystu býlin í Norðfirði. Ekkert er frekar vitað um þessi býli. Yngri afbýli voru: Þiljuvellir, byggðust 1851 og Ekra, byggðist 1854. Árið 1878 byggðist svo Nesstekkur, fyrsta þurrabúð í Neslandi. Þá má telja að saga Nesþorps hafi hafist.

Heimildir: Guðmundur Sveinsson munnl. uppl., Ögmundur Helgason 1983, bls 12, Sveitir og jarðir III, bls 7, Örnefni í Neskaupstað, bls 8, Manntöl 1703-1890, Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði, handrit

**SM-85:001 heimild um bæjarstæði**

Nes stóð á eyrinni þar sem slippurinn/ dráttarbrautin er nú. Engin merki eru lengur um býlið en ástæða er til að fylgjast vel með öllu jarðraski á þessu svæði.

Hættumat: mikil hætta af völdum rasks

Heimildir: Ögmundur Helgason 1983, bls 12, Sveitir og jarðir III, bls 7

## Þiljuvellir SM-85b

Þiljuvellir byggðust um 1851 og voru afbýli frá Nesi.

Heimildir: Ögmundur Helgason 1983, bls 12,

**SM-85b:001 bæjarstæði**

Bæjarstæðið er um 50-60 m. upp af Blómsturvöllum 43, ca. 20 m. austan við læk (Kvíabólslæk). Mjög ógreinileg þúst í kafgresi og hvönn, lengd 7-8 m. breidd 4. m. snýr a-v. Hefur e.t.v. verið matjurtagarður síðar. Til þess benda sviðnir girðingarstaurar. Úr Örnefnaskrá: “Fyrir innan og ofan Kvíaból upp í brekkunum eða þar sem nú er hlaða Jóns Sigfússonar, heita Þiljuvellir. Þar stóð einhver fyrsti bærinn hér fyrir utan Bakka, Nes (útbær og frambær), og Ekru (Út-Ekru og Fram-Ekru)”.

Hættumat: hætta af völdum rasks

Heimildir: Guðmundur Sveinsson og Snorri Jónsson munnl.uppl. Örnefni í Neskaupstað, bls 11

## Neskaupstaður SM-85c

„Jörðinni Nesi í Norðfirði ásamt hjáleigunum Bakka og Naustahvammi og Nesþorpi, sem var þáverandi nafn þéttbýlisins við ströndina, var skipt úr Norðfjarðarhreppi árið 1913. Hreppamörk við Naustalæk. Árið 1929 fékk hreppurinn kaupstaðarréttindi og heitir Neskaupstaður síðan” segir í Sveitum og jörðum. Minjarnar sem eru skráðar hér á eftir eru allar í Neskaupstaðarlandinu og hafa því talist til hinnar fornu Nesjarðar.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 6

**SM-85c:001 heimild um bæ**

Uppi á Nípukolli. „Svo kallast fjallseggin upp af fláunum. Þar fer egginni að halla dálítið að sjó. Þarna uppi á Nípukollinum eru grasfletir og á þeim gamalt tóftarbrot og uppsprettulind rétt við tóftina. Sagt er að þegar að Svarti dauði geisaði hér, hafi maður nokkur sem bjó hér á Nesi, flúið með fjölskyldu sína upp á Nípukoll og byggt sér þarna kofa og búið í honum þar til veikin var búin, Því Svarti dauði átti ekki að komast svo hátt" segir í örnefnalýsingu.Tóttir þessar voru ekki skoðaðar við skráningu 1994.

Heimild: Örnefni í Neskaupstað, bls 5

**SM-85c:002 „Brytaskálar"/ „Bretaskálar" - verstöð**




Tóttirnar eru staðsettar yst í Haga fyrir utan bæinn. Fjaran neðan tóttanna er í Örnefnaskrá kölluð Brytaskálafjara.

Vestasta húsið: snýr a-v inngangur sést ekki. Lengd mest um 13.5 m. og breidd mest um 9.5 m. að utan. Herbergjaskipan sést óglöggt, þó virðist vera einn milliveggur og tvö herbergi. Fremra herbergið gæti verið 5 x 4 m. að innanmáli, það ytra um 2 m. á kant með bogadregnum gaflvegg. Stór flatur jarðfastur steinn er rétt utan við austurvegg hússins.

Ytra húsið á sjávarbakkanum: Utanmál er mest 11x7.5 m. Að nokkru leyti hrunið fyrir bakkann. Inngangur gæti hafa verið vestan megin. Herbergjaskipan sést óglöggt en gæti hafa verið 4 hólf. Erfitt er að sjá veggjaþykkt.

Lengra frá bjargbrún: Mannaverk út frá jarðföstum steini. Sporöskjulaga hólf, innmál 3.5x2.5 m. Annað minna hólf upp við steininn. Auk þess er þarna þýfi sem bendir til mannvirkja en ekkert veggjalag sést. Ástæða er til að merkja tóttirnar vegna staðsetningar þeirra í fólkvangi bæjarins.

Hættumat: mikil hætta stafar af hruni þar sem að tóttirnar liggja framarlega á bjargbrún.

Heimildir: Smári Geirsson: Sjómannadagsblað Nesk. 1985, Örnefni í Neskaupstað, bls 5

**SM-85c:003 svarðargrafir og tóttir**

Í Haganum, útivistarsvæði bæjarins. Svarðargrafir, heytóttir, rétt, jafnvel kofatóttir. Liggja út með Haganum. Þar var fé haldið til beitar og svörður tekinn. Hentar vel að merkja sumar minjarnar þar sem þær eru í skipulögðu útivistarlandi.

Hættumat: lítil hætta

**SM-85c:004 beitarhús/sel**

Utan við bæinn, undir Selhrauni. Löng tótt með nokkrum milliveggjum. Snýr n-s með inngangi í s. Heildarlengd að utan er um 26 m. breidd mest um 9 m. Sex herbergi kunna að hafa verið í rústinni. Syðsta herbergið er ferkantað, um 3.5 m. á kant. Hin herbergin eru miklu minni og eru líklega merki um að hús hafi verið marg endurbyggð í ýmsum stærðum. Það sem líklega var byggt síðast er kofi, um 3x2 m. að innanmáli. Utan við tóttina er mikið þýfi og út frá því garðbrot sem stefnir til suðurs. Líklega útihús en gæti hafa verið býli einhvern tíma. Neshjáleiga er nefnd 1681, í eyði 1711. Ekki er kunnugt um staðsetningu hjáleigunnar. Gjögur er nefnt 1776, eyðibýli. Ekki er vitað hvar það var. Má vera að tóttin undir Selhrauni sé annað hvort afbýlanna frá Nesi. Þar sem staðurinn liggur í útivistarlandi bæjarins þá myndi henta vel að vekja athygli á tóttunum með merki.




Hættumat: lítil hætta

Heimildir: Smári Geirsson munnl uppl., Örnefni í Neskaupstað, bls 6-7, Ögmundur Helgason 1983, bls 12

**SM-85c:005 kofatótt**




Utan við bæinn undir Selhrauni, uppi undir klettunum. Lítill (smala?) kofi. Innmál 3.5 x 2.3 m. Veggjaþykkt ca. 0.6 m. Snýr s-n með inngang á vesturhlið við s-gafl. Steinar sitt hvoru megin við inngang. Rétt utan við er hlaðið upp milli tveggja jarðfastra steina, ein steinaröð, líklega ummerki um dægradvöl.

Hættumat: lítil hætta

**SM-85c:006 heytótt**

Fyrir ofan Selhraun utan við bæinn. Aflöng tótt, snýr n-s með inngang í s. Innmál 2.3 x 1.2 m. Veggjaþykkt 0.4 - 0.5 m. Bakveggur er bogadreginn.




Hættumat: lítil hætta

**SM-85c:007 rétt**




Utan við bæinn undir Selhrauni. Um 40 m. utar en fjárhústóttin no. 85c:004. Hringlaga hólf, óreglulegt, þvermál 6-9 m. að innanmáli. Inngangur að sunnan. Stór jarðfastur steinn, ca. 2. m. á breidd, fyrir miðjum bakvegg. Veggjaþykkt kringum 1.m. Við suðurenda gegnt inngangi (2. m. á milli) er hústótt, þrískipt, lengd að innan um 9.5 m. Snýr n-s, inngangur til suðurs. Þykkt útveggja er 1-2 m., eystri langveggur er þykkastur. Virðist geta verið

frá sama tíma og fjárhústóttin undir Selhrauni. Líklega rétt og stekkur/fjárhús. Ástæða væri til að athuga tóttirnar nánar. Staðurinn er á leið þeirri sem liggur út í útivistarland Neskaupstaðar og myndi henta vel að merkja hann.

Hættumat: lítil hætta

Heimild: Smári Geirsson: munnl. uppl.

**SM-85c:008 sundlaug**

Fyrir ofan bæinn nálægt Hjallaskógi. Í lækjarfarvegi. Bakkar lækjarins mynda hliðarveggi, en hlaðið er fyrir farveginn að ofan og neðanverðu. Innmál ca. 16.5 x 13.2 m. Snýr upp og niður eins og farvegurinn. Um 20 m. ofar er hlaðið fyrir lækjardragið, lágur veggur, nú ca. 0.4 m hár, 8 m. langur út og fram og 6 m. langur upp og niður.




Hættumat: lítil hætta en varast ber að gróðursetja tré of nálægt sundlauginni.

Heimild: Guðmundur Sveinsson munnl. uppl.

**SM-85c:009 brú**

Rétt utan við tótt Þiljuvalla, við Kvíabólslæk. Undirstöður undir brú á eystri bakka lækjarins, vel hlaðinn kantur úr grjóti og torfi, mannhæðarhár. Á vestri bakka lækjarins er stór steinn og þar liggja timburleifar úr brúnni. Brúna gerði Sigfús Sveinsson líklega 1915-1920.

Hættumat: lítil hætta

Heimildir: Guðmundur Sveinsson og Snorri Jónsson: munnl. uppl.

**SM-85c:010 grjótgarðar**

Upp af Blómsturvöllum, við læk milli Blómsturvalla 27 og 29. Grjótröð meðfram læknum á 20-30 m.kafla. Grjótveggir í dokk við lækinn, lengd 1.5 m. breidd um 0.6 m. Líklega ummerki um leiki barna.

Hættumat: lítil hætta

**SM-85c:011 „Mangatættur”- fjárhústótt**

Ofan við bæinn, vestan við steyptan vatnstank við gil nokkurt. Við hlið jarðfasts steins Ferköntuð hústótt, 4 x 5 m. að utanmáli. Snýr n-s. Inngangur sést ekki

Hættumat: hætta vegna rasks

**SM-85c:012 „Ekra”-frásögn um tóttir**

Ofan og utan við núverandi Ekruhús. Tóttir, mjög grónar. Var ekki skoðað.

Heimild: Guðmundur Sveinsson munnl. uppl.

**SM-85c:013 „Stekkanes”- heimild um stekk**

Niður af lystigarði og sundlaug, þar sem miðbærinn er. Þarna voru stekkur og hús sem nú eru komin undir nýja byggð. Ögmundur Helgason segir í Ágripi af sögu Norðfjarðarhrepps að þar hafi Nesstekkur byggst 1878, fyrsta þurrabúðin í Neslandi. Í Örnefnaskrá segir að þar hafi Jón Davíðsson byggt hús um 1869. Seinna stóð þar hús Eyþórs Þórðarsonar kennara.

Heimildir: Ögmundur Helgason 1983, 12, Örnefni í Neskaupstað, bls 10

**SM-85c:014 „Franskimelur”- grafreitur**

Við húsið Miðgarð 20. Húsið er byggt á grafreitnum. Nokkuð hár melur, ofan á honum stendur húsið. Þarna er franskur grafreitur og hafa komið upp mannabein. Grafreiturinn er ekki í bráðri hættu nema ef til nýbygginga kemur.

Heimildir: Guðmundur Sveinsson og Guðný Zoëga: munnl. uppl.

**SM-85c:015 „Kvíaból”- heimild um kvíar**

Í grasdokk vestan við Kvíabólslæk., milli lækjarins og gamla kirkjugarðsins. Þarna mun hafa verið stíað frá Nesi, Bakka eða Ekru. Á Kvíabóli var torfbær 1891 og reis eitt fyrsta íbúðarhús bæjarins. Jóhann Zoëga segir að mannabein hafi fundist á Kvíabóli.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimildir: Jóhann Zoëga: munnl. uppl , Örnefni í Neskaupstað, bls 10, Ögmundur Helgason 1983, Guðmundur Magnússon: Örnefni í Neskaupstað .

**SM-85c:016 kirkjugarður**

„Vestan við Kvíaból kemur lágur, en breiður grashryggur. Á honum er gamli kirkjugarðurinn og sést lítið eftir af honum, því langt er síðan að hann var notaður” segir í örnefnalýsingu. Gamall sóknarkirkjugarður. Kirkjan var flutt frá Skorrastað að Nesi 1896.

Heimild: Örnefni í Neskaupstað , bls 10

**SM-85c:017 matjurtagarðar**

Fyrir ofan efstu göturnar í Neskaupstað, Blómsturvelli og Urðarteig. Fjöldi garða, kofarústir innan um, á um 50-100 m. breiðu belti ofan við bæinn. Ummerki um lífsafkomu sem byggðist á lítilsháttar búskap og ræktun með sjósókn og annarri vinnu sem gaf af sér laun.

Hættumat: lítil hætta

**SM-85c:018 „Úlfheiðarsteinn”- heimild um huldukonustein**

„Í lyngmótunum fyrir ofan Ljósaenni framan í lynghrygg, er stór steinn líkur húsi í laginu, heitir Úlfheiðarsteinn” segir í örnefnalýsingu. Ljósaenni nær rétt inn fyrir húsið Skuld. Í steininum átti huldukona, Úlfheiður að nafni, að búa. Skuld fór í snóflóðinu 1974.

Heimildir: Örnefni í Neskaupstað, bls 15, Smári Geirsson, munnl.

**SM-85c:019 „Gamli-Stekkur”- heimild um stekk**

Í Stekkjarmýri, innan við Skjónulæk, sem rennur til sjávar rétt fyrir vestan fiskvinnslustöðina. Stekkjarmýri hét stykkið inn að gamla Naustahvammstúninu. Þarna var stekkur frá Naustahvammi.

Heimildir: Örnefni í Neskaupstað, bls 16

**SM-85c:020 „Föyensgrunnar” - hvalveiðistöð**

Kennt við Svend Foyn sem reisti þar hvalveiðistöð fyrir aldamót. Stöðin náði aldrei að starfa og voru mannvirki flutt burt. Þarna sést nú grjótröð fram í sjó, það eru undirstöður breyggju sem tilheyrði Sigfúsi Sveinssyni, en hann hafði þarna lifrarbræðslu.

Heimildir: Smári Geirsson, munnl og Guðumundur Sveinsson, munnl.

**SM-85c:021 „Kvíaból”- heimild um grafreit**

Í grasdokk vestan við Kvíabólslæk., milli lækjarins og gamla kirkjugarðsins. Jóhann Zoëga segir að mannabein hafi fundist á Kvíabóli.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimildir: Jóhann Zoëga: munnl. uppl , Örnefni í Neskaupstað, bls 10, Ögmundur Helgason 1983, Guðmundur Magnússon: Örnefni í Neskaupstað .

## Bakki SM- 86

Býlisins er fyrst getið í manntali 1703. Í manntali 1762 er býlið nefnt hjáleiga frá Nesi. Það var að fornu mati 4 hdr. úr heimajörðinni. Í manntalinu 1703 er Bakki ysta býlið í Neslandi. Samkvæmt bæjarröð í manntali 1703 á Neshjáleiga að standa innan við Bakka. Í manntali 1762 er hjáleigan Nes-Bakki nefnd og virðist hjáleigubóndinn hafa búið á Bakka en hjáleigumaður á hjáleigunni. Fornleifakönnun var gerð á vegum Þjóðminjasafnsins í apríl 1982 og komu þá í ljós rústir lítils miðaldabæjar.

Heimild: Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði, handrit, Rannsóknarskýrsla Guðmundar Ólafssonar frá 28. apríl 1982

**SM-86:001 bæjarstæði**

Við Bakkaveg, rétt utan við Bakkalæk. Sléttur hóll. Rústir lítils miðaldabæjar sem ber að varðveita. Hefur verið raskað mjög.

Hættumat: lítil hætta en tré hafa þó verið gróðursett í hólinn

Heimild: Rannsóknarskýrsla Guðmundar Ólafssonar frá 28. apríl 1982

## Naustahvammur SM-87

Naustahvammur dregur nafn sitt af fjölmörgum naustum sem stóðu í löngum röðum ofan fjörunnar milli núverandi frystihúss og Naustahvammslækjar. Þarna var útræði frá Norðfjarðarsveit langt aftur. Naustahvamms er getið sem hjáleigu í Manntali 1703. Tvíbýli var stundum í Naustahvammi fyrir aldamót.

Heimildir: Örnefni í Neskaupstað, bls 12, Ögmundur Helgason 1983, bls 12, Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 12

**SM-87:001 bæjarstæði**

Neðan við þjóðveg. Bæjarhóll, lengd ca. 20 metrar. Snýr út og fram. Hefur verið raskað með jarðýtu þegar gerður var kartöflugarður í bæjarhólnum. Afbýli frá Nesi. Í Naustahvammi var margbýlt stundum.

Hættumat: mikil hætta vegna ágangs hesta

Guðmundur Sveinsson munnl. uppl.

**SM-87:002 bæjarstæði**

Ofan við þjóðveg, vestan undir rauðmáluðum fjárhúsum sem nú standa. Þarna stóð einn bæjanna í Naustahvammi. Fór í snjóflóði 1882. Líklega eru fjárhúsin byggð ofan í bæjartóttina.

Hættumat: mikil hætta vegna ágangs hesta

Heimildir: Guðmundur Sveinsson og Þorgeir Þórarinsson: munnl.uppl.

**SM-87:003 bæjarstæði**

Um 60 m. ofan við þjóðveg, í Gamlabæjartúni. Í þessu túni stóð bær sem fór í snjóflóði 1882. Má vera að hann hafi staðið þar sem tætturnar eru. Einhverjar óljósar tættur eru þarna, e.t.v. heytættur.

Hættumat: mikil hætta vegna ágangs hesta

Heimildir: Guðmundur Sveinsson og Þorgeir Þórarinsson: munnl. uppl.

## Ormsstaðir SM-88

Í Jarðatali 1847 var jörðin eign Skorrastaðarkirkju en komst í bændaeign og sjálfsábúð 1910. Að fornu mati var jörðin 12 hdr. en 1861 var hún metin 15.7 hdr. Fyrir Manntal 1703 skiptist Ormsstaðahjáleiga, 4 hdr. út úr jörðinni. Afbýli frá Ormsstöðum hét Hóll.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 23

**SM-88:001 heimild um myllu**

Ofan við bæ (eldra íbúðarhúsið). Í Sveitum og jörðum segir að að hún sé þá enn sýnileg. Engin merki hennar fundust við skráningu 1994.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III s. 23.

**SM-88:002 „Hesthústeigur” - heimild um hesthús**

Í Örnefnaskrá Ormsstaða frá 1931 kemur fyrir örnefnið Hesthústeigur. Hann er á milli Hjáleigulækjar og Bæjarlækjar. Ekki skoðað.

Heimild: Örnefnaskrá O. 1931, bls 1

**SM-88:003 rétt**




Austan undir Réttarbarði, uppi í fjalli ofan við bæ. Nálega hálfhringur hlaðinn úr torfi og grjóti. Réttarbarðið myndar vesturvegg. Dyr upp við barðið að sunnan. Innanmál ca. 12x8.5 m.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Jón Þór Aðalsteinsson:Spurningaskrá SAL

**SM-88:004 „Draugatættur”- heimild um tóttir**

Draugatættur. Ofan við Brandsvöll sem er vestan við bæinn. Sést ekki 1994.

Heimild: Örnefnaskrá O. 1931

**SM-88:005 „Kvíaból”- heimild um kvíar**

Í Örnefnaskrá má finna örnefnið Kvíaból og var það ofan við túnið. Ekki skoðað við skráningu 1994.

Heimild: Örnefnaskrá O. 1931, bls 1

**SM-88:006 „Innri- og Ytri Svarðarmýrar”- heimild um svarðargrafir**

Upp undir Réttarbarði, ofan við bæ. Ekki skoðað 1994.

Heimild: Örnefnaskrá O. 1931, bls 1

**SM-88:007 frásögn um dys**

Í Gunnólfsskarði Norðfjarðarmegin. Grjótröð á mel, en í melnum er fíngerð möl. Ekki skoðað. Hálfdan Haraldsson hefur þetta eftir Hans Guðmundssyni, Reykjum Mjóafirði. Hann sá staðinn í tvígang.

## Ormsstaðahjáleiga SM-88b

**SM-88b:001 heimild um bæjarstæði**

Ormsstaðahjáleiga var talin sem býli 1762 og var búið þar til 1907 eða lengur. Þá var byggður Ormsstaðahjáleigustekkur (Stekkur) og lagðist þá ábúð í Hjáleigu af. Um sama land var að ræða. Þarna er nú nýbýlið Þrastalundur.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 13

## Hóll SM-88c

Hóll var afbýli frá Ormsstöðum og er hans fyrst getið í manntali 1703 en einnig í jarðabókum 1770 og 1804. Býlið var í eyði 1762, en þar var búið af og til fram yfir 1800. Benedikt Þorsteinsson prestur á Skorrastað mun hafa búið þarna 1796-1845 þar sem styttra var að róa til fiskjar frá Hóli. Býlið Hóll var nefnt eyðihjáleiga í Jarðatali Johnsens frá 1847.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 23, Hálfdan Haraldsson: munnl. uppl., Jarðatal Johnsens 1847, bls 373

**SM-88c:001 heimild um bæjarstæði/afbýlið Hól**

Stóð líklega á milli Bæjar- og Hjáleigulækjar, út (austur) af Ormsstöðum.

Heimildir: Sveitir og jarðir III, bls 23, Hálfdan Haraldsson munnl. uppl.

## Hof SM-90

Hofs er getið í Droplaugarsona sögu. Í skráðum þjóðsögum er Hof kallað fornt helgisetur heiðinna manna í Norðfirði. Hof var í bændaeign. Beitiland var lélegt til vetrarbeitar en sumarhagar fyrir stórgripi í betra lagi. Afbýli var frá Hofi er nefndist Gróf eða Grófarhóll.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 26

**SM-90:001 bæjarstæði**

„Smáhóll er rétt í hlaðvarpa neðan húss. Þar var byggð hlaða upp úr aldamótum. Komu þá upp úr grunni t.d. tveir heilir hlautbollar úr steini, snældusnúður einnig úr steini. Munir þessir fóru á Þjóðminjasafn nema brot úr hlautbolla sem enn er til á Hofi" segir í Sveitum og jörðum. Hóllinn er þarna enn.

Hættumat: lítil hætta og skyldi ekki raska við hólnum frekar.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 27, Stefán Þorleifsson munnl. uppl.

**SM-90:002 heimild um bæjarstæði**

Undir fjósi sem byggt var um miðja þessa öld. Þegar fjósið var byggt var komið niður á gömul gólf. Krákuskeljahaugur var í næst efsta gólfi, þá grjóthlaup og nokkur gólf undir. Í þessum uppgreftri voru ýmsar mannvistarleifar. Líklegt er að fjósið sé byggt á gömlu bæjarstæði. Fara ber með gát ef til frekari framkvæmda kemur.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 27

**SM-90:003 heimild um myllu**

Við bæjarlæk. Mun nú vera horfin með öllu.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 26, Stefán Þorleifsson munnl. uppl.

**SM-90:004 heimild umtorfgarð**

Við Stekk (skjólgarður við nýrækt?)

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 26, Stefán Þorleifsson munnl. upplýsingar.

**SM-90:005 heimild um grjótgarða**

Ofan við engjar fyrir ofan bæinn. Þorleifur Torfason hlóð þá. Ekki skoðaðir 1994.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 26, Stefán Þorleifsson munnl. uppl.

**SM-90:006 „Efri- og Neðri-Stekkur"- heimild um stekki**

Í Stekkjarþýfi framan við Stekkjagil.

Heimildir: Örnefnaskrá Hofs 1931, bls 3, Stefán Þorleifsson munnl. upplýsingar.

**SM-90:007 heimild um sortukeldu**

Á nesi milli Grænhylskeldu og Norðfjarðarár. Óvíst hvort sést.

Heimildir: Örnefnaskrá Hofs 1931,bls 3, Stefán Þorleifsson munnl. uppl.

**SM-90:008 Heimild um landmælingarvörðu**

Hoflaugartindur er utan Goðaborgar ofan kletta í fjallinu. Á hátindinum er varða sem hlaðin var af Birni Gunnlaugssyni, landmælinga og kortagerðamanni, á fyrri hluta 19. aldarinnar. Landmælingarmenn sem leið áttu um tindinn snemma á þessari öld endurhlóðu vörðuna, sem þá var nokkuð hrunin.

Heimildir: Hálfdan Haraldsson, munnl.

## Stóra-Gróf SM-90b

Gróf var afbýli frá Hofi. Björn Jónsson og Helga Hildibrandsdóttir bjuggu þarna 1912-1915. Þar hefur ekki verið búið fyrr eða síðar.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 26-28

**SM-90b:001 bæjarstæði/afbýli**

Í óslétttuðum móum inn við mörk við Efri-Miðbæ, um 100 m. ofan við þjóðveg rétt utan við Grófarlæk. Þarna eru tóttir þriggja húsa og kartöflugarðs. Íbúðarhústóttin er 4x3 m. að innanmáli og var húsið tvær hæðir. Kindur voru hafðar niðri. Inngangur til suðurs. Fast vestan við er tótt, 2x4 m. að innanmáli, og vestan við hana kartöflugarður, 5.5 m. á kant. Lítið eitt ofan við tótt íbúðarhússins er tótt hesthúss, 4.5x2.5 m. að innanmáli. Öll húsin snúa inngangi í suður. Austan við bæjarstæðið er lítill blettur sem e.t.v. hefur verið sléttaður sem tún.




Hættumat: einhver hætta gæti verið vegna skógræktaráforma.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III s. 26 og 28, Stefán Þorleifsson munnl. upplýsingar.

## Neðri-Miðbær (Miðbæjarhjáleiga?) SM-91

Miðbæjar er getið í Droplaugarsona sögu. Jörðin er ein fram um 1700, aðalbýli og hjáleiga. Miðbær var 8 hdr. að fornu mati en 1861 er matið orðið 9.4 hdr. Afbýli voru Miðbæjarhjáleiga, nefnd í manntali 1703 og Neðrimiðbæjarekra. Einnig má telja Neðri-Miðbæ sem að fornu mati er helmingur heimajarðarinnar eða 4 hdr. Neðri-Miðbæjar er fyrst getið 1760 og kann að vera sama býli og áður var nefnt Miðbæjarhjáleiga. Ekki ber heimildum saman hvort býlið var hjáleigan en 1760 er Neðri-Miðbær talin hjáleigan en 1804 er Efri-Miðbær talinn hjáleigan. Erfitt er því að gera grein fyrir hvort er upprunalega býlið. Í Jarðamati 1849 er Miðbæjunum lýst saman. Báðar voru kirkjujarðir frá Skorrastað. Í Jarðamatinu 1849 eru tún sögð sæmileg og heyskapur í meðallagi en landlítið og hætt við skriðuhlaupum. Miðbæirnir eru áþekkir til búskapar en er sá Efri þó talinn betri heyskaparjörð.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 29-31, Ögmundur Helgason 1983, bls 16, Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði, handrit, Jarðatal Johnsens 1847, bls, 373

**SM-91:001 frásögn um kuml**
Í gilbarmi Hesthúsgils. Síðan kumlið fannst hefur jarðvegi verið ekið fram á gilbarminn og hann þar með færst til. Milli 1940-1950 var grafið fyrir húskofa þarna og komið niður á mannabein. Þjóðminjasafn var látið vita og þar á eftir mokað ofan í aftur og hætt við kofann. Síðan hefur ekki verið hreyft við staðnum.Hálfdan Haraldsson hafði eftir Skúla eða Birni sem bjuggu þá í N-Miðbæ.

Hættumat: engin hætta nema ef til jarðrasks kemur

**SM-91:002 heimild um kuml**
Niðri á túnum fyrir neðan þjóðveginn. Þar er nú sléttað tún. Spjótsoddur fannst sem getur bent til þess að um kuml hafi verið að ræða. Spjótsoddur þessi mun hafa fundist við skurðgröft með
skóflum niðri á túnum neðan við þjóðveginn. Spjótsoddurinn er í vörslu í Neðri-Miðbæ. Staðsetning fundarins er óviss.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 30, Hálfdan Haraldsson munnl. uppl.

## Neðrimiðbæjar-Ekra SM-91b

Ekra eða Neðrimiðbæjar-Ekra var afbýli frá Neðri-Miðbæ. Fyrst nefnt í sóknarmannatali 1875 og síðast 1889. Síðast bjó þar Hjörleifur Marteinsson sem fékk ábúð í M. 1890 og lagðist þá afbýlið af.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 30

**SM-91b:001 heimild um afbýli**
Stóð rétt við bæjarhúsin. Engar tóttir sjást nú.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 30

## Efri-Miðbær SM-92

Sjá Neðri-Miðbæ.

**SM-92:001 heimild um fjárhús og hlöðu**
Fjárhús og hlöðutótt eiga að vera á svokallaðri Gróf. Fundust ekki við skráningu 1994.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 29

## Skorrastaður SM-93

Skorrastaður var kirkjustaður og prestsetur í Norðfirði frá því á 14 öld en fyrst er getið um presta um eða eftir 1200. Þar var prestsetur allt til 1894 en þá fluttist prestur að Nesi. Árið 1896 fluttist kirkjustaðurinn að Nesi eftir að Skorrastaðarkirkja skemmdist mikið í ofviðri. Meðan Skorrastaður var kirkjustaður, þá heyrðu undir hana fimm bænhús og hálfkirkja. Hálfkirkjan var í Hellisfirði og bænhús í Sandvík og á Barðsnesi, ekki er vitað hvar hin bænhúsin stóðu. Jörðin var metin 40.9 hdr. 1861 en fornt mat er óljóst. Afbýli voru nokkur í landareigninni. Á mörkum við Skálateig voru með stuttu millibili afbýlin Stóragerði, Litlagerði, Miðgerði og Efstagerði. Auk þess voru afbýlin Götutættur, Sólheimar, Sel, sem síðar varð jörðin Seldalur og Búlandsborg sem síðar varð sérstök jörð. Í Jarðabók Skúla Magnússonar 1780 eru Borgir og Stóragerði taldar hjáleigur frá Skorrastað, og 1804 er Sel

kallað eyðijörð. Jörðin var sæmileg til búskapar fyrrum, góðir sumarhagar og góðar engjar. Jörðin er vel fallin til ræktunar sem og stórgriparæktunar. Gott afréttarland var á Oddsdal.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 32-35, Ögmundur Helgason 1983, bls 17, Jarðatal Johnsens 1847, bls 373, Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði, handrit, Olavius 1776, bls 173

### SM-93:001 heimild um bæjarstæði

Bærinn stóð á gamla baðstofustæðinu, þar sem núverandi fjós er á Skorrastað I. Bæjarstæðið sést ekki, er undir fjósi. Þarna var grafið fyrir fjósi 1946 og komu upp tveir hlautbollar sem sendir voru Þjóðminjasafni. Ástæða til að fylgjast vel með öllu jarðraski í nánasta umhverfi.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 33

### SM-93:002 kirkja/kirkjugarður

Utan við elsta íbúðarhúsið á Skorrastað. Kirkjugarður er þarna enn þá en kirkjustaðurinn var færður út að Nesi eftir að Skorrastaðarkirkja skemmdist mikið í ofviðri 1896. Elsta heimild um kirkju frá 1200 og sóknarkirkja samfellt til 1896 er kirkjan fauk og var reist ný á Nesi.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði, handrit

### SM-93:003 heimild um mannvistarleifar

Upp af Traðargili í landi Skorrastaðar I. Öskuleifar komu í ljós við jarðrask.

Heimildir: Hálfdan Haraldsson munnl. uppl., Sveitir og jarðir III, bls 32

### SM-93:004 „Stekkur”- heimild um stekk

Örnefnið Stekkur kemur fyrir í Örnefnaskrá og er hann staðsettur framan við Stekkjarenni sem er engjaspilda fyrir innan Lambhúslæk. Stekkurinn er um 4 m austan Borgarvallarlækjar um 200-220 m ofan, na, fjóssins á Skorrastað. Tóttin er um 14x3 m að innanmáli og snýr nálega norður/suður. Vegghleðslur eru í um 0,7 m hæð og grjót sést í hleðslum.

Heimild: Örnefnaskrá Skorrastaðar 1931, bls 6, Þórður Júlíusson, munnl.

### SM-93:005 „Borgarvöllur”- heimild um sauðaborg

Borgarvöllur heitir sléttað tún milli Skorrastaðar og lækjar þess sem rennur utan hans. Borgarvallar er getið í Örnefnaskrá frá 1931: „Þar átti Árni prestur Sigurðsson sauðaborg” segir í örnefnalýsingu.

Heimild: Örnefnaskrá Skorrastaðar 1931, bls 5, Þórður Júlíusson, munnl.

### SM-93:006 „Stekkjarmýri”- heimild um stekk

„Fyrir ofan Kirkjumelinn heitir Stekkjarmýri” segir í örnefnalýsingu. Sést líklega ekki á yfirborði.

Heimild: Örnefnaskrá S.1931, bls 5

### SM-93:007 „Hesthúshóll”- heimild um hesthús

Hesthúshóll heitir hóll sem er rétt ofan súrheysturns á Sko

Heimild: Örnefnaskrá S. 1931, bls 5, Þórður Júlíusson, munnl.

### SM-93:008 „Lambhúshóll”- heimild um lambhús

Í upptúni fyrir framan Traðargil er örnefnið Lambhúshóll. Sést líklega ekki á yfirborði.

Heimild: Örnefnaskrá Skorrastaðar 1931, bls 5

### SM-93:009 „Prestatótt”- fjárhús




Sunnan Norðfjarðarár, rétt utan við mörkin við Skuggahlíð. Sauðahús og hlaða eða heystæði að húsabaki. Snýr n-s með dyr í n. Mesta lengd 18 m. mesta breidd 8.5 m. Tvöfaldir grjóthlaðnir veggir á fjárhúsinu. Rétt vestan við er tótt hringlaga smákofa, ca. 4. m. í þvermál að utanverðu.

Hættumat: lítil hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson: Spurningaskrá SAL

**SM-93:010 „Gamla-rétt"**




Í Staðarhálsi, sunnan megin Melshorns, þar heitir Réttarfoss í ánni og Réttarhvammur. Torf- og grjóthlaðnir veggir, tvö hólf og almenningur á milli þeirra. Ógreinilegur veggur frá fyrri tíð að norðanverðu meðfram lækjarsprænu. Réttin er byggð austan undir brekku sem myndar bakvegg. Gaddavírsgirðingar hafa lokað almenningnum að austanverðu.

Hættumat: hætta vegna rasks

Heimild: Örnefnaskrá S. 1931, bls 6

**SM-93:011 „Hálshús"- beitarhús**




„Frá Melshorni inn með ánni heita Hálseyrar. Þá koma beitarhús frá Skorrastað, sem heita Hálshús" segir í örnefnalýsingu. Tóttirnar eru staðsettar í Staðarhálsi gegnt Kirkjubólsá.

Tótt 1: Þúst, ca. 5x3 m. að ummáli, gæti verið eftir húsbyggingu.

Tótt 2: Um 10 m. vestar er hústótt, stærð 20x10 m. að utanmáli, snýr n-s með inngang í n. Fjárhús og hlaða sambyggð. Garði er í fjárhúsinu og innangengt um hann í hlöðuna. Húsið sýnist margendurbyggt.

Tótt 3: Um 10 m. vestar en tótt 2. Hún er óskipt 7x9 m. að utanmáli, snýr n-s, líklega yngst tóttanna.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá S. 1931, bls 6

**SM-93:012 „Geithús"- beitarhús**

Á Oddsdal, neðan (norðan) þjóðvegar rétt innan við Geithúsaá.

Tótt 1: Þúst, byggð oft upp, mesta lengd 20 m. mesta breidd 17 m. Snýr n-s. Vesturhelmingur þústarinnar er fjárhústótt með áfastri hlöðu, sýnilega yngsta byggingarskeiðið. Austurhelmingur hennar virðist hafa verið samskonar hús, auk þess eru fleiri smádokkir í þústinni.




Tótt 2: Er austar en tótt 1. Einnig margendurbyggð þúst. Mesta lengd er 16 m. Snýr n-s með inngangi í vestur. Vestan til í þústinni er kofi, ca. 3x5 m. að innanmáli. Hringlaga tótt er við kofann, ca. 2 m. í þvermál að innan. Kofinn er frá yngsta byggingarskeiði tóttarinnar. Auk þess eru ýmsar dokkir í henni.
Tótt 3: Er næst þjóðvegi. Snýr a-v með inngang í v. Mesta lengd 10.5 m, mesta breidd 7.5 m. Hólfuð í tvennt. Útbyggin (heystæði) er að baki. Virðist ekki hafa verið endurbyggð.
Húsanna getið í sambandi við Knútsbyl 1886 er maður sat þar af sér bylinn, en hann fór þangað til gegninga. Gott dæmi um fjárhús eða beitarhús sem ástæða væri til að merkja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Hálfdan Haraldsson:Spurningaskrá SAL, Örnefnaskrá S. 1931, bls 7

**SM-93:13 „Nýjahús" - fjárhús**

Nýjahús svokallað var fjárhús og heytótt sem stóð ofan svokallaðrar Höfðabrekku, um 40-50 m ofan, nv, íbúðarhúss á Skorrastað III. Þarna er nú hóll , um 20x20 m að ummáli og var mokað í húsin og þau hulin en þeim var ekki rutt um. Hóllin bendir til þess að þarna hafi verið endurbyggt til lengri tíma en engin veggjalög eru greinanleg nú á hólnum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Þórður Júlíusson, munnl., Júlíus Þórðarson munnl.

SM-93:14 þúst

Um 10 m sv við þar sem Nýjahús stóð, neðan núverandi kartöflugarðs, eru dokkir og hæðir í túninu sem greinilega hafa verið einhver mannvirki. Þarna er um 10 m löng bein jarðmyndun sem kann að hafa verið túngarður eða einhverskonar garðlag.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Þórður Júlíusson, munnl., Júlíus Þórðarson munnl.

## Götutættur SM 93

Býlið er nefnt eyðibýli og hjáleiga frá Skorrastað í Ferðabók Olaviusar frá 1776. Býlið mun væntanlega hafa heitið Gata meðan þar var búið. Þar bjó svo stærilátur bóndi að hann lét kerlu sína sækja sér hest inn á Hólaströnd til að geta tekið hlaðsprett að kirkjunni (150-200 m.)
Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 32, Olavius 1776, bls 143

**SM-93b:001 heimild um bæjarstæði/afbýli**

Um 150-200 m. innar en kirkjustæðið á Skorrastað, stutt neðan við hús Júlíusar á Skorrastað III. Þarna er nú sléttað tún og líklega búið að afmá tætturnar með öllu.
Heimildir: Hálfdan Haraldsson munnl. Sveitir og jarðir í Múlaþ. III, bls 32, Örnefnaskrá Skorrastaðar frá 1931, bls 6

## Litlagerði SM 93c

**SM-93c:001 heimild um bæjarstæði/afbýli**
Innan við bæ nálægt merkjum við Skálateig. Sést ekki á yfirborði. Eitt fornbýla sem ástæða væri að athuga betur.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Hálfdan Haraldsson munnl.uppl., Sveitir og jarðir í Múlaþ.III, bls 32, Örnefnaskrá Skorrastaðar 1931, bls 6

## Efstagerði SM 93d

**SM-93d:001 heimild um bæjarstæði/afbýli**
Sést ekki á yfirborði. Eitt fornbýla sem ástæða væri til að athuga nánar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ólafur Olavius: Eyðibýlaskrá fyrir Skorrastaðarsókn frá árinu 1776, Hálfdan Haraldsson munnl. uppl., Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 32.

## Stóragerði SM 93e

**SM-93e:001 heimild um bæjarstæði/afbýli**
Innan við bæ, á lyngmóum nálægt Skálateigs mörkum. Um 300 ofan og nv íbúðarhúss á Skorrastað III, milli Bæjarlækjar á Efra-Skálateigi og svokallaðs Gípugils vestan Skorrastaða. Þarna er nú að hluta til ræktað tún og nefnist það Stóragerðistún. Þarna voru sokknar tóttir þegar tún voru sléttur en nú sést ekkert veggjalag á yfirborði. Í byggð 1762. Eitt fornbýla sem ástæða væri til að athuga nánar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Hálfdan Haraldsson munnl.uppl., Sveitir og jarðir í Múlaþ.III, bls 32, Manntal 1762, Þórður Júlíusson, munnl., Júlíus Þórðarson, munnl.

## Miðgerði SM-93f

**SM-93f:001 heimild um bæjarstæði/afbýli**
Innan við bæ nálægt mörkum við Skálateig. Sést ekki á yfirborði. Eitt fornbýla sem ástæða væri til að athuga nánar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Hálfdan Haraldsson munnl., Sveitir og jarðir í Múlaþ. III, bls 32, Olavius 1776, bls 143

## Sólheimar SM 93g

Sólheimatættur eru nefndar í munnmælasögum frá 19. öld.
Heimild: Ögmundur Helgason 1983, bls 17

**SM-93g:001 heimild um bæjarstæði/afbýli**

Á Grænanesbökkum á móti Grænanesi, þar sem nú er golfvöllur. Þar munu hafa fundist grjóthleðslur einhverju sinni þegar unnið var við sléttun golfvallarins. Eitt fornbýla sem ástæða er til að athuga betur.

Hættumat: mikil hætta vegna rasks

Heimildir: Örnefnaskrá S. 1931, bls 5, Hálfdan Haraldsson munnl. uppl.

## Búlandsborg SM-93h

Í máldögum frá 1576 er Búland talið með sjálfstæðum jörðum en mun hafa eyðst af skriðuföllum. Búland var í byggð í manntalinu 1703 en var í eyði langtímum saman eða frá 1760-1875. Býlið var seinna kirkjujörð, einskonar útbýli frá Skorrastað og munu Skorrastaðar- bændur og prestar oftast hafa haft hluta jarðarinnar til eigin nota eða leigt hann öðrum en ábúendum. Býlið hét Borgir og svæðið Búland en það gekk í daglegu tali ýmist undir nafninu Borgir eða Búlandsborg. Búskapur var lítill en sjósókn mikil. Sjóhús úr timbri stóð beint niður undan bæjarstæðinu við sjóinn. Í Örnefnaskrá Búlands eru sögð beitarhús frá Skorrastað á Búlandsborg. Bærinn fór í eyði 1921. Á Búlandsborg eru vel varðveittar minjar og væri hægt að gera þar skemmtilegan útivistarstað.

Heimildir: Ögmundur Helgason 1983, bls 17, Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 55-56, Manntöl 1703-1890

### SM-93h:001 bæjarstæði

Sunnan við fjarðarbotn um 150 m upp frá sjónum. Landsvæðið er kallað Búland. Tótt íbúðarhúss er ca. 20 x 12 m. að ummáli, bakveggur hlaðinn, hinir hafa verið úr timbri. Áföst vestan við er önnur tótt: ca. 18 x 9 m. Tveir veggir hafa verið úr torfi og grjóti. Bak við hana er áföst tótt ca. 7 x 9 m., innbrúnir grjóthlaðnar, veggir út torfi og grjóti (hlaða?). Matjurtagarður er norðan við bæjarstæðið, stærð ca. 17x20 m. að innanmáli. Bak við bæjarstæðið eru tóttir útihúsa og eru um 8 m. á milli þeirra og bæjarstæðisins. Þar er fjárhús, innmál 26x5 m., skipt þvert í sundur með þrepi. Snýr n-s með inngang í n. Kofi er áfastur, ca. 6x7 m. að innmáli, veggir eru lágir og um 1 m. breiðir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sveitir og jarðir III, bls 55-56, Örnefnskrá Borga 1931, bls 26




### SM-93h:002 túngarður

Liggur á gilbrún frá bæjarstæðinu niður túnið. Sést á 30-40 m. kafla og liggur s-n (upp og niður).

Hættumat: engin hætta

### SM-93h:003 matjurtagarður

Um 50 m. ofar en bæjarstæðið. Rétt austan við annan læk vestur frá bæjarlæknum. Innmál ca. 5.5 X 5 m. Veggjaþykkt 1.5.m. Torf og grjót í veggjum Snýr na-sv með inngang í na-horni.

Hættumat: engin hætta




**SM-93h:004 heytótt**

Um 5-10 m. ofar en bæjarstæðið rétt vestan við annan læk vestur frá bæjarlæknum. Innmál ca. 3 x 2.5 m. Snýr na-sv með inngang fyrir miðjum na-vegg. Bakveggur bogadreginn. Veggjaþykkt 1.5 - 2. m. Veggbrot út frá tóttinni na megin við inngang, ca. 3. m. langt. Veggbrotið er líkt og aðheldi. Hugsanlega er þetta stekkur eða lambakró.

Hættumat: engin hætta

**SM-93h:005 heytótt**

Um 5-10 m. ofar en bæjarstæðið rétt vestan við annan læk í vestur frá bæjarlæknum. Innmál ca. 4 x 1.5 m. Snýr a-v með inngang á miðri norðurhlið. Veggjaþykkt um 1 m. Hólf norðan við, áfast, innmál ca. 1.5 x 2.5 m. opið til norðurs. E.t.v. hefur heytóttin verið byggð ofaní eldri tótt.

Hættumat: engin hætta







**SM-93h:006 heytótt**

Um 30 m. beint upp af bæjarstæðinu. Kringlótt, þvermál utan ca. 5 m. dyr til norðurs. Innmál sést ekki. Veggir út torfi og grjóti.

Hættumat: engin hætta

**SM-93h:007 heytóttir**

Um 30-40 m. ofar en bæjarstæðið vestan við læk sem er annar lækur vestar en bæjarlækurinn. Kringlóttar, þvermál ca. 2. og ca. 4. m. að innan, veggir ógreinilegir, inngangar sjást ekki.

Hættumat: engin hætta




**SM-93h:008 tvær heytóttir**




Um 30-40 m. neðar en bæjarstæðið, ca. 30 m. vestar. Aflöng tótt, snýr a-v, innmál ca. 6 x 1.8 m. dyr á norðurvegg nálægt öðru horni. Veggjaþykkt rúml. 1 m. Leifar af tótt rétt austan við, Innmál 1x 2.5 m. veggjaþykkt tæplega 1.m. Báðar mjög jarðsokknar.

Hættumat: engin hætta

**SM-93h:009 heytótt**

Um 30 m. ofan við bæjarstæðið, vestan við læk (annan læk innan við bæjarlækinn). Innmál 4.5 x 2.8 m. Snýr n-s með inngang í n. og bogadreginn suðurgafl. Grjót og torf í veggjum sem standa mest ca. 50 cm. upp úr jörð

Hættumat: engin hætta




**SM-93h:010 heytótt**




Um 45 m. ofan við bæjarstæðið, vestan við læk (annar lækur innan við bæjarlækinn). Ferköntuð tótt, innmál ca. 2.5 x 2.5 m. Inngangur í norðausturhorni.

Hættumat: engin hætta

**SM-93h:011 brunnur**

Um 50-60 m. ofan við bæjarstæðið.

Hættumat: engin hætta

**SM-93h:012 garður**

Um 20-25 m. ofan við bæjarstæðið, lítið eitt vestar er garður sá sem liggur ca. s-n (upp og niður). Torf- og grjóthlaðinn, sést á 17-18 m. löngum kafla meðfram lækjardragi.

Hættumat: engin hætta

**SM-93h:013 garður**

Um 85 m. ofar en bæjarstæðið, 50-60 m. vestar, sést sitt hvoru megin við læk. Hlutverk óvíst. Grjótröð á um 16 m. kafla. Önnur grjótröð um 50 m. ofan við bæjarstæðið, lítið eitt vestar en það sést á 7-8 m. kafla.

Hættumat: engin hætta

**SM-93h:014 brunnur**

Í lækjardraginu rétt austan við bæjarstæðið. Lækjardragið er 4-5 m. breitt og byrjar rétt ofan við bæjarstæðið. Hlaðið er fyrir farveginn torfveggur í boga og hola innan í boganum líklega til að safna vatni í. Torfveggurinn er allt upp í 3. m. á þykkt.

Hættumat: engin hætta




**SM-93h:015 matjurtagarður**

Um 30 m. neðar en bæjarstæðið, lítið eitt austan við lækjardrag bæjarlækjarins. Ferkantaður, snýr a-v með inngang í n. fyrir miðjum vegg. Innmál ca. 5 x 10 m. veggjaþykkt um 80 cm. og veggir standa um 30-50 cm. upp úr jörð.

Hættumat: engin hætta




**SM-93h:016 tótt**




40-50 m. neðar en bæjarstæðið, um 30 m. austar. Smátótt uppi á hól, annar endinn sést ekki. Snýr a-v breidd 1. m. að innan og lengd nú 3.m. Veggjaþykkt tæpl. 1.m. dyr sjást ekki.

Hættumat: engin hætta

**SM-93h:017 tótt**

Um 60 m. neðar en bæjarstæðið, í bæjarlækjargilinu. Kringlótt tótt með smá hólfi öðru megin við. Þvermál ca. 5 m. tóttin er opin til norðurs. Litla hólfið er ferkantað, innmál ca. 1 x 1.40 m inngangur sést ekki.

Hættumat: engin hætta




**SM-93h:018 matjurtagarður**

Um 40 - 50 m. neðar en bæjarstæðið, í bæjar- lækjardraginu. Ferkantaður, snýr n-s með inngang í n. í einu horni. Ca. 2.70 á kant að innan. Veggjaþykkt um 1.m.

Hættumat: engin hætta




**SM-93h:019 matjurtagarður**




Á mel 40-50 m. neðar en bæjarstæðið og 50-60 m. vestar. Grafinn inn í barð á tvo vegu, 10-20 cm. hár garður út torfi á tvo vegu. Ferkantaður, innmál ca. 11.5 x 7.5 m. Snýr n-s, inngangur sést ekki. Sunnan við og áfast er lítið hólf, kringlótt, þvermál að innan ca. 3 m. opið úr garðinum inn í hólfið. E.t.v. eldra en garðurinn.

Hættumat: engin hætta

**SM-93h:020 mylla**

Um 30-40 m. ofan við bæjarstæðið, 75 m. austar, á lækjarbakka. Undirstöður húss, innmál 3 x 1.8 m. snýr nv-sa, inngangur sést ekki. Veggir lágir, grjót sést ekki. Út frá einu horninu liggur garður út í lækjarfarveginn, ca. 5 m. langur, fyrstu 3. m. liggja þvert yfir farveginn, svo beygir garðurinn til nv og liggur eins og farvegurinn.

Hættumat: engin hætta




**SM-93h:021 „Í Króki"- hústótt**




Um 10 m. frá sjávarbakka, rétt við götuna sem liggur út Búlandið. Ógreinileg þúst, ca. 9 x 7 m. að utanmáli, vottar fyrir inngangi sjávarmegin, annað sést ekki. Lækur rennur fast við vesturvegg. Þarna eiga karl og kerling að hafa búið einhverju sinni.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson: Spurningaskrá SAL

**SM-93h:022 sjóbúðartótt**

Við sjóinn, um 40 m. utar en „Í Króki". Rétt ofan við götuna sem liggur út Búlandið. Ferköntuð tótt, liggur a-v, innmál 3.5 x 2.7 m. dyr að sjó í norðausturhorni. Grjóthlaðin að innan, líklega líka að utan, mjög gróin. Hleðslur að innan standa í ca.



1.m. hæð. Sjóbúð frá Seldal, Skuggahlíð og Grænanesi.
Hættumat: engin hætta
Hálfdan Haraldsson: Spurningaskrá SAL

**SM-93h:023 garður**
Rétt austan við sjóbúð frá Seldal, Skuggahlíð og Grænanesi. Liggur rétt ofan við götuna sem liggur út Búlandið. Byrjar við vegg sjóbúðarinnar og nær ca. 18 m. út. Veggjaþykkt rúml. 1 m. Garður liggur út úr þessum garði miðjum til suðurs, heildarlengd um 10 m. og beygir, e.t.v. leifar bygginga.
Hættumat: engin hætta

**SM-93h:024 garður**
Rétt neðan við götuna sem liggur út Búlandið. Torf- og grjótgarður, breidd tæpl. 1.5 m. byrjar neðan við sjóbúð frá Seldal, Skuggahlíð og Grænanesi og sést þar á 13 m. kafla, sést aftur um 15 m. utar og við þann enda vottar fyrir vegg úr byggingu (nausti?).
Hættumat: engin hætta

**SM-93h:025 matjurtagarður**
Ofan við sjóbúð Seldalsbænda, um 20 m. ofar og vestar, á innri brún gildrags. Steinaröð umhverfis reit sem er ca. 13x19 m. Líklega hefur verið girðing ofan á. Garðurinn er í halla og grýttur mjög.
Hættumat: engin hætta

**SM-93h:026 naust**
Rétt neðan við götuna sem liggur út Búlandið, vestasta naustið. Grafið inn í sjávarbakkann, grjótlagt að innan, bátlaga. Lengd 8 m. breidd 3.m.
Hættumat: engin hætta
Heimild: Hálfdan Haraldsson:Spurningaskrá SAL




**SM-93h:027 sjóbúðartótt**
Rétt neðan við götuna sem liggur út Búlandið. Fast við vestasta naustið. Ferköntuð tótt, innmál ca. 3 x 2 m. dyr að sjó, um 1.5.m. breiðar. Veggir torf- og grjóthlaðnir. Líklega hefur tóttin verið stærri, annað herbergi vestan megin, þar er nú grjót og þýfi.
Hættumat: engin hætta
Heimild: Hálfdan Haraldsson: Spurningaskrá SAL




**SM-93h:028 naust**

Rétt neðan við götuna sem liggur út Búlandið. Fremra naustið er gert úr tveimur veggjum, lengd um 4.5 m. veggjaþykkt 2.m, sem liggja samsíða, bilið milli þeirra er ca. 1.7 m. breitt. Líklega hefur bátum verið hvolft á. Leifar af samskonar nausti utan við.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson: Spurningaskrá SAL




**SM-93h:029 naust**

Rétt neðan við götuna sem liggur út Búlandið. Tvö bátlaga naust, grafin inn í sjávarbakkann. Það vestara: 4x3 m. Grjótlögn fyrir stafni. Það austara: 4x5 m. Grjótlagt að innan. Austuveggur er hlaðinn upp úr torfi/grjóti. Þetta naust stendur fast við bæjarlækinn á Búlandsborg þar sem hann rennur út í sjó. Hættumat: engin hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson: Spurningaskrá SAL




**SM-93h:030 sjóbúðartótt**




Rétt utan við bæjarlækinn á Búlandsborg þar sem hann kemur til sjávar. Þetta eru ystu tóttirnar í fjörunni. Neðan við götuna sem liggur út Búlandið. Veggir sem geta verið undirstöður sjóhúss. Innanmál þess hefði verið ca. 13 x 3 m. og timburhlið að sjó. Veggirnir eru grjóthlaðnir. Beggja megin við „húsgrunninn” eru grjótraðir og þýfi sem benda til annarra mannvirkja. Gæti verið sjóbúðin sem tilheyrði Búlandsborg.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson: Spurninga- skrá SAL

**SM-93h:031 „Bjarnarhús”/„Miðhús”- fjárhús og hlaða**

Nokkru utar á Búlandinu en naustin. Ekki sambyggð. Hlaðan stendur uppi í brekku á hægri hönd þegar gengið er út eftir, svo er farið yfir læk og þá er fjárhúsið á vinstri hönd. Fjárhúsið: Byggt norðan í brekku, snýr n-s með inngang í n. Innmál ca. 8 x 4 m. Veggir grjóthlaðnir neðan til, torf ofan á. Hlaðan: Grjóthlaðin, klettur myndar bakvegg. Innmál ca. 3x3.5 m. Hefur verið með timburþili fram að sjó. Veggjaþykkt 1-1.8 m. þykkastir næst framhliðinni.







Hættumat: engin hætta

Heimild:Hálfdan Haraldsson:Spurningaskrá SAL

**SM-93h:032 fjárhús**




Upp af Borgarhöfn spöl út með Búlandinu. Stendur á brekkubrún og er bratt niður í fjöru. Innmál ca. 8 x 2.5 m. Snýr n-s og hefur haft timburþil til n. Suðurveggur er myndaður af brekkunni, hliðarveggir eru torf/grjóthlaðnir og tóttin mjög vallgróin. Lítið skot hefur verið grafið inn í brekkuna utan við húsið.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Hálfdan Haraldssons. Spurningaskrá SAL

## Seldalur SM-94

Seldalur var hjáleiga frá Skorrastað og síðan kirkju- og ríkisjörð til 1952 er hún var keypt af núverandi eigendum. Upprunalega var þar sel frá Skorrastað og byggðist Seldalsbærinn á rústum þess en samfelld byggð hefur verið í Seldal síðan 1838. Beitiland er gott, engjar blautar og gamla túnið þýft og blautt en nokkuð grasgefið. Mikil ræktunarskilyrði. Í Seldal er bæði hætta af skriðum og snjóflóðum.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 48-50, Ögmundur Helgason 1983, bls 17

### SM-94:001 frásögn um bæjarstæði

Heldur vestar en núverandi íbúðarhús. Sést nú ekki. Torfbærinn stóð þarna þegar byggt var timburhús 1933- '34. Tilheyrandi bæjarstæðinu var 7-8 m. langt steinhlað framan við bæinn og steinstétt neðan húss sem nýlega er búið að steypa yfir. Ína telur að hvort tveggja gamla bæjarstæðið og steinstéttirnar sé að finna undir núverandi yfirborði. Ástæða er því til að fylgjast vel með ef um frekara jarðrask verður að ræða.

Hættumat: hætta af völdum rasks

Heimild: Ína Gísladóttir. Spurningaskrá SAL

### SM-94:002 heimild um bæjarstæði

Við vestanvert hornið á fjárhúshlöðu sem nú stendur (1994) innan við bæjarhúsið. Sést nú ekki. Þarna var öskuhaugur í minni Gísla Friðrikssonar og sagnir um baðstofu frá fyrri öld. Nú 1994 eru þarna tóttir af hesthúsi. Ástæða er til að fylgjast vel með ef um frekara jarðrask verður að ræða.

Hættumat: hætta af völdum rasks

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

### SM-94:003 hesthús

Á gamla öskuhaugnum (bæjarstæðinu?) við vestanvert hornið á núverandi fjárhúshlöðu 1994. Torfhús með járni á þaki, fyrir 5 hesta. Seinna notað sem fjós, lambhús og hrútahús, nú tótt 1994. Sagnir eru um bæjarstæði á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ína Gísladóttir:Spurningaskrá SAL

### SM-94:004 heimild um fjós

Framan við gamla bæinn, sem stóð rétt framan við núverandi íbúðarhús. Fjögurra kúa fjós með hlöðu og skíthúsi, byggt úr steinsteypu, nýlega jafnað við jörðu. Ranghali var byggður úr fjósinu út yfir Matarlæk og borið úr honum vatn í menn og skepnur. Sést ekki lengur.

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL, Örnefnaskrá Seldals viðbætur frá 1989

**SM-94:005 „Stórhús”-heimild um fjárhús**
Þar sem fjárhúshlaða er nú (1994). Þarna var 60-70 kinda hús, sneri í austur-vestur, með grjóthlöðnum veggjum og járni á þaki undir torfi. Sést ekki nú, horfið.
Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:006 rétt**
Neðan við fjárhúsið sem nú er (1994). Notuð þar til skorið var niður 1988.
Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:007 „Myllubalar”- heimild um myllu**
Rétt ofan við bæinn hinum megin Bæjarlækjar. Þar heita Myllubalar. Myllan sést ekki nú. Hún var komin úr notkun fyrir 1904 en myllusteinarnir lágu lengi á lækjarbakkanum.
Heimildir: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL. Örnefnaskrá Seldals, viðbætur frá 1989

**SM-94:008 heimild um skurði**
Handgrafnir skurðir voru utan og ofan við bæinn. Frá tíð Gísla Friðrikssonar og bræðra hans. Fóru undir aurskriðu 1968. T.d. var 100 m. skurður milli Efstakofa og Matarlækjar.
Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:009 „Efri- og Neðri-Slétta”- túnsléttur/þökusléttur**
Gerðar 1923-24. Sáðsléttur gerðar eftir 1930: ofan bæjar, Tangi, Gunnarsteigur, og stykkið neðan Grundar.
Heimild: Örnefnaskrá S. 1989

**SM-94:010 heimild um matjurtagarð**
Á Neðri-Sléttu. Þarna var kál-rófu- og næpugarður. 1926 rústuðu naut Sigfúsar Sveinssonar garðveggjunum Garðar voru einnig innan og ofan við Efstakofa, á Holtum, utan við Holt, í réttarstæði utan bæjar og á Efri-Sléttu.
Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:011 „Grundarhús”- útihús**




Efst á Hesthúsgrund. Lambhús eða hesthús, tvö hólf, annað ferkantað, innmál ca. 2x5 m. hitt hringlaga áfast, innmál ca. 4x6 m. Húsið mun hafa verið orðið að tótt 1902.
Hættumat: lítil hætta
Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:012 „Efstikofi”- útihús**




Á Hesthúsgrund. Nú reykkofi. Gegndi áður hlutverki hesthúss og fjárhúss. Endi fjárhússins stendur enn, þar er reykkofinn, en sá endi sem veit til fjalls er kominn í tótt Þar var hlaða. .
Hættumat: lítil hætta
Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:013 heimild um ærhús**.
Utan til á Grund. Óvíst hvort sést nú. Í tíð Gísla Friðrikssonar mátti greinilega sjá form á tóttunum. Líklega hefur verið sléttað yfir einhverjar tóttir á Grund.
Hættumat: lítil hætta

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:014 „Ystahús"- heimild um fjárhús**

U.þ.b. 100 m. utan bæjar, neðan til í Neðri-Sléttu, neðan við hlið það sem nú er á heimreiðinni. Sést ekki lengur. Byggt 1902-1920 og stóð fram yfir miðjan 6. áratuginn.

Hættumat: lítil hætta

Heimildir: Ína Gísladóttir:Spurningaskrá SAL, Örnefnaskrá Seldals, viðbætur frá 1989

**SM-94:015 „Prestshús"- heimild um fjárhús**

Í Undirtúni neðan heimreiðar. Horfið fyrir minni Gísla Friðrikssonar sem fæddur er 1909. Skorrastaðarprestur átti húsið. Ekki vitað hvar stóð.

Heimild: Örnefnaskrá Seldals viðbætur frá 1989

**SM-94:016 „Lambhústún"- heimild um lambhús.**

Efst í Réttartúni sem oftast var kallað Lambhústún. Sést ekki 1994. Friðrik Jónsson byggði upp úr aldamótum. Húsið fór í krapaflóði 1917 og var ekki endurbyggt.

Heimildir: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL, Örnefnaskrá Seldals 1989

**SM-94:017 „Fjárhús Páls Þorsteinssonar"- fjárhús og rétt**




Sunnan Selár, beint upp af göngubrú, ca. 20 m. frá árbakka. Mjög vallgróin tótt. Annar stafninn var notaður sem vesturveggur í fjárrétt sem enn stendur að hluta. Í réttinni voru 2. dilkar, annar fyrir Ormsstaði, hinn fyrir allt annað aðkomufé, og almenningur. Kvíar voru innanvið hús Páls Þorsteinssonar Þær voru svo notaðar sem aðhald fyrir réttina. Páll byggði húsið 1919, 30 kinda hús. Réttin var aflögð um 1970.

Hættumat: lítil hætta

Heimildir: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL, Örnefnaskrá S. viðbætur frá 1989

**SM-94:018 heimild um rétt**

Í Réttartúni. Lítil rétt, sú elsta sem Gísli Friðriksson man eftir. Grafin inn í hól rétt ofan við árbakkann.

Heimildir: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL, Örnefnaskrá Seldals viðbætur frá 1989

**SM-94:019 „Hlöðuhús"- heimild um útihús**

Í Réttartúni. Horfið fyrir minni Gísla Friðrikssonar sem fæddur er 1909.

Heimildir: Örnefnaskrá Seldals viðbætur frá 1989

**SM-94:020 „Kvíaból"- heimild um kvíar**

Utan við tún er lækur sem heitir Bæjarlækur. Fyrir utan hann er Kvíaból.

Heimild: Örnefnaskrá S. 1931

**SM-94:021 „Þórðarstekkur"- heimild um stekk**

Í túninu innan við bæinn niður við Selá. Nú ræktað stykki í túninu.

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:022 göngubrú**

Á Selá rétt neðan bæjar. Fyrst byggð 1909 af Friðriki Jónssyni. Ekki er vitað um brú þar áður. Þá brú tók af í vatnavöxtum upp úr 1960 og var ný byggð á sama stað.

Heimildir: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:023 „Halldórstótt"- heimild um lambhús**

Upp af Lambhúsfossi í Selá. Þar var Lambhúsvað og upp af því stóð lambhús sem Halldór frá Bakka á Nesi átti. Lambhúsið mun vera horfið undir heimreiðina. Á þessum stað eru nú 2. torfhlaðnar súrheysgryfjur en lambhústóttin er horfin. Gryfjurnar voru seinna notaðar sem reykkofi og síðar til hundahreinsunar.

Hættumat: lítil hætta

Heimildir: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL, Örnefnaskrá Seldals, viðbætur frá 1989

**SM-94:024 „Stekkur"- heimild um stekk**

Á Út-Dal,milli Steinboga í ánni og Hverfa. Sést ekki nú. Sást vel til skamms tíma. Þarna heitir enn á Stekk.

Heimildir: Ína Gísladóttir:Spurningaskrá SAL, Örnefnaskrá Seldals, viðbætur frá 1989

**SM-94:025 heimild um brú**

Á Selá á Brúarstykki. Óljósar sagnir, engin ummerki.

Heimild: Ína Gísladóttir Spurningaskrá SAL.

**SM-94:026 garður**

Norðan við Melshornafoss í Selá. Torfgarðsstubbur sem liggur frá ánni í átt til fjalls. Frá því fyrir tíð Gísla Friðrikssonar. Ína telur hugsanlegt að um sé að ræða annan tveggja nátthaga sem um getur í Sveitum og jörðum.

Hættumat: lítil hætta

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL, Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 49

**SM-94:027 rétt**

Sunnar Selár, utan við Klett. Kletturinn var notaður sem aðhald að vestan. Réttin var notuð við rúning.

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL.

**SM-94:028 garður (brot)**

Klettur er örnefni við Selá. Um 50 m. austar og sunnar er garður á rúmlega 100 m. kafla. Stefnir eins og áin en þverbeygir svo til suðurs (u.þ.b. eins og núverandi girðing). Mjög ógreinilegur og sést með köflum. Óvanalega breiður ef um undirstöður girðingar er að ræða.

Hættumat: engin hætta

**SM-94:029 „Torfatættur"- heytótt**




Rétt innan við Steinboga á ánni neðan við Höllin, um 8 m. frá árbakka. Sporöskjulaga tótt, algróin, stærð 5x3.5 m. Torfi Hermannsson í Skuggahlíð átti í byrjun aldar. Ína telur að þar hafi e.t.v. verið fleiri heytóttir.

Hættumat: lítil hætta

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:030 heytóttir**

Inni á Selheiði og víðar í landareigninni. Fjöldi tótta, ekki skoðaðar. Þarna var tyrft yfir hey og sætt færis á vetrum og það sett í netpoka og því ekið á sleðum heim. Óvíst um fjölda eða aldur. Voru þó í notkun í hörðum árum fram á þessa öld.

Hættumat: lítil hætta

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL




**SM-94:031 heytóttir**

Á milli nátthagans sunnan Selár og árinnar. Ýmsar gerðir tótta og tóttabrot.

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:032 nátthagi.**

Sunnan ár, utan við Brúarstykki undir Kúahjalla. Í þýfðu mýrlendi. Stór nátthagi, u.þ.b. 65 x 75 m. að innanmáli. Innan hans eru tættur. Nátthaginn tak- markast af læk að austan. Garðurinn er mjög gróinn. Fjárhústótt er innan garðsins, byggð upp við suðurvegg hans. Lengd 12 m. breidd tæplega 4. m. að innanmáli. Snýr n-s. Mjög gróin tótt. Talið geta verið Sel það sem Skorrastaður átti í dalnum áður en þar varð sjálfstæð jörð. Fyrir utan nátthagann rennur Kvíalækur. Tóttirnar innan nátthagans geta verið kvíatóttir.




Hættumat: lítil hætta

Heimildir: Ína Gísladóttir og Gísli Friðriksson, b. Seldal: Spurningaskrá Sal

**SM-94:033 mógrafir**

Í lækjargili við Mjósundamýri á Inn-Dal (elstar), ofan við Nátthaga sunnan ár og neðan Innri-Skriðu norðan ár.

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:034 heimild um gæsahreiður**

Víða í landareigninni. Byggt yfir gæsahreiður (aligæsir). Gæsakofi var utan við núverandi fjós, lágur, en fordyri í vestur næstum mannhæðarhátt. Kofi þessi er nú horfinn. Byggt yfir gæsahreiður (aligæsir).

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:035 „Hólagötur”-heimild um götur**

Yfir Staðarhálsinn utan við Stefánsbotna. Tvær niðurgrafnar götur, Hólagötur eða Norðurbæjagötur, lágu að Hólum og bæjunum þar í kring. Bæði notaðar til samgangna og til að beita fé á Hólaströnd. Aflagðar milli 1940 og 1950. Hægt væri að gera gönguleið inn með Hólaströnd um göturnar. Á Hólaströnd eru tóttir frá Skorrastað, Hólum og Fannardal.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:036 vegur**

Upp með Hengifossá inn brúnir milli Seldals og Oddsdals og síðan inn á Oddsdal. Notaður allt til 1949 að akvegur kom yfir Oddsskarð.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-94:037 „Gamla-rétt “- rétt**

Við Selá á móts við Skuggahlíðarbæinn, í Réttarhvammi. Á sléttlendi við ána. Byggð austan undir brekku sem myndar vesturvegg í réttinni. Almenningur og tvö hólf, mesta lengd um 26 m. mesta breidd um 16 m. Syðsta hólfið um 6.20x3.70 m. Nyrsta hólfið um 8x2.80 m. Á milli er almenningur. Í veggjum er bæði torf og grjót. Veggur frá eldri tíð gengur út frá brekkurótum mill réttar og lækjarsprænu. Hann liggur ca. n-s og er um 14.5 m. langur, beygir til v og sést á ca. 5 m. kafla. Sameiginleg rétt með Skuggahlíð. (sjá SM-95:011)

Hættumat: lítil hætta

Heimildir: Ína Gísladóttir: Spurningaskrá SAL, Örnefnaskrá Skorrastaðar, bls 6

## Skuggahlíð SM-95

Ekki er vitað hvenær jörðin byggðist en í Vilchinsmáldaga 1397 er hún nafngreind. Skuggahlíð var kirkjujörð undan Skorrastað allt til 1918, er hún komst í bændaeign. Jörðin var að fornu mati 6 hdr., en 1861 var matið komið upp í 9 hdr. Jörðin var mjög landlítil, tún og fremur lítil en engjar út frá túni og útbeit í meðallagi bætti upp takmarkaða heyskaparmöguleika. Skuggahlíð hafði og slægjur í Oddsdal.

Heimildir: Sveitir og jarðir III, bls 51-52, Ögmundur Helgason 1983, bls 22

**SM-95:001 brunnur**

Uppi á hól ofan við íbúðarhúsin. Grjóthlaðinn að innan.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimild: Herdís V. Guðjónsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-95:002 heimild um bæjarstæði**

Um 200 m. frá núverandi íbúðarhúsi voru mjög vallgrónar tóttir. Þær voru taldar vera fornt bæjarstæði. Mjög sigin tótt skammt frá minnti á hestaréttir seinni tíma. Einnig mótaði fyrir túngarði í mýrunum skammt frá og innan hans tóttarbrot, e.t.v. fjárhús.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 53



Tóttabrot í gömlu túni

**SM-95:003 skurður**

Liggur frá heimreið að Skuggahlíð niður að þjóðvegi nna-ssv, meðfram gömlu heimreiðinni. Handgrafinn. Breidd ca. 1.60 m. dýpt ca. 0.60 m. í suðurenda, dýpra er norðar dregur eða um 0.90 m. Vesturbakkinn er ívið hærri. Grafinn fyrir 1945 (þá hófst vélgröftur). Hefur ekki verið dýpkaður með vélum.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimild: Herdís V. Guðjónsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-95:004 heimild um fjárhús**

Í heimatúni, neðarlega. Horfnar 1993.

Heimild: Herdís V. Guðjónsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-95:005 túngarður**

Í matjurtagarði við bæjarlækinn.Leifar gamla túngarðsins. Um 13 m. langur, tæplega 1.m. á breidd, um 0.60 m. hár. Liggur a-v.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimild: Herdís V. Guðjónsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-95:006 útihús**




Utan við bæjarlæk í gömlu túni, á tungu milli bæjarlækjar og annars lækjar. Hús og heytótt að baki, mesta lengd 20 m. mesta breidd 6 m. Innmál húss er 7.5x4.5 m. Veggir eru grjóthlaðnir neðan til og torf ofan á, standa í rúmlega mittishæð. Steinar í gólfi geta bent til að að það hafi verið flórlagt. Húsið snýr inngangi í n. Veggir heygarðsins eru lægri, torfhlaðnir.

Hættumat: er í hestahaga og stafar af því röskunarhætta.

Heimild: Herdís V. Guðjónsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-95:007 heimild um myllu**

Óvíst um staðsetningu myllunnar en hennar er getið í Sveitum og jörðum. Fannst ekki 1993.

Heimildir: Sveitir og jarðir III, bls 52

**SM-95:008 kofi**




Utan við svarðargrafirnar í Litlanesi við Norðfjarðará. Snýr n-s með inngang í austur. Innmál 6x4-5 m. Upphækkun í einu horni. Fannst er skráðar voru svarðargrafir. E.t.v. smalakofi eða notað til barnaleikja.

Hættumat: engin hætta

**SM-95:009 stekkur**




Efst í Stekkagili, þriðja gili utan við bæ. Tvö hólf, mesta lengd 14 m. mesta breidd 10.5 m. Snýr upp og niður eins og lækjardragið, dyr inn í stærra hólfið á austurvegg. Innmál stærra hólfs:7x8.5 m. innmál litla hólfs: 2x4.5 m. Innangengt. Norðurhluti stekkjarins hefur verið grafinn inn í bakka og hlaðið ofan á, en aðrir veggir eru upphlaðnir. Standa í 0.5 m. hæð.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimild: Herdís V. Guðjónsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-95:010 „Mundlaugarsteinn”- sögustaður**

Á mörkum Skuggahlíðar og Skorrastaðar sunnan Norðfjarðarár. Stór, jarðfastur steinn (ekki mannhæðarhár). Engin mannaverk eru á honum. Vestan undir steininum hafa e.t.v. einhverntíma staðið byggingar, einnig um 13 m. vestan við hann. Nú eru aðeins þúfnakransar með mosagróðri sem skera sig úr umhverfinu. Fleiri slíkir staðir eru í nágrenni steinsins sem og garðabrot sem liggja upp og niður hlíðina, e.t.v. landamerkjagarðar. Undir steininum á að vera mundlaug eða ketill fullur af gulli.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Skorrastaðar 1931, bls 6

**SM-95:011 rétt**

Við Selá gegnt réttinni í Seldal. Byggð út úr brekku sem myndar austurvegg, dyr tvennar til vesturs. Innmál 14.5x8 m. Veggir grjóthlaðnir utan og innan. Tréhlið hafa líklega verið í dyrum. Nær ánni eru tóttabrot mjög blásin og ógreinileg.







Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimild: Herdís V. Guðjónsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-95:012 sundlaug**

Innan við bæ, innan þjóðvegar til Oddsskarðs, í enda mels ofan við tún sem nefnt er Stekkur. Hvilft eftir læk sem hlaðið hefur verið fyrir og læknum veitt inn í gegnum rás. Mesta lengd 14 m. auk rásar sem er 6-7 m. Mesta breidd 6-7 m. Veggir hvilftarinnar hafa verið hækkaðir eftir þörfum. Herdís telur að sé frá fyrstu áratugum aldarinnar og hafi föðursystkini hennar munað eftir lauginni, sem var til einkanota. Merkt með friðlýsingarstaur.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimild: Herdís V. Guðjónsdóttir: Spurningaskrá SAL




**SM-95:013 „Stekkur”- heimild um stekk**

„Fyrir innan Réttartanga er Stekkjarlækur og Stekkur” segir í örnefnalýsingu. Þar var stíað áður fyrr, fannst ekki 1993.

Heimild: Örnefnaskrá Skuggahlíðar, bls 22

**SM-95:014 heimild um sauðahús**

Sauðahúsið var við Stekk innan Réttartanga. Komið undir tún 1931.

Heimild: Örnefnaskrá Skuggahlíðar, bls 22

**SM-95:015 svarðargrafir**

Ofan við Stekkinn heita Svarðarmelar. Þar var áður tekinn svörður.

Heimild: Örnefnaskrá Skuggahlíðar 1931, bls 23

**SM-95:016 heimild um rétt**

Á Réttartanga. Af grjóti gerð. Líklega horfin.
Heimild: Örnefnaskrá Skuggahlíðar frá 1931, bls 22

**SM-95:017 heimild um tótt**
Við Geithúsaá. Fannst ekki 1993. Þarna eru tóttabrot samkvæmt Herdísi.
Hættumat: lítil hætta
Heimild: Herdís V. Guðjónsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-95:018 heimild um tófugildru**
„Fyrir neðar Litlahjallagjá, Breiðurð er melbunga með smáklettum og klöppum er nefnist Gildra. Nafnið mun dregið af tófugildru” segir í örnefnalýsingu. Fannst ekki 1994.
Heimild: Örnefnaskrá Skuggahlíðar 1931, bls 22

**SM-95:019 „Litli-Stekkur”- heimild um stekk**
Ofan við Langamel sem liggur meðfram Selánni.
Heimild: Örnefnaskrá Skuggahlíðar 1931, bls 22

**SM-95:020 heimild um kolagrafir**
„Fyrir innan flóana er Geithúsá. Innan við hana í Kolahlíðarendanum er Kolahlíðarbotn” segir í örnefnalýsingu. Nafnið er talið dregið af kolabrennslu.
Heimild: Örnefnaskrá S. 1931, bls 22

**SM-95:021 svarðargrafir**
Í Litlanesi niður við Norðfjarðará, rétt utan við brúna. Svarðargrafir á svæði sem takmarkast af þjóðvegi að innan (vestan) og læk að utan (austan). Margar grafir. Svörður var notaður með öðru til upphitunar í Skuggahlíð fram yfir 1950.
Heimild: Herdís V. Guðjónsdóttir: Spurningaskrá SAL

## Fannardalur SM-96

Fannardalur er innsta jörð í Norðfirði og kemur hún fyrir í Droplaugarsonasögu. Fannardalur er að fornu mati 6 hdr., en 1861 er matið 11 hdr. Bærinn fór í eyði 1956. Fannardalskrossinn var lengi í Fannardal en um hann eru þjóðsögur. Hann er nú varðveittur hjá Sigfúsi Guðmundssyni. Talið er að bænhús hafi verið í Fannardal. Jörðin er vel til búskapar fallin, einkum sauðfjárræktar. Í jarðamati 1849 er landkostum lýst svo: „Tún er þar allgott, en hætt er því við skriðuhlaupum. Engjar eru víðlendar, en ei góðar og hætt við hlaupim. Þar er vetrarhart, en sumarland sæmilegt og landmikið”.
Heimildir: Ögmundur Helgason 1983, bls 21, Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 46-48, Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði, handrit
Heimildamaður: Hálfdan Haraldsson

**SM-96:001 bæjarstæði**

Bærinn í Fannardal stóð innan Fannardalsár yst í landinu. Um 40 m langt bæjarstæði sem snýr a-v, framhlið til s. Vestast: stakt hús, (smiðja?), 5x2.5 m. að innanmáli, veggjaþykkt 1.20m.




Snýr na-sv með inngang í sv. Ekki sundurhlutað. Mjög slétt og gróin tótt. Næst: tótt áföst bæjarþorpinu, 6.5x2.7 m. að innan, veggjaþykkt um 2.4 m en austurveggur 3.7 m. þykkur, sameiginlegur með næsta húsi. Líklega timburþil til sv. Næsta tótt er fjós, innmál 4x3.2 m. Hefur verið með timburþili til sv. Þar næst kemur íbúðarhúsið, 2.4x3.5 m. að utanmáli. Timburhús á hlöðnum grunni, járnklætt, opið og mjög illa farið. Næst íbúðarhúsi kemur tótt fjárhúss og hlöðu, innmál 6x3.5 m., veggjaþykkt ca. 1.3 m. Timburveggur hefur verið til sv. Austan fjárhúss er þýfi í bæjarþorpinu. Þar hafa líklega staðið byggingar. Bæjarhlaðið er 1.5-2 m. breitt. Handan við það er matjurtagarður, 17.5x7.3 m. að innanmáli, lágir torfveggir umhverfis.

Hættumat:lítil hætta

Heimildir: Hálfdan Haraldsson: Spurningaskrá SAL, Sveitir og jarðir III, bls 46-47, Ögmundur Helgason ópr. cand.mag. ritgerð

**SM-96:002 fjárhús**

Ofarlega í túni fyrir ofan bæjarrústina. Fast við bæjarlækinn. Fjárhús og hlaða sambyggð. Stærð fjárhúss 12 x 3.5 m. að innanmáli, annar langveggur ca. 1.6 m. þykkur, hinn 2 m. Snýr na-sv og hefur haft timburgafl í sv. Steyptur garði eftir miðju og baðker við enda hans, steypt. Hlaðan er norðan við, innmál ca. 6 x 2 m.




Hættumat: lítil hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson: Spurningaskrá SAL

**SM-96:003 völvuleiði**

Í túninu út og upp af bæjarstæðinu. Aflöng þúfa, stök, um 1 m. á lengd. Munnmæli herma að ekki megi hrófla við leiðinu, því þá muni hinum sama farnast illa.

Hættumat: lítil hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson: Spurningaskrá SAL, Örnefnaskrá F. 1931, bls 16, Hálfdan Haraldsson: Norðfjarðarbók, handrit

**SM-96:004 „Myllubali”- heimild um myllu**

„Tungusporðurinn fyrir neðan götu heitir Tröllkonulæri. Fram af Tröllkonulæri er nefndur Myllubali” segir í örnefnalýsingu. Fannst ekki 1993.

Heimild: Örnefnaskrá F. 1931, bls 16

**SM-96:005 fjárhús.**




Rétt vestan við gamla túngarðsbrotið. Ferhyrnd tótt, utanmál um 4x5 m. Dyr til suðausturs. Mjög gróin tótt.

Hættumat: lítil hætta

**SM-96:006 garðlög/áveita?**

Um 30 m. ofar en fjárhús í túni, við bæjarlækinn. Tveir samsíða veggir, um 5 m. langir, mjög lágir og efnislitlir. Liggja út frá brekkurótum að lækjarbakka.

Hættumat: lítil hætta




**SM-96:007 túngarður**

Um 40 m. upp af bæjarstæðinu, nokkru vestar. Um 60 m.langur, torf- og grjótgarður. Hluti af garði sem hefur legið um túnið.

Hættumat: lítil hætta

**SM-96:008 beitarhús**

Inni á Stekk, inn af Fannardal. Fjárhús og hlaða eða tvær hlöður, sambyggt. Snýr n-s með inngang í fjárhús til s. Hlaða er bak við fjárhúsið og önnur innan við það með inngang til s. Mesta lengd 20 m. mesta breidd 15.5 m. að utanverðu. Um 8 metrum vestar er aflöng tótt, snýr a-v ógreinileg. Lengd um 15 m. Líklega endurbyggð. Lítill kofi hefur verið byggður ofan í tóttina, stærð 6x4 m. að utan.

Hættumat: lítil hætta.

Heimild: Hálfdan Haraldsson munnl. uppl.




**SM-96:009 heimild um beitarhús**

Í Örnefnaskrá segir: „Fram og niður af Rauðahvammi eru hústættur. Þar var fyrrum beitarhús.” Rauðahvammur liggur inn af Fannardal.

Hættumat: lítil hætta

Heimildir: Hálfdan Haraldsson munnl. upppl., Örnefnaskrá F. 1931, bls 17

**SM-96:010 frásögn um sauðhús**

Sunnan Fannardalsár. Torf- og grjóthlaðið, hleðslur standa vel.

Hættumat: lítil hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson munnl. uppl.

**SM-96:011 „Lambakrubba”- heimild um lambakrubbu**

Í Fannardalsárgili. „Gljúfrið hefir fram að þessum tíma verið notað sem áheldi (rétt), að vori til. Neðst í Gljúfrinu er Lambakrubba, undir kletti, hlaðin úr grjóti” segir í örnefnalýsingu. Var grjóthlaðin. Hvarf í hlaupi um 1960. Sést nú sem sléttað gólf, um mannslengd að stærð. Gilið var notað sem rétt á þessum stað og staðið fyrir.

Heimildir: Hálfdan Haraldsson munnl. upppl., Örnefnaskrá F. 1931

**SM-96:012 rétt**

Sunnan við Norðfjarðará. Grjóthlaðin, tvö eða þrjú hólf. Jón Björnsson bóndi Fannardal 1845 hlóð stærsta dilkinn. Viðbótina hlóð Guðjón Ármann bóndi Fannardal.

Hættumat: lítil hætta

Hálfdan Haraldsson: Spurningaskrá SAL

**SM-96:013 tótt/heystæði**

Niðri á mýrinni út og niður af Stekk. Ógreinileg þúst, veggir sjást ekki, en líklega er þetta mannvirki.

Hættumat: lítil hætta

**SM-96:014 frásögn um heystæði**

Inni á Dal, inn af Fannardal.

Hættumat: lítil hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson munnl. uppl.

**SM-96:015 „Sortuhvammur"- heimild um sortudý**

„Út og niður af Rauðahvammsholti, niður við ána, er Sortuhvammur og í honum Sortudý segir í örnefnalýsingu. Þar var tekin sorta víðs vegar að úr sveitinni.

Heimildir: Hálfdan Haraldsson munnl. uppl., Örnefnaskrá F. 1931, 17

**SM-96:016 frásögn um kuml eða dys**

Á Lönguhlíð fyrir botni Fannardals. Grjóthleðsla, um 1.50 m. á lengd.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson munnl. uppl.

**SM-96:017 „Ræðustóll"- klettur**

Klettur þessi er staðsettur í Botnum upp af bæ. Þarna var fyrrum samkomustaður Norðfirðinga og er kletturinn tilvalinn til ræðuhalda.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 47

## Efri-Skálateigur SM-97

Árið 1703 var Skálateigur ein jörð en 1816 eru tvö býli, Efri-Skálateigur, heimajörð en Neðri-Skálateigur hjáleiga. Sama skipting er í Jarðatali Johnsens 1847. Skálateigur var að fornu mati 9 hdr., en 1861 var matið 11.2 hdr. Jörðin var fyrrum í eigu Hólmakirkju í Reyðarfirði. Afbýli frá Efri-Skálateigi voru Neðri-Skálateigur, Skálateigsnes, Loftsgerði, Mið-Skálateigur, Litla- og Stóra- Lofstsgerði. Mið-Skálateigs er getið í sálnaregistri, kann að vera Efri Skálateigur II sem stofnað var úr Efri-Skálateigi um miðja 19. öldina. Gerði er örnefni í Skálateigslandi en engar heimildir eru um býli þar. Tún voru allgóð en lítil, heyskapur sæmilegur, engjar góðar en útigangur enginn.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 37-39, Ögmundur Helgason 1983, bls 18, Manntöl 1703-1890

**SM-97:001 „Stekkhúsmelur"- heimild um stekk**

Stekkhúsmelur er örnefni ofan við Bæjarengi, vestan við Breiða- og Krossmel. Jón Davíðsson segir að þar hafi verið hús, nú afmáð. Voru frá Efri-Skálateigi.

Heimildir: Örnefnaskrá S. 1931, bls 9, Jón Davíðsson: Spurningaskrá SAL

**SM-97:002 „Grundarhús"- heimild um hús**

„Vestan við Hrossagilslæk er Grund og á henni Grundarhús" segir í örnefnalýsingu. Sáust ekki við skoðun 1995.

Heimild: Örnefnaskrá S. 1931, bls 8

**SM-97:003 „Kvíahóll”- heimild um kvíar**
Austur af Efri-Skálateigi, austan við læk, örnefnið Kvíahóll. Fannst ekki við skoðun.
Heimild: Örnefnaskrá S. 1931, bls 8

**SM-97:004 „Stekkur”- heimild um stekk**
Örnefni í Stekkjartúni ofan við Krummaþúfustykki. Sást ekki við skráningu.
Heimild: Örnefnaskrá S. 1931, bls 8

**SM-97:005 „Stórhúshóll”- heimild um hús**
Austur af Efri-Skálateigi, handan við bæjarlækinn.
Heimild: Örnefnaskrá S.1931, bls 8

**SM-97:006 heimild um svarðargrafir.**
Vestan við Grund, efst í lítilli mýri.
Heimild: Örnefnaskrá S. 1931, bls 8

## Skálateigsnes SM-97b

Afbýlið Skálateigsnes var orðið eyðibýli skv Jarðabók 1760. Er einnig að finna í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar.
Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 37, Ögmundur Helgason 1983, bls 18, Halldór Stefánsson: Eyðibýlaskrá, Múlaþing 5 tbl 1970.

**SM-97b:001 heimild um afbýli**
Að líkindum í árnesinu, staðsetning ekki nánar kunn. Sést ekki nú. Afbýli þetta var frá Efra-Skálateigi en nesið telst nú til landareignar Neðra-Skálateigs.

## Loftsgerði (Litla- og Stóra- Loftsgerði) SM-97c

Loftsgerði er nefnt í eyðibýlaskrá Olaviusar frá 1776 og þá sagt hjáleiga frá Skálateigi. Nöfnin Litla- og Stóra- Loftsgerði er þekkt úr munnmælasögn frá 19. öld, skyldleikinn við nafnið Loftsgerði er greinilegt en ekki fundust neinar heimildir aðrar um þessi býli.
Heimildir: Ögmundur Helgason 1983, bls 18, Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 38, Örnefnaskrá Skálateigs 1931, bls 8

**SM-97c:001 heimild um afbýli**
Bæjarstæðið var staðsett um 2-300 m. fyrir ofan bæ. Tveir hólar, búið er að slétta úr tættunum. Líklega ekki í frekari röskunarhættu. Eitt fornbýla sem ástæða er til að skoða nánar. Var afbýli frá Efra-Skálateigi en er nú í landi Neðra-Skálateigs.
Hættumat: hætta af völdum ábúðar

## Neðri-Skálateigur SM-98

Jörðin var að fornu mati 3 hdr. úr heimajörðinni, en ekki metinn sérstaklega 1861. Neðra-Skálateigs er fyrst getið 1754.
Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 37, Ögmundur Helgason 1983, bls 18

**SM-98:001 heimild um bæjarstæði**
Bæjarstæðið á að hafa staðið um 50 m. neðan við melinn sem Efri-Skálateigur stendur nú á í landi hans. Kann að vera svokallaður „Gamlibær" sem minnst er á í Örnefnaskrá Skálateigs.
Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimildir: Jón Davísson Skálateigi: munnl. uppl. Hálfdan Haraldsson benti á staðinn á loftmynd, Örnefnaskrá S. 1931, bls 8

**SM-98:002 heimild um garðlag**

Mun hafa verið á jafnsléttu u.þ.b. þar sem lögrétt sveitarinnar er nú. Torfhlaðinn hringur, stærð ókunn. Björn Björnsson eldri ljósmyndari og kaupmaður á Bakka mun hafa hlaðið/látið hlaða hringinn til að tjalda inni í og hafa af honum skjól. Sést ekki lengur, hefur verið ýtt burtu. Heimild: Hálfdan Haraldsson: munnl.

**SM-98:003 heimild um myllu**

Mun hafa verið í lækjargili sem liggur milli bæja og heitir Hrossagil. Myllusteinarnir voru enn til 1918.

Heimildir: Jón Davíðsson: munnl., Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 38

## Kirkjuból SM-99

Jörðin hefur verið í bændaeign um aldir og engar heimildir eru þar um kirkju eða bænhús. Að fornu mati 9 hdr., en er árið 1861 metin á 16.5 hdr. Afbýli og sögustaður eru Ásmundarstaðir. Kirkjubólsland var mjög gróðursælt, tún allgott, engjar góðar, nokkur skógarbeit og ræktunarskilyrði góð.

Heimildir: Sveitir og jarðir III, bls 42-43, Ögmundur Helgason 1983, bls 19

**SM-99:001 hesthús**




Um 50-60 m. ofan við bæ, heldur austar en bærinn. Austan til í ílöngum hól. Stærð um 6x5 m. að utanmáli. Grjóthleðsla í veggjum, vegghæð um 0.5 m.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

**SM-99:002 útihús**

Um 50-60 metrum ofan við bæ, 15 metrum vestar en hesthústótt. Niðurgrafin tótt, útbrúnir veggja sjást ekki, mjög grasi gróin. Stærð 4.1x5.2 m. að innanmáli, dýpt 0.3-0.4 m. Grjót í innbrúnum.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

**SM-99:003 rétt**

Um 50-60 metrum ofan við bæ. Stærð um 12x11 m. að innanmáli. Grafin inn í bakka að norðan og austan, þar eru grjóthlaðnir kantar að innanverðu en engar útbrúnir. Vesturveggur er upphlaðinn, um 1.m. á breidd, lágur. Suðurveggur er að mestu hruninn fyrir brekku.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar




**SM-99:004 fjárhús?**




Um 100-150 m. beint upp af bænum, uppi á hól. Snýr út og fram (a-v), stærð ca. 13x6 m. Útbrúnir eru víðast engar, en tóttin virðist grafin inn í hólinn.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

**SM-99:005 „Hjallhóll”- heimild um hjall**

Hjallhóll heitir ofan við túnið á Kirkjubóli. Sást ekki við skráningu 1994.

Heimild: Örnefnaskrá K. 1931, bls 10

**SM-99:006 „Huldukonusteinn”- álfasteinn**

„Yzt á túninu er hóll, sem heitir Krákuhóll. Upp af honum er steinn, sem nefnist Huldukonusteinn” segir í örnefnalýsingu. Ekki var leitað að honum við skráningu.

Heimild: Örnefnaskrá K. 1931, bls 10

**SM-99:007 „Stekkjarlækur”- heimild um stekk**

Utan við Lynghóla, út og upp af Huldukonusteini. Sást ekki við skráningu 1993.

Heimild: Örnefnaskrá K. 1931, bls 10

**SM-99:008 heimild um garð**

Í túni fyrir utan bæ. Hringlaga garður í hálfdeigjulandi kringum 4ra dagslátta blett, mótar fyrir skurði utan við, tóttarmenjar á einum stað, e.t.v. nátthagi og stekkur. Fannst ekki við skráningu 1994. Hálfdan Haraldsson telur að þessar tóttir hafi verið þar sem nú er sléttað tún utan við bæinn.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 42

**SM-99:009 sundlaug**

Neðan við veginn inn sveitina. Heldur utar en Kirkjubólsbær. Lækjarfarvegurinn hefur verið breikkaður og hlaðið fyrir hann að neðanverðu. Hlaðni kaflinn er um 6 m. langur, 1.5 m. á hæð og jafn-þykkur. Stærð um 20x8 m. Hálfdan Haraldsson telur að laugin hefði verið gerð til sundkennslu en verið lítið notuð vegna drukknunar sem þar varð.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimild: Hálfdan Haraldsson: munnl.

**SM-99:010 „Borgarvöllur”- heimild um fjárborg**

Borgarvöllur heitir innan við bæinn, framan við ána. Fannst ekki við skráningu 1993.

Heimild: Örnefnaskrá K. 1931, bls 10

**SM-99:011 vegur**

Neðan við þjóðveginn inni í sveit, niður af Kirkjubólsbæ. Upphlaðinn vegur, um 2-3. m. breiður, grasi gróinn, á um 50-60 m. kafla. Allir bæir í sveitinni voru komnir í vegasamband rétt fyrir 1960 (Sveitir og jarðir III s. 18). Óvíst um aldur á þessum vegarspotta.

Hættumat: hætta af völdum rasks

**SM-99:012 fjárhús og hlaða**

Sunnan (neðan) vegar, milli hans og Norðfjarðarár, rétt neðan við kafla af gömlum vegi (99:011) inn sveitina. Tótt fjárhúss með áfastri hlöðu, snýr n-s hlaðan norðan við. Utanmál ca. 12 x 6 m. Suðurgafl í fjárhúsi hefur verið úr timbri.

Hættumat: hætta af völdum rasks




## Ásmundarstaðir SM-99b

Elsta heimild um Ásmundarstaði er í Ferðabók Olavíusar frá 1776, og er bærinn þá sagður eyðibýli og afbýli frá Hólum. Kirkju er getið á Ásmundarstöðum í þjóðsögum og á kirkjan að hafa flust til Skorrastaðar eftir þá atburði er þjóðsögurnar greina frá. Engar heimildir eru til aðrar um kirkju á Ásmundarstöðum. (Merkt með friðlýsingarmerki 1988, teiknað 3/6 1988, skoðað aftur 1993) Grafið var í tóttirnar 1930 og komu þar upp búsetuleifar, t.d. klébergsbrot). Ástæða er til að gera frekari könnun.

Heimildir: Grein eftir Svein Ólafsson í Árbók fornleifafélagsins 1930-1931, Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 42, Ögmundur Helgason 1983, bls 19, Olavius 1776, bls 143

**SM-99b:001 bæjarstæði og garður**

Í þurrlendum mó, vestan Kirkjubólsár, um 500 m. vestan við bæ. Torfgarður og rústaleifar innan hans. Garðurinn er mjög jarðsokkinn og útflattur. Að hluta eins og ekið hafi verið eftir honum í seinni tíð. Garðurinn nær nú út að Kirkjubólsá en í Sveitum og jörðum, bls 42 er frásögn um að eitt sinn hafi garðurinn náð alla leið út fyrir Skálateig II. Tóttir eru á þremur stöðum innan garðs. Efst er svo kölluð „kirkjutótt” ca. 13x18 m. Tóttin er mjög gróin. Um 65 m. neðar er aflöng tótt, e.t.v. bæjarstæði. Lengd ca. 30 m. Hringlaga rétt er við vesturenda tóttarinnar, um 8 m. í þvermál. Þriðja og vestasta tóttin er við enda um 20 m. langs garðs sem gengur út úr aðal garðinum. Garðurinn liggur n-s. Tóttin er mjög óljós 15x12 m., snýr a-v en innra skipulag sést ekki. Frá seinni tíð eru byggingarleifar á meintu bæjarstæði og í lækjarskorningi rétt utan við það.




Hættumat: mikil hætta sökum ásóknar kjarrgróðurs

Heimildir: Ögmundur Helgason 1983, bls 19, Grein eftir Svein Ólafsson í Firði í Árbók fornleifafélagsins 1930-1931. Sigfús Sigfússon II, bls 88-90 (þjóðsaga). Jón Árnason III, bls 555-558 (þjóðsaga)

## Hólar SM-100

Jörðin var bændaeign og að fornu mati 12 hdr. (án afbýlis 9 hdr) en 1861 er hún metin 18.3 hdr. (án afbýlis). Sæmileg töðujörð, mikill en nokkuð örðugur útheyskapur og útbeit var

sæmileg. Afbýli frá bænum voru Tandrastaðir og Ásmundarstaðir sem er nefnd sem hjáleiga frá Hólum og eyðibýli í Ferðabók Olaviusar. Búið var í bænum til 1942.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 44-45, Ögmundur Helgason 1983, bls 20, Olavius 1776, bls 145

**SM-100:001 bæjarstæði**

Ofarlega í túni, við Heimalækinn (vestari kvísl Beljanda). Alls um 26-30 m. langt. Snýr framhlið mót suðri. Greinileg er tótt fremsta hússins, (íbúðarhúss sem byggt var um 1900. Þar stóð seinast hlaðið steinhús, byggt 1947) ca. 5 x 2 m. að innan og hefur verið með timburþili (eða steinþili) fram. Göng þaðan til baðstofu og eldhúss. Hlaða og skemma, auk fleiri ógreinilegri tótta, eru í bæjarþorpinu. Steypt gryfja, um 1 m. á kant, til hliðar. Upphlaðinn hlaðkantur neðan við og matjurta- garður handan við bæjarstæðið. Garðurinn er um 20x7 m. að innmáli. Veggir standa víðast hvar í 1.5 m. hæð eða meira, torf- og grjóthlaðnir. Fremsta húsið var byggt um 1900. Baðstofan var fjósbaðstofa.




Hættumat: hætta af völdum ágangs hesta

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls.44-45

**SM-100:002 frásögn um bæjarstæði**

Beint upp af bæjarstæðinu, á næsta hól. Mjög ógreinilegar tóttir í stórþýfi. Lögun sést ekki. Sagnir eru um eldra bæjarstæði þarna eða á Ekru sem er nokkrum metrum utar.

Hættumat: hætta af völdum ágangs hesta

Heimildir: Hálfdan Haraldsson munnl. uppl., Sveitir og jarðir III, bls 44

**SM-100:003 tótt**

Ofan við bæjarstæðið á Hólum. Skarð grafið í bakka Heimalækjarins, hlaðnir veggir sjást ekki. Innmál ca. 1 x 2 m. Kann að vera mylla.

Hættumat: hætta af völdum ágangs hesta

Heimildir: Sveitir og jarðir III, bls 45

**SM-100:004 „Mangakofi?” - fjárhús og hlaða**

Á Ekru, hól norðaustur af bæjarstæðinu. Um 40-50 m. frá bæjarstæðinu, snýr sa-nv, dyr í norðvesturhorni. Fjárhúsið er 7.5 x 2.5 m. að innanmáli, með garða sem er um 1.m. á breidd, hlaðinn. Við sa enda er hlaða áföst, hún er sem næst kringlótt, um 5 m. í þvermál að innan, í henni miðri er bálkur þvert yfir botninn, ca 50 cm. hærri en hann. Veggir úr torfi og grjóti, þykkt 1-1.5 m. og mjög vallgrónir. Vera kann að þetta séu fjárhús þau sem í Örnefnaskrá eru nefnd Mangakofi.




Hættumat: hætta af völdum ágangs hesta

Heimild: Örnefnaskrá H 1931, bls 12

**SM-100:005 „Ekruhús "?- fjárhús og hlaða**

Hóllinn er staðsettur á Ekru. Ytri fjárhústóttin af tveim. Liggur í n-s með inngang á n-gafli miðjum. Innmál fjárhúss: 7.3 x 2.7 m. garði í miðju, steinsteyptur. Hlaða áföst sunnan við, ferköntuð, innmál 8.2 x 3.3 m. snýr eins og fjárhúsið. Innangengt úr garða. Grjóthleðsla í hlöðuveggjum innanverðum, nær ekki alveg að enda og fyrir suðurgafli er stallur. Torf og grjót er í fjárhúsveggjum sem standa upp í 1.7 m. hæð að innanverðu. Veggjaþykkt 0.8-2 m.Yngri en hin fjárhústóttin á Ekrunni. Þetta kann að vera hús það sem í Örnefnaskrá er nefnt Ekruhús.

Hættumat: hætta af völdum ágangs hesta

Heimild: Örnefnaskrá H 1931, bls 12

**SM-100:006 tóttabrot**

Yst á Ekrunni. Kann að vera Ekrutagl sem nefnt er í Örnefnaskrá. Veggbrot, 3ja m. langt og 1. m. breitt, gætu verið leifar af kofa sem annars hefur blásið upp.

Hættumat: hætta sökum uppblásturs

Heimild: Örnefnaskrá H 1931, bls 12

**SM-100:007 tótt**

Rétt ofan við Ekruna, við ytri kvísl Beljanda. Byggð austan í brekku sem myndar vesturvegg. Snýr na-sv með inngang í sv- horni við brekkuræturnar. Innmál ca. 6 x 2 m. Veggjaþykkt 0.60- 0.80 m. Grjót sést ekki í veggjum.

Hættumat: hætta af völdum ágangs hesta

**SM-100:008 tótt**

Vestan við Heimalækinn, um 40-50 m. n af bæjarstæðinu. Kann að vera lambhústótt sú sem Örnefnaskrá segir vera í Framtúni. Þetta er endi á tótt, breidd hefur verið um 2. m. innan. Veggjaþykkt 1.5 m. Hefur snúið n-s og er það n-endi sem sést nú. Frá tóttinni liggur garður, 2.m. breiður, 19 m. langur, að tvíhólfa rétt eða stekk.




Hættumat: hætta af völdum ágangs hesta

Heimild: Örnefnaskrá 1931, bls 12

**SM-100:009 stekkur**

Vestan við Heimalækinn. Um 19 m. ofar en tótt 100:008. Tóttin er tvískipt. Hólfin tvö snúa n-s samsíða með innganga fyrir miðjum n-göflum. Innmál vestara hólfsins 5.3 x 3 . Því hólfi er skipt í tvennt til hálfs með millivegg sem gengur út úr suðurgafli, lengd 2.5 m. Þá myndast tvö lítil skot sitt hvoru megin við milliveginn, ca. 2.5x1 m E.t.v. hefur þeim verið lokað með tréverki. Austara hólfið er 5x3.3 m. að innanmáli, er einnig opið suður úr. Milli tóttar þessarar og meintrar Lambhústóttar liggur 2ja m. breiður garður, um 19 m. langur. E.t.v. hluti af túngarði.




Hættumat: hætta af völdum ágangs hesta

**SM-100:010 garður**

Vestan við Heimalækinn, byrjar 40-50 m. norður af bæjarstæðinu. Líklega túngarðurinn. Um 2ja m. breiður, liggur nv-sa milli tveggja tótta og er um 19 m. langur. Mjög gróinn.

Hættumat: engin hætta

**SM-100:011 stekkur**

Tóttin er staðsett rétt vestan eystri kvíslar Beljanda. Blásin tótt með veggjabrotum. Þrjú hólf, e.t.v. fleiri í þýfi vestan við tóttina. Tvö samsíða ferköntuð hólf, snúa ca. n-s og þriðja hólfið sunnan við. Vestara hólfið er 3.3. x 4 m. að innan, skipt til hálfs með millivegg, inngangur sést ekki. Austara hólfið er 3.5x4 m. að innan, opið til n og einnig til s inn í þriðja hólfið. Þriðja hólfið er sunnan megin, óreglulegt að lögun, innmál ca. 6.5x4 m, opið suður úr. Veggjaþykkt ca. 1.4 m.

Hættumat: stendur á mel og er að blása upp




**SM-100:012 matjurtagarður (eða rétt?)**

Við Heimalækinn alveg niður við veg. Ferköntuð girðing, hlaðin úr torfi, grjót sést ekki, innmál ca. 10 x 8 m. Vírgirðing gæti hafa verið ofan á.

**SM-100:013 tótt**

Neðan við veginn, nálægt sumarbústað við Norðfjarðará. Rúst, 4 x 4 m. að utanmáli, nokkuð af grjóti er í henni en tóttin er annars mjög ógreinileg.

Hættumat: hætta vegna rasks

**SM-100:014 beitarhús**

Á Hólaströnd sunnan Norðfjarðarár. Torf- og grjóthlaðið hús, ferkantað, stendur vel.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Hálfdan Haraldsson: munnl., Sveitir og jarðir III, bls 45

**SM-100:015 heytótt**




Um 100 m. norður af bæjarstæðinu. Hringlaga, þvermál utan um 6 m. inngangur til vesturs. Mjög lítið innmál eða um 1.m. Veggjaþykkt rúmlega 2.m. Torf og grjót í veggjum sem ná í hné. Þetta kann að vera annaðhvort Teighústótt eða Hlöðuhús sem minnst er á í Örnefnaskrá.

Hættumat: hætta af völdum ágangs hesta

Heimildir: Örnefnaskrá H 1931, bls 13

**SM-100:016 heytótt**

Um 70-100 m. nnv af bæjarstæðinu, nálægt Naumamel. Tóttin er aflöng, ferköntuð og liggur a-v. Innmál 6.8 x 2.8 m. veggjaþykkt ca. 1.m. inngangur sést ekki (hugsanlega til norðurs við austurgafl).

Hættumat: lítil hætta




**SM-100:017 heytótt**

Ofarlega á Ekrunni, hól sem er na- af bæjarstæðinu. Aflöng, snýr na-sv. Ferköntuð að innan, 4.3 x 1.2 m. veggjaþykkt 1.4 m. Öll horn hlaðin í boga utan á svo að útlínur tóttarinnar eru sporöskjulaga. Mjög gróin.

Hættumat: hætta af völdum ágangs hesta

**SM-100:018 „Hólarétt"- heimild um rétt**

Innst á Eyrunum við Norðfjarðará. Fannst ekki við skráningu 1993. Hálfdan Haraldsson telur að réttin sé horfin vegna ágangs árinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá 1931, bls 13, Hálfdan Haraldsson: munnl.

**SM-100:019 „Einarstótt"- heimild um tótt**

Á Bringunum á miðjum Útmýrum. Fannst ekki við skráningu.

Heimild: Örnefnaskrá H 1931, bls 12

**SM-100:020 „Hesthús"- heimild um hesthús**

Á Hesthúsgrund. Fannst ekki við skráningu.

Heimild: Örnefnaskrá H 1931, bls 13

**SM-100:021 „Stekkjareyri" - heimild um stekk**

Upp af Innri-Stekkjareyri við Norðfjarðrá. Líklega horfinn vegna ágangs Norðfjarðarár.

Heimild: Örnefnskrá H 1931, bls 13

**SM-100:022 heimild um helli**

Sunnan Norðfjarðarár, í Sörlagili. Þar á bústaður Sörla hálftrölls að hafa verið (af honum eru þjóðsögur) en hellirinn sést nú ekki.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 44

**SM-100:023 „Torfastekkur"- heimild um stekk**

„Út af Gerðishólnum utan við Hólalækinn er Torfastekkur" segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn fannst ekki við skráningu.

Heimild: Örnefnaskrá Hóla frá 1931, bls 13

## Tandrastaðir SM-101

Tandrastaðir er næsta jörð fyrir innan Hóla og munu upprunalega hafa byggst út úr Hólajörðinni. Að fornu mati var jörðin 3 hdr úr heimajörðinni. Í Jarðatali 1847 er jörðin í tölu fullgildra býla og er 1861 metin sérstaklega á 5.7 hdr. Býlið er ekki nefnt í manntalinu 1703 en er í byggð 1816. Þar var lítill heyskapur af túni og engjum en skógarkropp og útbeit góð. Bærinn fór í eyði 1936.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 45-46, Ögmundur Helgason 1983, bls 20, Jarðatal Johnsens 1847, bls 373, Manntöl 1703-1890

### SM-101:001 bæjarstæði

Rétt fyrir framan Hesthúslæk. Bæjarstæðið er um 26 m. langt frá a-v, traðir ná lengra til austurs. Framhlið snýr mót suðri. Bæjardyr eru ca 2-3 x4 m að innmáli. Grjóthleðslur standa þar í um 50-100 cm hæð. Torfveggur á þrjá vegu en timburþil hefur snúið fram. Göng (3.5 x 0.8 m.) frá bæjardyrum til baðstofu t.v. og eldhúss t.h. Baðstofa (2,7x1,4 m.), vegghleðslur standa mjög vel. Fjós var áður þar undir. Eldhús (ca. 5x4 m.), bálkur fyrir norðurgafli, 1.5 m. breiður, líklega hlóðir. Framan við bæjardyr var skemma (2x4 m.) hefur verið með torfþili, a.m.k. neðan til, og hlaða, ca 3.5x5 m. Utan við bæjardyr mótar fyrir garði eða rétt. Öll mál eru innmál. Veggjaþykkt frá 80-300 cm, minnst í eldhúsinu, mest í hlöðu. Norðan og vestan við bæinn er þýfi sem bendir til endurbygginga. Baðstofan var á palli og kýr undir. Gott sýnishorn af litlum bæ. Bæjarstæðið sýnir vel húsaskipan sem virðist óbreytt frá því búseta lagðist af. Var merkt með friðlýsingarstaur.




Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sveitir og jarðir III, bls 45-46, Örnefnaskrá Tandrastaða frá 1931, bls 15, Hálfdan Haraldsson: munnl. uppl.

### SM-101:002 matjurtagarður




Utan við Hesthúslæk. Innmál 10 x 5-7 m. breiddin er meiri í neðri hluta garðsins. Hann snýr nv-sa, inngangur sést ekki. Hleðslan í garðinum er þrjú umför af grjóti og hann u.þ.b. hnéhár. Í efri hluta garðsins er litlum steinum raðað í hring, ca. 1.5 m. í þvermál, líklega eftir börn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sveitir og jarðir III, bls 45-46, Hálfdan Haraldsson: munnl. uppl.

**SM-101:003 „Kvíaból"- heimild um kvíar**

„Framan við Upsarlæk, beint fram af bænum heitir Kvíaból" segir í örnefnalýsingu. Fannst ekki við skráningu 1993.

Heimild: Örnefnaskrá T 1931, bls 15

**SM-101:004 „Gerðishóll"- heimild um gerði**

Ofan við Tandrastaðahvamm. Fannst ekki.

Heimild: Örnefnaskrá T. 1931, bls 15

**SM-101:005 smalakofi**

Í brekku ofan við Melhvamm. Lítil grjótrúst.

Hættumat: engin hætta.

**SM-101:006 heimild um mjólkurkæla**

Mjólkurkælar eiga að vera staðsettir uppi í Tandrastaðateigi. Fundust ekki við skráningu 1995.

Heimild: Hálfdan Haraldsson: Norðfjarðarbók, óprentað handrit

**SM-101:006 „Pálsbrekkuhús"- heimild um hús**

Í Örnefnaskrá segir: „Fyrir utan og ofan bæinn er Pálsbrekka og Pálsbrekkuhús". Fannst ekki við skráningu 1993.

Heimild: Örnefnaskrá T. 1931, bls 15

**SM-101:007 „Hússtæði"- heimild um hús**

Innan við Tandrastaðaána er Balalækur og Balar. Fyrir ofan Bala er Skúlabrekka. Upp af þeim heitir Hússtæði og þar út af Rönkulág. Fannst ekki en örnefnið Hússtæði bendir til byggingar. Heimild: Örnefnaskrá T. 1931, bls 15

## Grænanes SM-102

Grænanes var í eign Skorrastaðakirkju á fyrri tíð, en komst í einkaeign 1920. Býlið var í byggð í manntali 1703 og 1816. Jörðin var að fornu mati 6 hdr., en í mati 1861 var hún talin 9 hdr. Jörðin var mjög landlítil, tún sæmilegt en þó þýft og engjar og útbeit í meðallagi. Vegna engjanna var jörðin talin sæmileg bújörð.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 53-55, Ögmundur Helgason 1983, bls 23, Manntöl 1703-1890, Jarðatal Johnsens 1847, bls 373

**SM-102:001 skemma**

Á hlaði, rétt utan við bæjarhúsið. Hlaðin úr torfi og grjóti, síðustu leifar gamla torfbæjarins. Eina torfhúsið á bænum. Mun hafa verið smiðja Árna Davíðssonar bónda sem bjó í G. fyrir 1925.

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-102:002 „Kvíaból"- rétt**

Í túni framan við bæ. Grjót- og torfhlaðin rétt, veggir standa vel, u.þ.b. metra þykkir. Tvö hólf. Notuð síðast 1949. Mesta lengd rúmlega 14 m. mesta breidd 13 m. að utanmáli. Ofan við réttina stóð afbýlið Kvíaból og fjárhús á túninu fyrir innan sem nú hafa verið sléttuð.




Hættumat: hætta af völdum ágangs hesta

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-102:003 heimild um völvuleiði**

Rétt ofan við bæ. Ekki vitað nákvæmlega hvar.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-102:004 brunnur**

Brunnur ofan við bæ. Í brekkunni ofan við bæinn þar sem áður stóðu þrenn hús sem nýlega eru rifin 1993. Grjóthlaðinn, þvermál ca. 1.20 m. dýpt ca. 2.30 m. niður á spýtnarusl.Voldugur tvöfaldur tréhlemmur ofan á og hvalbein lögð með hlemminum. Grjóthleðsla stendur vel.

Hættumat: hætta af völdum ábúðar

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-102:005 „Brunnhúsholt"- heimild um brunn**

Örnefnaskrá minnist á Brunnhúsholt sem á að hafa verið niður af bænum, ofan við Grund sem er við Norðfjarðará. Sést ekki lengur.

Heimild: Örnefnaskrá G. 1931, bls 25

**SM-102:006 brunnur**

Fyrir utan Brunnhúsholt, ofarlega í læk. Sést móta fyrir ennþá, ekki notaður eftir 1925.

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-102:007 heimild um fjárhús**

Fyrir ofan bæinn. Þrenn fjárhús hlaðin úr torfi og grjóti, mjög gömul. Rifin 1993 vegna riðuhreinsunar. Húsin hafa verið jöfnuð en sjá má enn hvar þau stóðu. Í Örnefnaskrá má finna örnefnin: Hesthúshóll, Lambhúshóll, Ærhúshóll og Diðrikshóll, nú nefndur Hjallhóll. Líklega hafa húsin staðið á þessum hólum.

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-102:008 heimild um fjárhús**

Á Stekkhústúni. Út og upp af bæ. Löngu horfin.

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-102:009 túngarður**

Meðfram læk rétt utan við bæ. Garðurinn sést á um 30 m. kafla, grjótröð og sumsstaðar gróinn garður. Um 10 m. neðan við neðri enda garðsins, hinum megin (framan) við lækinn, sést garðurinn á um 10 m. kafla og grjót (e.t.v. úr byggingu) við efri enda þessa kafla

Hættumat: hætta af völdum ábúðar




**SM-102:010 heimild um myllu**

Við Myllulæk úti undir fjárhúsunum sem nú standa. Síðast notuð á síðari hluta 19. aldar.

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-102:011 „Ærhúsklettur”- heimild um ærhús**

Fyrir utan og ofan bæ, utanvið Myllulæk, örn. Ærhúsklettur. Ekki skoðað.

Heimild: Örnefnaskrá G. 1931, bls 24

**SM-102:012 rétt**




Uppi á neðsta hjalla utan við bæ. Að hluta grafin inn í brekku, annars upphlaðin. Tvö hólf með millivegg án dyraops. Bæði hólf hafa líklega verið opin til norðurs. Mesta lengd um 18 m. mesta breidd um 6.5m að innanmáli. Mjög gróin.

Hættumat:lítil hætta

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-102:013 „Hesthústunga”- heimild um hesthús**

Utan við Stykki, út og niður af bæ. Ekkert að sjá 1993.

Heimild: Örnefnaskrá G 1931, bls 25

**SM-102:014 „Stekkhúsklettur”- heimild um stekk**

Fyrir utan og ofan bæ. Þetta er aðeins örnefni. Fannst ekki við skráningu 1993.

Heimild: Örnefnaskrá G. 1931, bls 24

**SM-102:015 „Ytri-Stekkur”- fjárborg og nátthagi**

Út á melum, nokkuð út af bæ. Hringlaga fjárborg (eða stekkur), skipt í miðju með ógreinilegum millivegg, kró innst (þrjú hólf).Fast við fjárborgina er mikið þýfi, líklega úr einhverju mannvirki. Þvermál fjárborgar að innanverðu mest tæpir 10 m. Veggjaþykkt um 2 m. Dyr til norðurs. Króin er tæpir 2.5 m. að innanmáli. Út frá fjárborginni er 30 m. langur garður. Við enda hans er nátthagi, fimmhyrndur, umlukinn hlöðnum garði. Lengd mest ca. 18 m. breidd mest ca. 10 m. að utanmáli. Lítil kofatótt er efst við nátthagann. Nátthaginn gæti verið eldri en fjárborgin og tilheyrt næsta byggingarstigi á undan.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-102:016 bátanaust**




Í Grænaneseyju, rétt utan við Bátskíl. Renna grafin inn í árbakkann, lengd 4.5 m. Torfhlaðið naust við enda hennar, bátlaga, ca. 8 x 2.5 m. að utanmáli. Rétt framan við eru veggjaleifar annars nausts eða hjalls. Tvær reglulega lagaðar gryfjur eru við enda naustsins, þar sem líklega hefur verið tekið efni í naustin. Um 55 m. utar með árbakkanum eru leifar nausts sem grafið hefur verið inn í bakkann, um 12 m. langt og á árbakkanum eru leifar af hlöðnum garði eða vegg, sveigðum, um 8 m. löngum. „Austan við Eyjuna sést merki um Naust suður af kíl sem mun hafa verið kallaður „Hjallkíll" segir Hálfdan Haraldsson í sjómannadagsblaði Nesk.1992. Árni Davíðsson b. Grænanesi 1881-1924 og Hermann bróðir hans í Skuggahlíð eru sagðir hafa gert út frá Grænaneseyju. hætta Áin getur þó tekið úr þeim smám saman.

Hættumat: talsverð hætta af ágangi árinnar

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL, Grein eftir Hálfdan Haraldsson í Sjómannadagsblaði Neskaupstaðar 1992

**SM-102:017 heimild um heytættur**

Ofan við Vilhjálmsklett. Fjöldi óviss.

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

**SM-102:018 heimild um heytættur**

Á Engihjalla. Fjöldi óviss.

Heimild: Sigfríð Sigfinnsdóttir: Spurningaskrá SAL

# Hellisfjörður

## Sveinsstaðir SM-103

Sveinsstaðir voru byggðir 1703 eftir manntali en þeirra er fyrst getið í svo kölluðum Stríðshjálparreikningi Danakonungs frá 1681. Mun fyrst hafa verið hjáleiga eða afbýli frá Hellisfirði og var þá metin 8 hdr úr heimajörðinni.Árið 1861 er jörðin metin sérstaklega á 12.9 hdr.. Í Jarðabók frá 1847 er jörðin sögð í bændaeign en þess getið að Skorrastaðakirkja eigi 5 af 6 hundruðum í jörðinni. Í brauðmati 1854 er jörðin ekki lengur talin með kirkjujörðum. Þetta var ysta býlið í Hellisfirði og stóð út með firðinum að norðanverðu. Tún var ekki stórt og jarðgrunnt en grasgefið. Engjar sæmilegar og voru þær framræstar í byrjun þessarar aldar. Beitarland og fjörubeit góð. Búið var fremur lítið og studdist mjög við sjósókn. Árið 1912 var bæjarstæðið flutt og byggt norskt bjálkahús með járnþaki. Bærinn fór í eyði 1952.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 56-57, Jarðabók Johnsens 1847, bls 373, Manntal 1703, Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði. handrit, Ögmundur Helgason 1983, bls 24

**SM-103:001 bæjarstæði - (eldra bæjarstæði)**

Í fjallinu austan og ofan Sveinsstaðaeyrar. Á Bakka, milli Heimalækjar og Miðlækjar. Gamli bærinn stóð 200-300 m. uppfrá eyrinni. Seinna var bæjarstæðið flutt og norskt timburhús byggt vestan og ofan Sveinsstaðaeyrar. Gamli bæjarhóllinn: Lengd 24 m. breidd 26 m. Veggir standa mest í 1. m. hæð og eru mest 1.5 m. þykkir. Vestan í hólnum er rúst fjárhúss úr torfi og grjóti og hefur timburþil snúið fram að firði. Þar er í garði og syðst í honum er þró eða fjárbað. Fjárhúsið var í notkun eftir að bæjarstæðið var flutt. Austan fjárhússins er nokkuð stór tótt, tæpir 14 m. að lengd. Á hluta af suðurvegg tóttarinnar er steyptur veggur, um 50 sm. á hæð. Festiboltar með róm standa upp úr veggnum. Norðurhluti hólsins er að mestu leyti uppgróinn en þó er nokkuð stór tótt greinilega að na en önnur ógreinilegri að nv. Ójöfnur í bæjarhólnum benda til endurbygginga.




Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá S. frá 1931, bls 28

**SM-103:002 tótt**




Um 40 m. ofan við eldra bæjarstæðið á Sveinsstöðum. Stærð 9x3.6 m. Grjóthlaðin tótt mjög gróin og hrunin, kann að hafa verið fjárhús. Framgafl hefur verið úr timbri. Að vestan og áfast við húsið hafa verið 2 garðar 13 og 10 m. langir en breiddin er jöfn lengd hússins. E.t.v. matjurtagarður eða gripheldi.

Hættumat: engin hætta

**SM-103:003 fjárhús**




Norðvestur af, og í túni eldra bæjarstæðisins á Sveinsstöðum. Stærð: 6x2.6 m. Grjóthlaðin, mjög gróin tótt. Dyr til suðurs og enn sést torfi þakinn þverbiti yfir dyrum.

Hættumat: engin hætta

**SM-103:004 hesthús**




Undir kletti í fjallshlíð ofan Sveinsstaðaeyrar. Timburhús byggt í grjóthlaðinni tótt. Bárujárn undir torfi á þaki. Innst er stallur með jötu úr timbri og er hún mjög nöguð eftir hesta. Inngangur vestan við stoð á framhlið og ljóri er á norðurstafni. Lengd 3 breidd 2.5 m. Veggir standa í 1 m. hæð og mesta breidd er 0.7 m.

Hættumat: engin hætta

**SM-103:005 bæjarstæði (nýrra bæjarstæðið)**




Nokkru sunnar og neðar en eldri bærinn. Vestan og ofan Sveinsstaðaeyrarinnar, ofarlega á tungu milli Heima- og Miðlækjar. „Norskt bjálkahús með járnþaki byggt ‘12, 10x8 m, ein hæð með porti og risi, 8 herb. og eldhús” segir í Sveitum og jörðum. Grunnur íbúðarhúss, stærð 8.2x7.3 m. Að austan steinsteyptur veggur upp að porti, vesturveggur fallinn. Steypt stétt norðan við hús. Lágur steyptur veggur ofan við stéttina. Efsti hluti skorsteins liggur ofan við tóttina og var hann hlaðinn úr eldföstum steini fengnum úr hvalstöðinni.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá S. 1931, bls 28, Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 57

**SM-103:006 útihús**




Um 30 m. norðan og ofan við nýrra bæjarhús á Sveinsstöðum. Stærð 5x3.3 m. Steinsteyptur grunnur. Steyptir veggir (40 cm. háir) að austanverðu en annarsstaðar trébitar festir við gólfið með kengjum. Afhýsi að norðaustan, innangengt. Nyrst á austurvegg hefur verið steypt járnplata með keng hnoðuðum á. Í austurvegg hússins hefur plata úr steypujárni verið steypt í vegginn.

Hættumat: engin hætta

**SM-103:007 húsgrunnur**




Ofan nýrri bæjarins á Sveinsstöðum. Stærð 6x5 m. Hefur verið timburhús og veggir festir niður á hornunum. Austan í grunninum er þó steyptur lágur veggur.

Hættumat: engin hætta

**SM-103:008 tótt**




Vestan og ofan við nýrra bæjarstæðið á Sveinsstöðum. Mjög vallgróin tótt, stærð 7x3 m. Vatnskrani er við vesturvegg og járntunna framan við. Þak er fallið niður í tóttina. Um 18 m. na af tóttinni er garður um 5x5 m. og mótar fyrir öðrum ógreinilegri nær tóttinni. Rétt neðan tóttar vottar fyrir grunnri gryfju.

Hættumat: engin hætta

**SM-103:009 heimild um skurð**

Handgrafinn skurður frá því eftir aldamót. Til að veita burt vatni af engjum.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 57

**SM-103:010 „Götuhjallavegur"- vegur**

„Út og upp af gamla bænum heita Sneiðingar. Þar sem vegurinn til Norðfjarðar liggur upp á Götuhjallann" segir í örnefnalýsingu. Vegurinn er enn vel greinilegur. Götuhjallaleið var aðeins hestfær á sumrum um 2 klst leið.

Heimildir: Örnefnaskrá Sveinsstaða frá 1931, bls 28, Sveitir og jarðir III, bls 57

**SM-103:011 heimild um verstöð**

Á Hellisfjarðanesi. Í Sveitum og jörðum í Múlasýslu segir að þarna hafi Skriðdælingar haft útræði og átt verskála. Ekkert sást til tótta við skráningu 1995. Mannvirki sést ekki á nesinu þegar siglt er fast meðfram því, en nesið er mjög vel gróið

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 57

**SM-103:012 „Sveinsstaðaeyri"- heimild um hvalveiðistöð**

Á Sveinsstaðaeyri. Geir Hólm gerði uppdrátt af mannvirkjum í hvalveiðistöðinni og síðan líkan sem er í Sjóminjasafni Austurlands. Tóttir á Sveinsstaðaeyri eru orðnar ógreinilegar.

Heimildir: Örnefnaskrá Sveinsstaða frá 1931, bls 27, Geir Hólm: munnl. uppl.

**SM-103:013 „Stekkabás"- heimild um stekk**

Neðan við Breiðabala, ofan við Stapafjöru. Fannst ekki við skráningu 1995.

Heimild: Örnefnaskrá Sveinsstaða frá 1931, bls 27

## Sjóhús og Naust SM-103b

Sjóhús þessi eru öll staðsett í víkinni milli Sveinsstaðaeyrar og Bjarnaborgartanga. Sjóhúsin kunna að vera frá Sveinsstöðum en Hellisfjörður og Sel áttu einnig útræði frá Sveinsstaðaeyrinni og má vera að einhverjar þessara minja kunni að tilheyra þeim. Þar sem minjarnar eru staðsettar í landi Sveinsstaða eru þær taldar með þeim. Ekki fundust neinar sjóhúsminjar á Sveinsstaðaeyrinni sjálfri.

**SM-103b:001 sjóhústóttir**

Tóttirnar standa ofan kletta framarlega á Bjarnaborgartanga neðan við Steina niður af nýrra bæjarstæðinu á Sveinsstöðum. Tvær, nokkuð vallgrónar, tóttir. Engar hleðslur eru sýnilegar. Syðri tóttin er ógreinileg þúst um 3x3 m. Nyrðri tóttin er hlaðin á þrjá vegu 2x3 m. og er opin fram til hafs.




Hættumat: engin hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson: munnl. uppl.

**SM-103b:002 naust**

Frammi á barði ofan fjöruborðs rétt austan Bjarnaborgartanga. Grjóthlaðið naust, um 3x2 m. Stórir náttúrusteinar eru notaðir sem undirstaða og grjóti hlaðið ofan á og milli þeirra. Festikengur úr járni hefur verið rekinn í stærsta steininn sem liggur efst í fjörunni.




Hættumat: engin hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson: munnl.uppl.

**SM-103b:003 klöpp með festikengjum**

Ofan fjöru milli Bjarnaborgar- tanga og Sveinsstaðaeyrar. Stór jarðföst klöpp sem reknir hafa verið í fjórir festikengir úr járni. Þarna hefur bátum verið hvolft yfir.




Hættumat:engin hætta

**SM-103b:004 naust og spil**




Á Sveinsstaðaeyrinni ofan víkurinnar milli eyrarinnar og Bjarnaborgartanga. Þarna er naust, tveir hlaðnir torfveggir um 5 m. langir þar sem bátum hefur verið hvolft ofan á. Veggirnir liggja samsíða og eru um 2 m. á milli þeirra. Engin merki eru um þak eða gafla. Leifar af gangspili liggja um 17 metrum ofan naustsins. Kólfur úr spilinu liggur skammt frá því.

Hættumat: engin hætta

## Hellisfjörður SM-104

Hellisfjarðar er getið í Landnámu sem nyrsta hluta í landnámi Freysteins fagra og er þá átt við fjörðinn allan. Að fornu mati 26 hdr. (án afbýla) en 1861 er matið 16.2 hdr án afbýlanna. Upprunalega var jörðin aðeins ein en skiptist svo niður í afbýli eins og Sveinsstaði, og Hellisfjarðarsel sem síðar komust í bændaeign. Jörðin var í bændaeign. Kirkja stóð við bæinn og er hennar getið í heimildum frá 1582-1741. Ræktunarkilyrði eru ekki góð. Túnið var snögglent og jarðgrunnt og var í hættu af aurskriðum. Engjar ágætar í fjalli og beitarland gott sem og fjörubeit. Hlunnindi voru af reka og sjósókn var stunduð af sumum ábúenda. Seinna voru Björnshús ein afbýla en í Jarðabók frá 1847 er Hellisfjarðasel nefnt sem hjáleiga. Oft var tvíbýlt í Hellisfirði en bærinn fór í eyði 1952.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 58-59, Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði, handrit, Ögmundur Helgason 1983, bls 24

**SM-104:001 bæjarstæði**




Bærinn stendur á undirlendi um 1 km inn af fjarðarbotninum norðan ár. Grunnur bæjarhúss 6x5 m. Hluti af steinsteyptum n-vegg stendur enn. Hlaðinn grjótveggur hefur verið við vesturgafl. Bárujárn er uppistandandi við suðurvegg. Veggir hafa verið styrktir með járni fengnu úr hvalstöðinni. Suðurveggur að hluta fallinn út. Norðan húss eru einhverjar útlínur, e.t.v. skúrs. Seinasta íbúðarhúsið var timburhús byggt 1912, stærð 10x6 álnir. Ein hæð með risi. Bæjar- hóllinn er mikill og hefur greinilega verið byggð þar lengi. Er einn þeirra bæja sem vel væri þess verður að athuga nánar.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 58

**SM-104:002 tótt**

Í bæjarhólnum 5 m. austan hústóttarinnar. Grjóthlaðin, en að nokkru grafin niður í bæjarhólinn. Stærð 7x3.1 m. Veggir standa upp í 1.45 m. hæð og eru 1.65 m. breiðir mest. Inngangur við suðurgafl. Timbur og bárujárn er í tóttinni.

Hættumat: engin hætta

**SM-104:003 heimild um kirkju/hálfkirkju**

Í Sveitum og jörðum segir að kirkja hafi staðið við bæinn í Hellisfirði. Svo ritar Hálfdan Haraldsson í handriti sínu, Bæjum í Norðfirði; „Árið 1343, þá skipar Jón biskup Árnason þar hálfkirkju. Hennar er síðan oft getið næstu aldir. En árið 1751 féll „sönghús” þetta af sjálfu sér „sökum afskiptaleysis propretoríum”. Árið 1760 er gerð úrslita tilraun til þess að endurnýja hálfkirkjuna eða sönghúsið, eins og kirkja þessi er stundum nefnd í gömlum gögnum. Skorrastaðarprestur sr. Þorsteinn Benediktsson (1771-1796) varðveitir þá eignarhluti hálfkirkjunnar, hökul, rykkilín og smáklukku. Ekki tókst að endurreisa kirkjuna svo hennar skeiði var lokið eftir 408 ára þjónustu í Hellisfirði.” Ekki er nú vitað hvar kirkjan stóð en margar mishæðir eru í bæjarhólnum í Hellisfirði og vera má að einhverjar leifar kirkjunnar kunni að finnast þar.

Heimildir: Sveitir og jarðir III, bls 58, Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði. óprentað handrit

**SM-104:004 matjurtagarður**

Um 3 m. sunnan við Hellisfjarðarbæ. Þarna má greina útlínur garðs um 10 cm á hæð sem líklega hefur verið notað sem matjurtagarður og girt í kring. Um metra neðan garðsins eru mjög ógreinilegrar útínur garðs eða tóttar um 6x3 m

Hættumat: engin hætta

**SM-104:005 tótt**

Um 20 m. sv- af íbúðarhúsi í Hellisfirði. Grjóthlaðin, stærð 5.9x2.1 m. Timburþil hefur líklega verið til sa. Húsið er að nokkru niðurgrafið í bæjarhólinn. Veggir standa mest í 0.95 m. og eru mest 1 m. breiðir. Timbur og bárujárn er í tóttinni.

Hættumat: engin hætta

**SM-104:006 skurðir (grafreitur?)**

Sv af bæjarhúsunum í Hellisfirði, syðst í bæjarhólnum. L-laga svæði (um 15x8m.), afmarkað af mjóum skurðum er umlykja það að mestu nema um 2ja m. stykki í sv- horni tóttarinnar. Fyrir miðju svæðinu er grjóthlaðinn brunnur, um 60 cm. í þvermál. Ekki eru neinar heimildir um grafreit þarna en svæðið er allt mjög svipað grafreit þeim er staðsettur er na bæjar.

Hættumat: engin hætta

**SM-104:007 brunnur**

Mitt í svæði afmörkuðu af skurði sa bæjarins í Hellisfirði, syðst í bæjarhólnum. Hringlaga hola, um 60 cm í þvermál og um 1. m. djúp. Hún er grjóthlaðin að innan og er botninn þurr.

Hættumat: engin hætta

**SM-104:008 tótt**

Um 25 m. vestan við bæjarhól. Að mestu niðurgrafin, mjög máð, hleðslur sést ekki. Stærð 9.7x3.1 m.

Hættumat: engin hætta

**SM-104:009 tótt**

Um 30 m. vestan bæjarhóls. Niðurgrafin, mjög vallgróin, hleðslur sést ekki. Stærð 3.7x2.5 m.

Hættumat: engin hætta

**SM-104:010 fjárhús og tótt**

Um 50 m. nv af bæjarhólnum í Hellisfirði. Fjárhúsið er úr torfi og grjóti, hleðsla sýnileg innan á veggjum. Nokkuð vall-gróin og veggir hrundir. Hlaðin upphækkun eftir garða eftir endilangri tótt. Austan við húsið hefur líklega verið gripheldi eða heytótt. Utan þess má greina mjög ógreinilegar útlínur tveggja húsa eða tvískipts húss (eldri fjárhúss og hlöðu?).




Hættumat: engin hætta

**SM-104:011 grafreitur og gryfja**

L-laga svæði afmarkað af skurði (um 15x8 m) og gryfja liggja við niðurgrafna heimtröð na frá Hellisfjarðar bænum. Traðirnar þverskera nv-horn skurðarsvæðisins. Grafreiturinn eru tveir ferhyrningar afmarkaðir af grunnum skurði (breidd 40 cm. dýpt 30-40 cm.) og myndast nokkurskonar upphækkaður garður innan skurðarins. Um 1.m. austan skurðtóttarinnar er hringlaga gryfja. Vera má að þetta sé grafreitur sá sem getið er í Sveitum og jörðum.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 58




**SM-104:012 túngarður**

Vestast og yst í túninu í Hellisfirði. Garðurinn aðeins greinilegur í vesturhorni túnsins. Liggur þar á kafla í a-v og beygir og liggur þá n-s. Utan við garðinn liggur jarðvegur jafnhátt honum, e.t.v. hafa þarna fallið aurflóð.

Hættumat: engin hætta

**SM-104:013 tótt**

Um 100-120 m. nv af bæjarhúsinu í Hellisfirði, rétt ofan túngarðsins. Grjóthlaðin tótt, stærð 5.8x2.4 m. Inngangur á syðri hlið. Veggir standa í 1 m. hæð að innan og eru mest 0.8 m. breiðir. Timbur og bárujárni eru í tóttinni. Rétt ofan við tóttina er garður til varnar aurskriðum úr fjallinu.

Hættumat: engin hætta




**SM-104:014 varnargarður**

Liggur ofan við Hellisfjarðarbæinn til austurs og vesturs. Grjóthlaðinn. Liggur í beina línu ofan túns og túngarðs. Landið ofan veggs er jafnhátt honum vegna skriðufalla.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 59

**SM-104:015 rétt og gripheldi**




Ofan og vestan túns, ofan varnargarðs. Ferköntuð hlaðin tótt, stærð 12x6 m. Opin til suðurs. Vegir standa mest í 0.9 m. hæð innan og eru mest 1.1 m. breiðir.Neðan við tóttina er ferkantað svæði sem girt hefur verið af með vírgirðingu.

Hættumat: engin hætta

**SM-104:016 tótt**

Rétt ofan og vestan við rétt þá sem stendur ofan varnargarðs, vestan Hellisfjarðar. Bogamynduð smátótt. Hleðslur ekki sýnilegar.

Hættumat: engin hætta

**SM-104:017 tótt**

Neðan og sunnar réttar ofan varnargarðs. Mjög vallgróin, stærð 2x1.5 m. hleðslur sést ekki.
Hættumat: engin hætta

**SM-104:018 „Grjótkvíar" eða "Grjótstekkur"- kvíar**

Þrjár grjótkvíar í fjallshlíð norðan Hellisfjarðarbæjar. Tvær kvíar standa við stóran áberandi stein í hlíðinni en sú þriðja er staðsett eilítið austar og neðar. Þarna eru þrjár grjóthlaðnar, heldur óvandaðar kvíar. Stærð hinna efri er 5x1(neðri) og 4, 3x1.5 m. (efri). Efsta kvíin er opin í báða enda, næsta er ferhyrnd og alveg lokuð. Sú neðsta þeirra er stærst eða um 10x3 m. Hún er U-laga með inngang í suður.




Hættumat: engin hætta
Heimild: Örnefnaskrá H 1931, bls 29

**SM-104:019 „Naust"- naust**

„Fyrir vestan Skjólsteina heita Naust" segir í örnefnalýsingu. Þarna eru staðsett 2 naust. Naust 1 stendur fremst á nokkuð háum sjávarbakka vestan Skjólsteina. Naust 2 stendur við Skjólsteina. Naust 1: Lengd 5x3 m. Grjóthlaðið en mjög gróið, sjórinn hefur étið af bakkanum og liggur naustið á blábrún. Naust 2: Lengd 3 m. breidd 2 m. grafið ofan í lækjarfarveg rétt ofan fjörunnar og er mýri í botni þess. Engar menjar hleðslu.

Hættumat: mikil hætta þar sem naust 1 er smám saman að hrynja fyrir sjávarbakka og naust 2 er að sökkva í mýri.
Heimildir: Örnefnaskrá Hellisfjarðar 1931




**SM-104:020 „Skjólhús"- beitarhús**




Ofan við kletta er nefnast Skjólsteinar við sjóinn sunnan megin fjarðar. Húsin draga nafnið af klettunum. Tóttir tveggja samliggjandi húsa. Það stærra er fjárhús með grjóthlaðinni upphækkun fyrir garða. Grjóthlaðnar tóttir, mjög grónar. Timbur og bárurn er að finna í tóttunum. Stærð: 8x3.4 m. Mesta hæð veggja að innan 1.1 m. mesta breidd veggja 1.3 m.
Hættumat: engin hætta
Heimild: Örnefnaskrá Hellisfjarðar frá 1931, bls 30

**SM-104:021 smátótt**

Í norðurhlíð Viðfjarðarmúla í brekku sunnan og ofan beitarhúsa ofan við Skjólsteina. Stærð 2x1.6 m. Grafin inn í hlíðina. Timbur og bárujárn í tóttinni, ein stoð stendur enn og bendir til þakhæðar, 1.5 m. Veggir standa i 0.9 m. hæð og eru mest 0.6 m. þykkir.




Hættumat: engin hætta

**SM-104:022 beitarhús**




Í norðurhlíð Viðfjarðarmúla, fremst á sjávarbakka skammt utan Skjólsteina, niður af beitarhúsunum við Skjólsteina. Stærð 10x4.4 m. Niðurgrafin tótt, veggir grjóthlaðnir en mjög hrundir. Garði liggur eftir endilöngu að austan. Steinar á gólfi sem gætu hafa verið undir öðrum garða (úr timbri).

Hættumat: engin hætta

**SM-104:023 „Borg"- sauðaborg**




Undir suður fjallinu (Viðfjarðarmúla), framarlega á sjávarbakka ofan Borgarfjöru. Stærð 10.4x3 m. Grjóthlaðin, nokkuð gróin, veggir mjög hrundir. Standa mest í 1. m. hæð og eru mest 0.8 m.þykkir. Sauðaborgarinnar er getið í Örnefnaskrá frá 1931.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Hellisfjarðar frá 1931, bls 30

**SM-104:024 beitarhús**

Í Sveitum og jörðum,bls 58, segir svo: " Inn undir mörkum við Hellisfjarðarsel eru klettar tveir er Klif heita. Þar voru beitarhús á 19. öld, tvö hús og hlaða þvert fyrir endum beggja". Fjárhúsið er um 10x4 m. Garði eftir húsinu endilöngu og hefur timburþil verið á framstafni. Austan og áföst fjárhúsinu er smærri ógreinilegri tótt um 3x3 m. e.t.v. heytótt. Þvert á aftan við fjárhús og kofa er tótt um 5x4 m. líklega hlaða. Öll er tóttin mjög gróin kafgresi og nokkuð ógreinileg. Beitarhúsin munu vera frá 19. öld.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 58




**SM-104:025 fjárhús og heytótt**




Um miðja vegu milli Björnshúsa og Klifs. Mjög máð og vallgróin, stærð 8x2.5 m. Snýr stafni móti austri og ekki er garði í henni. Hæð veggja innan 0.4 m. breidd mest 1 m. Þetta hefur verið fjárhús með áfastri hlöðu eða heytótt aftan til.

Hættumat: engin hætta

**SM-104:25 „Sveinsstaðaeyri"- heimild um verstöð**

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir að útræði hafi verið stundað af sumum ábúenda Hellisfjarðar og hafi uppsátur verið á Sveinsstaðaeyri. Engin naust eða aðrar útgerðarmenjar fundust á eyrinni en þær kunna að hafa horfið við byggingu og þá atvinnustarfsemi sem tengdist hvalstöðinni. Vera kann að einhver þeirra nausta sem fundust við víkina milli Sveinsstaðaeyrar og Bjarnaborgartanga kunni að hafa tilheyrt Hellisfirði.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 59

**SM-104:026 „Kvíar"- heimild um kvíar**

„Fyrir neðan Glámu er Glámufjara og fyrir vestan hana Langafjara, þá Hvalfjara, Kvíar (bás) og Kvíafjara” segir í örnefnalýsingu frá 1931. Engar kvíar fundust við skráningu 1995.

Heimild: Örnefnaskrá H. 1931, bls 30

**SM-104:027 „Stekkaklif”- heimild um stekk**

„Fyrir ofan Björnshúsabala er Björnshúsaklettur og fram af honum klettabelti, nefnt Stekkaklif” segir í örnefnalýsingu. Ekki fannst neinn stekkur við skráningu 1995.

Heimild: Örnefnaskrá H. 1931, bls 30

**SM-104:028 „Hlöðuklettur”- heimild um hlöðu**

Í Örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan Björnshúsaklett heitir Bunga og ofan við hana Hlöðuklettur. Fram af honum eru Töðugontur.” Ekki fundust neinar hlöðu eða heytóttir við skráningu 1995.

Heimild: Örnefnaskrá H. 1931, bls 30

**SM-104:029 „Kvíaból”- heimild um kvíar**

„Á móti Hellisfjarðarbænum heitir Kvíaból” segir í örnefnalýsingu. Ekki skoðað við skráningu 1995.

Heimild: Örnefnaskrá H. 1931, bls 31

**SM-104:030 tótt**

Um 100-120 m ofan og vestan við sumarbústað við fjarðarbotninn. Tóttin er aflöng, innanmál um 4 m að breidd og um 15 m að lengd. Hún skiptist hún í 4 smærri hólf og er innangengt milli 3ja þeirra og eru dyr í sa horni. Smærra hólf er svo fast við eystri gaflinn. Líklega fjárhús og heytóttir, e.t.v beitarhús.

Hættumat: engin hætta

## Björnshús SM-104b

„Björnshús voru afbýli frá Hellisfirði tæpan 1 km inn af bænum og hafa sennilega byggst upp á fjárhúsum kenndum við einhvern Björn, en ókunnugt er um það” segir í Sveitum og jörðum. Býlisins er fyrst getið í sóknarmannatali 1884. Túnblettur var í kring um bæinn og heyskapur var einhver í fjalli. Landamerki voru munnleg og fylgdu Björnshús Hellisfirði að eignarhaldi. Býlið fór í eyði 1911.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 59, Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði, handrit

**SM-104b:001 bæjarstæði/beitarhús**

Norðvestur af Björns- húsahyl í ánni, tæpan 1 km. inn af bænum. L-laga bæjar- stæði og snýr gafl fram í dalinn. Vestur úr honum eru leifar byggingar um 5x4 að innanmáli. Fast við tóttina eru hlaðnir útveggir stærri aflangrar hústóttar um 11x4 metrar að innanmáli. Grjót sést í hleðslum og hlaðið grjótgólf eða gangur (um 1.5 m. breiður) liggur þvert yfir tóttina rétt aftan við miðju hennar. Austan við þessa tótt eru mishæðir sem benda til einhverra bygginga en ekki er hægt að sjá neitt lag á þeim. Hlaðin stétt hefur verið framan bæjarins og snýr lengri tóttin fram að stéttinni. Þök eru fallin ofan í tóttirnar. Hæð veggja er mest um 3 m. að innanmáli og breidd er mest 1 m.




Hættumat: engin hætta

Örnefnaskrá Hellisfjarðar 1931, bls 29, Sveitir og jarðir III, bls 59

**SM-104b:002 fjárhús**




Suðaustan við bæjarhólinn á Björnshúsum. Stærð: 9x3.7 m. U-laga og snýr op í suður, þar hefur líklega verið timburgafl. Grjóthleðsla sést í öllum innveggjum. Mesta hæð veggja innan 0.8 m. og breidd mest 1 m.

Hættumat: engin hætta

**SM-104b:003 hesthús**

Um 40 m. austan við bæjarhól á Björnshúsum. Smátótt, stærð 3x2 m. þó nokkuð hrunin og gróin. Vegghæð mest 1.1 m. innan og breidd mest 1 m.

Hættumat: engin hætta




## Hellisfjarðarsel SM-105

Hellisfjarðarsel var hjáleiga frá Hellisfirði í Jarðabók 1847 en fullgild jörð í bændaeign í fasteignamati 1861. Sel er sagt fara í eyði 1756 í eyðibýlaskrá Olaviusar frá 1776. Þar var því búið fyrir þann tíma og síðan aftur frá 1828-1928 þegar býlið fór í eyði. Að fornu mati var jörðin 8 hdr. úr heimajörðinni en 1861 er hún metin sérstaklega á 12.9 hdr. Tvíbýli var um skeið á þessari öld. Tún var grasgefið en blautt og fjárbeit ágæt. Aldrei var þó búið þar að nútímahætti.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 60, Olavius 1776, bls 143, Jarðabók Johnsens 1847, bls 373-374, Ögmundur Helgason 1983, bls 24

**SM-105:001 bæjarstæði**

Bærinn stóð rúma 3 km inn af fjarðarbotni norðan Hellisfjarðarár og norður af Nónfjalli. Stærð 28x30 m. allgreinileg rúst, þök hrunin niður í tóttina. Þrjár tóttir vísa fram á hlað (að sunnan), þar eru grjóthleðslur. Að norðan er mál innan veggja 7.5x6.5 m. en erfitt að greina veggjaskipan. Tvær tóttir að austan- verðu og merki um matjurtagarð (sáðgarð?)




**SM-105:002 uppspretta**

Lindin er staðsett rétt upp við bæjarhólnum um 3. m. suður frá honum. Mosavaxin uppsprettulind sem frá rennur smálækur. Merki eru um að grafið hafi verið í kring um

uppsprettuna líklega til að auðveldara væri að ná í hana vatn. Ekki fundust nein merki um að byggt hafi verið yfir hana.

**SM-105:003 sáðgarður**

Beint framan við bæjarstæðið á Seli. Garðurinn er hlaðinn um 15x8,5 m. að flatarmáli. Í Sveitum og jörðum (bls 60) er minnst á sáðgarð 130 fermetra að ummáli sem átt gæti við þennan garð.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 60

**SM-105:004 fjárhús og hlaða**

Um 60 m. nv- bæjar í Seli. Stærð 8,6x4.1 m. Snýr gafli til suðurs. Grjóthleðsla í veggjum. Grjóthlaðinn garði eftir endilöngu. Norðan við er áföst hlaða eða heytótt í beinu framhaldi af fjárhúsinu. Þak sést ekki. Um 20 m. ofan við tóttina mótar fyrir túngarði.

Hættumat: engin hætta







**SM-105:005 fjárhús og hlaða**

Um 50 m. austan og ofan bæjarhóls austan á bakka bæjarlækjarins. Snýr gafli til suðurs, stærð 10.5x4.5 m. Veggir mjög hrundir og garði ógreinilegur. Hlaða áföst og standa veggir nokkuð vel, hún er um 1 m. breiðari en fjárhúsið. Mesta hæð veggja innan eru 2 m. mesta breidd 1.7 m.

Hættumat: engin hætta

**SM-105:006 fjárhús og hlaða**

Um 50 m. austan við bæjarhús og utan lækjar þess sem rennur austan bæjarhólsins. Stærð 9,9x3,7 m. grjóthlaðin tótt, nokkuð gróin. Útlínur garða sjást enn fyrir miðju. Innangengt á milli en hlaðan er öll ógreinilegri.

Hættumat: engin hætta




**SM-105:007 fjárhús og hlaða**

Um 100-120 m. vestan við bæjarhólinn á Seli rétt vestan lækjar (líklega Björnsbalalækjar). Þetta er tvíhólfa fjárhús og hlöðutótt um 6x3 m. torf og grjóthlaðin og má sjá grjót á stöku stað í hleðslu.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Hellisfjarðasels, bls 32

**SM-105:008 matjurtagarður**




Neðarlega í túni suðvestur af bænum, rétt ofan árinnar er kantaður garður mjög vaxinn lyngi. Ekki sést í hleðslur, suðurhlið er mjög máð. Stærð um 10x8 m. Mesta hæð veggja 0.6 m. mesta breidd 0.5 m.

Hættumat: engin hætta
Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 60

**SM-105:009 tótt**




Um 200 m. austur af bænum í Seli, austan túns. Stærð 3.2x2.5 m. Grjót- og torfhlaðin og talsvert hrunin. Dyr hafa verið að sunnan. Vegghæð mest 1 m. að innan, breidd mest 0.7 m.

Hættumat: engin hætta

**SM-105:010 „Dalhústótt”- heimild um hús**

Norðan ár, skammt vestan við Heyvegslækinn. Fannst ekki við skráningu 1995

Heimild: Örnefnaskrá H. 1931

**SM-105:011 „Stekkur”- heimild um stekk**

Ysti hluti túnsins á Seli heitir Stekkur. Ekki fundust neinar minjar stekks við skráningu 1995.

Heimild: Örnefnaskrá H. 1931

**SM-105:012 gripheldi/rétt**

Réttin er staðsett við klett uppi í hlíð þvert á móti Klifi, sunnan árinnar. Þetta er grjóthleðsla sem liggur í hálfhring utan í klettavegg og myndar hann, sem og stórgrýti í kring, nokkurskonar náttúrulegan vegg. Garðurinn er nokkuð nokkuð stór, e.t.v. um 15 m. á lengd. Á stöku stað virðist vera torf ofan á hleðslunni.

Hættumat: engin hætta

**SM-105:013 smalakofi**

Kofinn er staðsettur undir Grænafelli, í landi Hellisfjarðarsels. Smátótt og er timbur í henni úr þaki. Smalakofi þessi var frá Skuggahlíð**.**

Heimild: Hálfdan Haraldsson

# Viðfjörður

## Viðfjörður SM-106

Viðfjarðar er getið í Landnámu og sagnir eru um að Freysteinn fagri hafi gefið leysingja sínum, Má, Viðfjörð. Á Már að hafa byggt sér bæ utar á norðurströndinni en bærinn eyddist í skriðuföllum og var bæjarstæðið þá fært innar með ströndinni þangað sem að það er nú. Jörðin var 9 hdr. að fornu mati en 1861 var matið 14.7. „Jörðin var bændaeign frá fornu fari en er nú ríkiseign nema 40 álnir sem eru í eigu eintaklinga" segir í Sveitum og jörðum. Ræktunarskilyrði voru lítil en beitarland var ágætt sem og fjörubeit en engjar voru reytingssamar. Búskapur studdist mjög við sjósókn. Afbýli frá Viðfirði voru þrjú: Másstaðir, Klif og Borg. Viðfjörður fór í eyði 1955.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 61-63, Ögmundur Helgason 1983, bls 25

**SM-106:001 bæjarstæði**

Bærinn stóð til forna frammi á túninu. Torfbær var fram um síðustu aldamót. Þá var byggt timburhús sem byggt var á árunum 1929-1930. Þar var byggt steinhús. Ekki er kunnugt um hvenær bæjarstæðið var flutt. Engin merki eru um bæinn núna en tún hafa verið sléttuð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Viðfjarðar 1931, bls 36, Sveitir og jarðir III, bls 63

**SM-106:002 „Hesthúshryggur"- heimild um hesthús**

Fyrir framan og neðan túnið. Fannst ekki við skráningu 1995, kann að hafa verið sléttað.

Heimild: Örnefnaskrá Viðfjarðar 1931

**SM-106:003 tótt**




Ofan víkur norðaustur af bænum. Stærð 14.1x11 m. Má vera að tveir veggir hafi verið úr timbri. Tóttinni hefur verið mikið raskað. Getur hafa verið rétt sem hefur verið hólfuð af með viði eða girðingu. Veggir standa mest í 1.2 m. hæð og eru mest 1 m. breiðir.

Hættumat: engin hætta

**SM-106:004 fjárhús (stekkur?) og garður**

Efst og yst í túni norðaustan við bæjarhúsið. Stærð 11.8x4.1 m. Veggir grjóthlaðnir og heillegir og hleðslur sjást að utan og innan. Útlínur garða greinilegar en tóttin mjög gróin að innan. Leifar garðs (um 10 m.) liggja í boga ofan við og austur frá tóttinni. Mesta hæð veggja að innan 1.4 m. og breidd 0.8 m. Þetta kann að vera stekkur sá er minnst er á í Örnefnaskrá.



Fjárhús og garður

Heimild: Örnefnaskrá H. 1931, bls 36

**SM-106:005 fjárhús og garðlag**

Um 100 m. norðan og ofan Viðfjarðarbæjar. Stærð 6.4x2.8 m. Mjög vallgróin. Inngangur fram að firði, op á austurvegg er e.t.v. vegna hruns. Vegghæð mest 0.8 m. Stuttur garður (um 6 m.) liggur í boga rétt ofan og utan tóttarinnar.

Hættumat: engin hætta

**SM-106:006 „Súrmatarsteinn"- steinn**

„Í túninu fyrir ofan bæinn, er stór steinn, sem nefndur er Súrmatarsteinn” segir í örnefnalýsingu. Stór jarðfastur steinn beint ofan bæjarhúsanna.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Viðfjarðar 1931, bls 37

**SM-106:007 útihús**

Tótt um 40 m. beint ofan við Viðfjarðarbæ. Stærð 8,5x2.9 m. Að nokkru leyti grafin inn í hlíðina, full af timbri og bárujárni ofl. Trégrindur í gólfi. Hleðslur mjög vallgrónar og að nokkru leyti runnar saman við hlíðina.

Hættumat: engin hætta




**SM-106:008 fjárhús-hlaða-tótt**

Um 90 m. vestan og ofan Viðfjarðarbæjar. Fjárhús og hlaða sambyggt, hlaða steinsteypt og tótt við vesturvegg hennar. Garði er í fjárhúsi, steyptur ofan á hleðslu og er fjárbað á enda hans. Þetta eru líklega fjárhús fyrir 200 fjár, hlaða og votheysgryfja sem nefnd eru í Búkollu.




Hættumat: engin hætta

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 62-63

**SM-106:009 kofi (hrútakofi?)**

Beint vestur af bæjarhúsinu og yst í túni. Stærð 3.3x2.7 m. Grjóthlaðinn úr stóru grjóti, þó nokkuð vallgróinn. Vegghæð mest 0.4 m. g breidd 1 m.




Hættumat: engin hætta

**SM-106:010 garður/rétt**




Sunnan Viðfjarðarbæjar neðst í túninu við árbakkann. Stærð 12x9 m. mjög gróinn, hæð veggja innan mest 1.1 m. og breidd mest 0.8m.

Hættumat: lítil hætta

**SM-106:011 beitarhús**




Í Örnefnaskrá segir: „Út frá Klifunum heita Klifabrekkur. Nálægt ánni heita Hvílubalar. Þar voru beitarhús um eitt skeið.” Þarna er mjög jarðsokkin og ógreinileg tótt, sambyggð fjárhús og heytótt, 8x3 m.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Viðfjarðar 1931, bls 36

**SM-106:012 „Fjárhúshóll”- heimild um fjárhús**

Í Viðfjarðarmúla innan við Másstaði, framan við Leiti. Örnefnið Fjárhúshóll kemur fyrir í Örnefnaskrá en ekki fundust neinar tóttir við skráningu 1995.

Heimild: Örnefnaskrá Viðfjarðar 1931, bls 36

**SM-106:013 „Naustalækur”- heimild um naust**

Framan við Höfnina. Fundust ekki við skráningu 1995.

Heimild: Örnefnaskrá Viðfjarðar 1931, bls 36

**SM-106:014 heimild um beitarhús**

Á Einarsbölum um 500 m. inn með Viðfjarðaránni. Fundust ekki við skráningu 1995.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 62

**SM-106:015 „Sel”- heimild um sel**

Fram og niður af Kúabotnum. Sel er nefnt í Örnefnaskrá en fannst ekki við skráningu 1995.

Heimild: Örnefnaskrá Viðfjarðar 1931, bls, 35

**SM-106:016 heimild um beitarhús eða sel.**

Á Engihjalla upp af fjarðarbotninum að suðaustan. Fundust ekki við skráningu 1995.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 62

**SM-106:017 „Gildurhraun”- heimild um tófugildru**

„Þá kemur gildrubás og Gildruhraun fyrir ofan hann. Þar var tófugildra um eitt skeið” segir í örnefnalýsingu. Fannst ekki við skoðun. Grjótið úr gildrunni var notað til þess að hlaða vörðu.

Heimild: Örnefnaskrá Viðfjarðar 1931, bls 35

**SM-106:018 „Spánskadys”- dys**

Á Dysjarvarpi milli Sandvíkur (Viðfjarðar) og Vaðlavíkur. Grjóthaugur.Lengd 13 m. breidd 3.5 m. Hæð 0.75 m. Ofan til á haugnum er strýta eins og hann hafi verið lagaður til nýlega. Sögur segja að undir haugnum eigi að liggja 18 Spánverjar og smaladrengur frá Breiðuvík.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Viðfjarðar frá 1931, bls 34

**SM-106:019 Valur/Valsmýri”- heimild um sögustað**

„Austan við Engjahjalla er stór mýri nokkuð blaut. Þó er þar harðvelli efst í henni þegar fer að halla upp í brekkuna fyrir ofan hana. Þar er mjög stórþýft…Þetta þúfnastykki er kallað Valur og dregur því mýrin nafn sitt af þessu stykki. Þetta er mýrin sem orustan milli Sandvíkinga annarsvegar og Viðfirðinga og Suðurbæinga hinsvegar, átti að vera í...Þúfurnar eiga að vera dysjar” segir í örnefnasafni. Þarna á að hafa fundist spjótsoddur. Í Sveitum og jörðum er mýrin nefnd Oddsmýri.

Heimildir: Guðmundur Magnússon: Örnefnasafn, bls 2, Sveitir og jarðir III, bls 62

## Másstaðir SM-106b

Munnmælasaga segir Má leysingja Freysteins fagra landnámsmanns hafa búið á Másseli en flutt bæinn vegna skriðufalla. Í eyðibýlaskrá sinni 1776 telur Olavius býlið hafa farið í skriðuföllum.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 61-62, Olavius 1776, bls 143

**SM-106b:001 „Másstaðir"- heimild um bæjarstæði**

Í Viðfjarðarmúla. Um 500 m. utan við Viðfjarðarbæ. Í Sveitum og jörðum (bls 62) segir að lítilsháttar tóttabrot sjáist enn þar. Ekki sáust neinar tóttir við skráningu 1995.

Heimildir: Örnefnaskrá Viðfjarðar frá 1931, bls 35, Sveitir og jarðir III

## Klif SM-106c

Á Klifi var býli um nokkurt skeið á sl. öld. Þar byggðu Davíð Jónsson og Guðrún Illugadóttir 1855 en býlið fór í eyði 1882.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 62

**SM-106c:001 bæjarstæði**




Inni við Klif inni í firðinum. Afbýli inni í dalnum. Á sléttu ofan Klifs, sést ekki frá veginum. Bæjar- rústin er um 25x20 m. að um- máli. Þarna hefur verið bursta- bær og eru mis-greinileg merki um veggjalag vistarvera. Þrjú herbergi hafa snúið fram á hlað en innangengt hefur verið í að minnsta kosti tvö herbergi baka til. Vestast í hólnum er tótt um 6x3 m. sem er lang greinilegust tóttanna og má sjá grjót í hleðslum og tré úr röftum í tóttinni. Hún er nokkuð djúp og hefur verið sér inngangur inn í hana baka til. Um 10 m. sa við tóttirnar eru einhverskonar upphækkanir, líklega mannaverk, en ekki er hægt að greina neitt lag á þeim. Byggt 1855, í eyði 1882.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Viðfjarðar 1931, bls 36 Sveitir og jarðir III, bls 62

**SM-106c:002 fjárhús**




Á sléttlendi ofan hóls þess sem liggur upp af bæjarstæðinu á Klifi. Tvö samliggjandi fjárhús, innmál 6x3 m. hvort. Sést í hleðslur, garðar eru í báðum húsum, dyr snúa fram í dalinn. Lengd utan 8 m. breidd 10 m. veggir standa mest í 1.1 m. hæð og eru mest 1 m. breiðir. Ekki fundust neinar heytóttir í nágrenninu.

Hættumat: engin hætta

## Borg SM-106d

Borg var upprunalega beitarhús frá Viðfirði en varð seinna afbýli. Borg var stuttan tíma í byggð á þessari öld. Þar bjó Halldór Eiríksson frá Stóra-Stekk á árunum 1926-1936. Slægjuland var mjög lítið og mun sjósókn hafa verið aðalatvinnuvegurinn.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 62

**SM-106d:001 tóttir/afbýli**

Skammt út með firði að sunnnanverðu ofan götu. Þrjár samliggjandi tóttir, þil hafa snúið fram til fjarðar. Innsta tóttin er smá, um 5x2 m., mjög gróin og hrunin. Austan við og samliggjandi er fjárhústótt, 8x4 m., nokkuð gróin, með greinanlegum garða. Austast er stærsta tóttin, 18x5 m. og eru grjóthleðslur sýnilegar í henni. Veggjahæð mest 1.5 m., veggjaþykkt mest 1.2 m. Um 30 m. ofan við tóttirnar er hóll sem líklega er kominn til vegna einhverra bygginga en ekki er neitt lag þar á. Þar var búið 1926-1936. Áður voru þarna beitarhús. Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 62




**SM-106d:002 tótt**




Frammi á allbröttum sjávarkambi norðan og neðan fjárhústóttarinnar á Borg. Stærð 4.5x1.9 m. Niðurgrafin smátótt, grjóthleðslur enn sýnilegar og nokkuð heillegar. Þil hefur snúið fram til fjarðar.

Hættumat: hætta af völdum hruns

# Suðurbæir

## Stuðlar SM-107

Stuðlar voru innsta býlið á Barðsnesinu. Jörðin var hálf Múlasýslujörð en hálf eign Skálholtsstóls. Hún var að fornu mati 6 hdr., en var árið 1861 metin 7.8 hdr. Hún var seld 1836 með konungsúrskurði og var síðan í bændaeign. Beitiland var gott og var landið snjólétt. Gamla túnið var vel grasgefið og ræktargott en engjar á reytingi. Ræktunarskilyrði voru allgóð og var helmingur túns sléttaður. Sjósókn var stunduð til hliðar við búskap. Afbýli voru tvö, Árnatótt eða Merki og Grundarhús, en bæði voru skammtímabólstaðir. Býlið fór í eyði 1957.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 63-64

### SM-107:001 bæjarstæði (gamli bæjarhóllinn)




Í Heimatúni utan við ána. Bæjarhóllinn er um 35 m. langur og 22 m. breiður liggur sem næst a-v, mjög gróinn. Norðan megin í hólnum eru tóttir þriggja húsa sem liggja samsíða og snúa göflum til norðurs. Tvær ytri tóttirnar hafa verið með timburgöflum fram. Þær eru algrónar en sést í steina í veggjum, sem eru mest ca. 1.8 m. á hæð. Vestasta tóttin er minnst gróin og full af spýtna og járnarusli. Tóttirnar eru um 6-8 m. langar og 3-5 m. breiðar. Þórður man eftir að þarna var haft fé eftir að flutt var úr bænum. Gamli bærinn var rifinn 1907.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Stuðla 1931, bls 38, Sveitir og jarðir III, bls 64, Þórður Sveinsson munnl. upplýsingar.

### SM-107:002 bæjarstæði (nýrra bæjarstæði)

Bærinn stóð á Grund sunnan við læk þann sem skiptir túninu í tvennt en gamli bæjarhóllinn stendur norðan við lækinn. Þar var byggt timburhús 1907 og síðar var steypt utan um það. Framhlið snéri til nv. Við n-gafl hefur verið byggt fjós, 3x7 m. að flatarmáli, og við v-vegg þess var haughús stærð 2.5x3 m. Útveggir og grunnur húss eru sjáanlegir en ekkert stendur þó uppi. Húsið var brennt fyrir nokkrum árum og hafa þá steinsteyptir veggirnir fallið. Í steypunni er sjávarmöl og muldir og heilir múrsteinar sem teknir voru úr hvalstöðinni í Hellisfirði.

Hættumat: engin hætta

### SM-107:003 tótt

Sunnan og ofan við nýrra bæjarstæðið. Snýr sv-na. Lengd 4.5, breidd 3.5 m. Hæð veggja innan 0.9 m. mesta breidd veggja 0.4 m. Veggir úr torfi og grjóti, innan við na-gafl hefur verið steyptur veggur og bárujárn af þaki er í tóttinni.

Hættumat: engin hætta

**SM-107:004 hænsnakofi**
Ofarlega í túninu í norðaustur frá nýrra bæjarstæðinu. Kofinn hefur verið grafinn niður, engin merki eru um hleðslur, en innveggir hafa verið klæddir bárujárni og asbestbárujárni. Lengd 3.5 breidd 2.5, mesta veggjahæð innan 0.4 m.

Hættumat: engin hætta

**SM-107:005 matjurtagarður**
Sunnan og ofan við bæjarstæðið, torfgarður. Liggur í hálfhring og er rofinn á vesturhlið. Rétt vestan við garðinn er þurr lækjarfarvegur. Útlínur beða sjást innan garðsins. Stærð: Lengd 9 breidd 5 m. Mesta breidd veggja 0.6 m. mesta hæð veggja innan 0.9 m.

Hættumat: engin hætta

**SM-107:006 heimild um myllu**
Við læk í túni. Staðsetning óviss. Fannst ekki við vettvangsskoðun.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 64

**SM-107:007 tótt**
Dálítið ofar og sunnar en yngra bæjarstæðið. Snýr sa-nv. Stærð 7.4x1.3 m. Hæð veggja að innan 1.3 m , mesta breidd veggja 1 m. Veggir grjót-og torfhlaðnir, en nokkuð hrundir. Við suðurvegg er skiki, 7x4 m. að flatarmáli og óveruleg torfhleðsla utan um.

Hættumat: engin hætta

**SM-107:008 fjárhús**
Ofan við Barðatanga. Snýr sv-na. Timburgafl hefur snúið fram að firðinum. Stærð 12x9 m. Veggjahæð innan 1 m. veggjabreidd 0.5 m. Við sa-gafl er viðbygging, 3x5 m. steinsteypt, e.t.v. hlaða. Við norðurhlið sjást leifar einhverskonar gripheldis eða garðs, um 15x9 m.

Hættumat: engin hætta

**SM-107:009 „Barðahaugur"- heimild um fornhaug**




Á Barðatanga við sjóinn. Ílangur hryggur, lengd um 12 m. ofan á tanga sem gengur út í sjó vestan við Skipafjöru. Tanginn liggur na-sv. Haugurinn er grasi gróinn en steinar liggja á stangli með- fram og á honum. Hæð haugsins er mest um 1 1/2 m. Geil er í hauginn að sunnanverðu og hefur þar verið grafið í hann. Þarna á að vera heygður landnáms- maðurinn Barði. Óvíst er hvort haugurinn er manngerður.

Hættumat: lítil hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Stuðla 1931, bls 38

**SM-107:010 „Skipafjara"- heimild um naust.**
Neðan við nýrri Stuðlabæinn. Leifar af steinsteyptu sjóhúsi í grýttri fjöru. Hrynur smám saman.

Heimild: Örnefnaskrá Stuðla 1931, bls 38

**SM-107:011 heimild um verstöð**

Á Hjalltanga. Óvíst hvort sést.Lítið að sjá, aðeins skoðað úr fjarlægð. Einhver tóttabrot kunna að vera þarna.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 64

**SM-107:012 völvuleiði.**

Í túni neðan við gamla bæjarstæðið. Stór steinn eða klettur. Grasi gróinn að ofan og á þremur hliðum en ber að norðanverðu.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 64, Hálfdan Haraldsson: Norðfjarðarbók, handrit

**SM-107:013 tótt**




Við Stuðlaá, inn af gamla bæjarstæðinu. Smátótt milli brekkuróta og árinnar, sporöskjulaga, innmál mest um 3 m., snýr n-s með inngang til s. Veggjaþykkt um 1 m. vegghæð um 1.m. Algróin, jarðsokkin, steinar sést ekki í hleðslu.

Hættumat: engin hætta

**SM-107:014 útihús**




Upp af gamla bæjarstæðinu á Stuðlum. Tvö sambyggð hús í lengju, lengd alls 12 m. breidd um 5 m. Liggur na-sv. Inngangur að na- verðu í fremra húsið, sem er óskipt,og að vestanverðu í aftara húsið sem er tvískipt.

Hættumat: engin hætta

**SM-107:015 hlaða eða heytótt**




Beint út af gamla bæjarstæðinu, innan gamla túnsins. Ferköntuð tótt, utanmál 4x4 m. dyraop til suðurs, í tóttarhorni, breidd 60 cm.Veggjaþykkt um 1 m. vegghæð upp í 1.70 m. veggir algrónir, grjót sést í veggjum.

Hættumat: engin hætta

**SM-107:016 tótt**




Ofan og utan við gamla bæjarstæðið. Hringlaga tótt hlaðin upp við stóran jarðfastan stein, steinninn er um 2ja m. langur. Tóttin er um 7 m. í þvermál mest að utanverðu, tvískipt, veggjaþykkt 0.80-1.50 m.

Hættumat: engin hætta

**SM-107:017 svarðargrafir**

Utan og ofan við gamla bæjarstæðið. Stórt mógrafasvæði. Mótak er sagt langsótt og torftak ekkert á Stuðlum (þar var búið til 1957). Mór var tekinn ofan við gamla bæjarstæðið eftir að hætt var að búa á S (1957)

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 64

**SM-107:018 heystæði**

Fyrir utan gamla bæjarstæðið. Ferköntuð, innmál ca. 3x4 m. Mjög óverulegir veggir.

Hættumat: engin hætta

**SM-107:019 heystæði**
Utan og ofan við gamla bæjarstæðið. Uppi á hól, beint upp af hlöðu. Hálfhringlaga hleðsla, innmál um 2.5 m. þvert yfir. Fleiri heytóttir eða aðrar smátóttir eru í gamla túninu og nágrenni þess en skráðar voru.
Hættumat: engin hætta

**SM-107:020 „Borg”- heimild um sauðahús**
Í túnjaðri við ána, upp af Leitum sem eru ofan við Stapa (Kríustapa). Staðsetning óviss.
Heimild: Örnefnaskrá Stuðla 1931, bls 38

## Grundarhús SM-107b

Grundarhús voru afbýli frá Stuðlum á Grundinni dálítið ofar en nýrra bæjarstæðið.
Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 64

**SM-107b:001 bæjarstæði**
Ofarlega í túninu ofan við bæjarstæðið. Stærð 10x4 m. Mesta hæð veggja að innan er 1.1 m. veggjabreidd 0.6 m. Snýr sa-nv. Tvískipt og er innra hólfið stærra. Um 2ja m. langur og 40 cm. breiður veggur skilur það frá ytra hólfinu. Veggir grjóthlaðnir en mjög hrundir og grónir.
Hættumat: engin hætta
Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 64

## Merki/Árnatótt SM-107c

Merki var afbýli frá Stuðlum, bærinn í Stuðlalandi en landrými var frá Barðsnesgerði. Þar bjuggu Árni Oddsson og Sigurbjörg Sigurðardóttir 1914-1917. Býlið hét Merki á meðan búið var þar en fékk síðar nafnið Árnatótt eftir Árna þeim sem bæinn byggði. Þetta hús var síðar flutt að Barðsnesi og átti það Guðmundur Grímsson, og enn seinna var það flutt til Sandvíkur.
Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 64

**SM-107c:001 hústótt/afbýli**
Á Illabásbakka. Snýr í na-sv. Lengd 11 m. breidd 5.60 m. Tvískipt í miðju. Tveir steinsteyptir útveggir í vestari helmingi og tveir grjóthlaðnir veggir um 1.70 m. á hæð. Austari helmingurinn hefur verið bygging úr torfi og grjóti. Matjurtagarður með lágum upphlöðnum vegg um 60-80 m. utan við Árnatótt, innmál ca. 7x8 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefnaskrá Stuðla 1931, bls 38, Sveitir og jarðir III, bls 64, Þórður Sveinsson munnl. uppl.




## Barðsnes SM-108

Barðsnes er landnámsjörð og segir í Landnámu að Freysteinn fagri hafi búið þar. Jörðin var 12 hdr. að fornu mati en 1861 er matið 17.3 hdr. Á Barðsnesi var bænhús og finnast heimildir um það í Vallaannál 1686 í tengslum við glæpamál. Í Jarðabók 1847 er Barðsnesgerðis getið sem hjáleigu og síðar bættist við Barðsnesgerðisstekkur. Ekki voru lögfest mörk á milli býlanna en samkomulag var á milli ábúenda. Barðsnes átti 2/3 lands og hin býlin tvö áttu til samans 1/3 lands. Hlunnindi skiptust með sama hætti. Beitiland bætti upp takmarkaða ræktunarmöguleika og auk búskapar var útræði stundað frá öllum Barðsnesbæjunum. Tún voru vélsléttuð 1951 en sama ár keyptu Barðsnesbæirnir og Stuðlar dráttarvél í félagseign. Jeppafær vegur var lagður 1951, nú ófær. Barðnes fór í eyði 1956.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 66-68, Jarðabók Johnsens 1947, bls 374, Ögmundur Helgason 1983, bls 26

**SM-108:001 frásögn um bæjarstæði**

Bærinn á að hafa staðið á hæð, rétt sunnan og vestan við Barðsnesbæ. Þar má ætla að bærinn hafi staðið einhverju sinni en ekkert sést nú á yfirborði annað en lítilsháttar upphækkun. Þarna var kartöflugarður og fannst þar kopargreiða sem er á Þjóðminjasafni.

Hættumat: engin hætta, nema til komi frekari framkvæmdir kringum bæinn.

Heimild: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL

**SM-108:002 bæjarstæði - „Barðsnesholt"/„Melhóll"**




Fyrir innan Barðsnesbæinn, undir brekkurótum í túni. Grjóthlaðinn grunnur íbúðarhúss, stærð ca. 9x4.5 m. Snýr na-sv, langhlið að sjó. Húsinu hefur verið skipt í tvennt, vestara herbergið 6.5. m.langt, hitt hefur verið inngangur. Torfveggir umhverfis, 1.5 m. þykkir að meðaltali. Meðfram suðurhlið er sund, um metra breitt og hinum megin eru sambyggð fjárhús og hlaða. Fjárhúsið snýr að íbúðarhúsinu, stærð þess er um 2.3 m. á kant og er enn þak á því. Hlaðan er baka til, innmál um 4.5 m. á kant, grjóthlaðin, veggjaþykkt um 1-2 m. Upphlaðnir bálkar eru við báða enda íbúðarhússins, e.t.v. matjurtagarðar.

Hættumat: engin hætta

Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAl

**SM-108:003 frásögn um tótt**

Í túninu beint niður af bæ. Þarna er hóll en óvíst hvort í honum eru mannaverk.

Þórður Sveinsson benti á tóttina.

Hættumat: engin hætta

**SM-108:004 hlaða-sjóhús-lambhús**

Við sjó vestan og neðan við Barðsnesbæ. Upprunalega var þarna sjóhús úr timbri, síðan var byggt við það lambhús að sunnan og hlaða að norðan. Viðbyggingarnar voru báðar steinsteyptar Flatarmál alls 15.4x3.7 m. Við austurvegg var rétt (neðst á Hringnum) stærð 5.6.5 m.

Hættumat:  nokkur hætta af sjógangi

Heimild: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL

**SM-108:005 naust**




Á Hringnum, sléttu svæði við sjó niður af Barðsnesbæ. Yst á Hringnum eru leifar bátlaga nausts eða tveggja nausta. Tveir eða þrír samsíða upphlaðnir veggir snúa na-sv, þar af einn greinilegur, lengd 7.5 m. og mesta breidd 5 m. Ofarlega í Hring- num að austan er bát- laga naust, tveir vegg- ir, snýr n-s. Lengd veggja 8-9 og stafnendi naustsins er fast við brekku. Þar nálægt er endi á lítilli tótt sem er hlaðin milli tveggja steina um 3 m. löng hleðsla. Naustin eru eldri en svo að Þórður muni eftir þeim í notkun.




Hættumat: lítil hætta

Heimild: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL

**SM-108:006 „Dórusléttur"- beðasléttur**

Í túninu fyrir innan Barðsnesbæ, niður af bæjarstæði Halldóru Davíðsdóttur og Sigurðar Þorleifssonar (Dórubrunni, Dórufjósi). Nokkur beð sem liggja nv-sa -frá fjalli fram á bakka. Á suðurbæjum tíðkaðist að bera slóg undir þökur við beðasléttun um og upp úr aldamótum. (Sveitir og jarðir III um Stuðla).

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Þórður Sveinsson vísaði á

**SM-108:007 „Dórubrunnur"- frásögn um brunn**

Innar og ofar en Barðsnesbær, í túninu. Dórufjós stóð utar, stór jarðfastur steinn í brekkurótum var í fjósgafli. Þar var seinna gerður rabbarbaragarður. Utan við fjósið stóð bær Halldóru Davíðsdóttur og Sigurðar Þorleifssonar. Hann var sléttaður út 1951. Lítið eða ekkert að sjá þar nú annað en áðurnefndan rabbabaragarð.

Heimild: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL

**SM-108:008 frosthús**

Við Báslæk að austanverðu, nálægt sjó, á móti sjóhúsi. Hlaðið undir brekku fast við lækinn, stærð innan 4x3.5 m., dyr til vesturs, að læknum. Ytri brúnir sjást illa. Veggir torf- og grjóthlaðnir. Á móti sjóhúsi Sigurðar Þorleifs- sonar. Ekki vitað hvort hann átti frosthúsið.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL




**SM-108:009 frásögn um myllu**

Í Báslæk inn af bænum. Sést ekki nú en steinarnir eru hjá Þórði.

Heimild: Þórður Sveinsson: Spurn- ingaskrá SAL

**SM-108:010 „Dórugarður"- garður**

Uppi í túni á Barðsnesi, innan við bæ, á innri bakka Báslækjar. Torfgarður, og við efri enda hans var lítil tótt sem nú sést ekki. Skjólgarður fyrir sauðfé á burði. Dóra var Halldóra Davíðsdóttir sem átti bæ skammt ofar í túninu.

Hættumat: engin hætta
Heimild: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL

**SM-108:011 „Sjóhús Sigurðar Stefánssonar"- sjóhús**




Við Barðsnesbás austanverðan. Byggt ofan í bakka, snýr sv-na, langhlið að sjó. Veggir grjóthlaðnir á þrjá vegu, steinsteypu slett í hleðsluna. Veggir eru tvöfaldir að vestan, torf utaná veggjum. Standa upp í 1.80 m. hæð. Steinsteypt gólf er í austari helmingi hússins. Framhlið var úr timbri, þó grjóthlaðin að hluta, austast. Í austari helmingnum var bátageymsla og verbúð uppi yfir með kojum. Einn stafngluggi var á og snéri heim að Barðsnesbæ. Í vestari helmingnum var beituskúr með litlum stafnglugga sem snéri til vesturs. Auk þess voru tveir gluggar á framhlið. Sjóbúðin var leigð skipshöfnum. Sigurður átti heima í Barðsnesholti. Hættumat: engin hætta
Heimild: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL

**SM-108:012 „Sjóhús Sigurðar Þorleifssonar"- sjóhús**

Við Barðsnesbás nálægt sjó, vestan við Báslæk. Grunnur sjóhúss, steinhlaðinn á þrjá vegu, hefur haft timburhlið að sjó. Innmál 5.3x3.5m. hliðarveggir 1 m. þykkir, bakveggur hlaðinn upp við brekku. Veggir standa upp í ca. 1.50 m. Fáeinum metrum ofar er grjótlögn í grasinu, stærð 10x4m. eitt lag af smágrýti, líklega þurrkreitur.
Hættumat: engin hætta
Þórður Sveinsson munnl. uppl.




**SM-108:013 rétt**

Í túninu á Barðsnesi, nokkuð innan við bæ. Tveir torfveggir byggðir vestan í litlum hól og mynda milli sín hólf með inngang til vesturs. Veggirnir liggja nv-sa og eru um 10 m. langir, 1.5-2 m. þykkir en mjög útflattir. Hafa líklega verið sléttaðir með ýtu. Hólfið er 6.5x6 m. að stærð og fyrir framan það, næst innganginum er örlítið hólf. Lækur rennur fast við innganginn.
Hættumat: lítil hætta




**SM-108:014 frosthús**




Í Bergárgili innan við Barðsnesbæ. Byggt innan í árgilið að austanverðu. Torfbygging (steinar sjást ekki), ferköntuð, um 9.5 m. á kant. Innmál um 5x5 m. veggjaþykkt um 2 m. Inngangur virðist hafa verið vestan megin, að ánni. Horn virðast hlaðin í boga. Þórður Sveinsson telur frosthúsið vera frá því um sl. aldamót.

Hættumat: engin hætta

**SM-108:015 „Lending"- tótt**




Íbúðarhús sem staðið hefur frammi á sjávarbakka ofan Lendingar. Innmál ca. 5.5x5 m. Að norðaustanverðu er viðbygging (forstofa eða skúr) og þar inngangur. Líklega einnig inngangur að vestan. Torf- og grjóthlaðið hús, veggir standa upp í rúmlega 1. m. hæð.

Hættumat: lítil hætta en húsið stendur þó tæpt á bakkanum

**SM-108:016 „Sjóhús Guðmundar Grímssonar"- sjóhús**

Frammi á sjávarkambi norðaustan bæjarhúss á Barðsnesi. Mjög ógreinileg tótt, gróin, engir veggir sjást. Húsið var flutt frá Stuðlum. Hringlaga hákarlagröf um 1.5x1.5 m. er um 5 m. austur frá tóttinni.

Heimild: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL

**SM-108:017 rétt**

Utarlega í túni, skammt frá sjávarbakka. Grjóthlaðin rétt, ferköntuð, innmál 11x5.8 m breiddin mest innst. Snýr na-sv með inngang í sv. Réttinni er ekki skipt niður.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL




**SM-108:018 „Sigfúsartótt"- heimild um mannvirki**

Beint upp af bænum í túninu. Stærð um 20x10 m. Ekki sýnilegar hleðslur en þó má greina mjög óljósar útlínur veggja. Steyptar undirstöður vindrellu eru á hólnum. Hóllinn hefur verið sléttaður og sjást nú ekki tóttir lengur.

Heimild: Örnefnaskrá Barðsness 1931, bls 41

**SM-108:019 bátapollur**

Upp af Barðsnesbæ, fyrir ofan Sigfúsarhól. Náttúrulegur pollur með fyrirhleðslu að vestan. Þar eru lágir og þunnir torfveggir. Þarna átti Þórður Sveinsson og systkini hans leikstað.

Hættumat: engin hætta

Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL

**SM-108:020 tótt - (bænhústótt ?)**




Beint upp af Barðsnesbæ, uppi á hól. Tótt, snýr nv-sa, inngangur líklega til sa. Innmál 5.5x4 m. veggjaþykkt sést illa, grjót sést í veggjum. Fyrir dyrum er lítil kelda með vatni í, líkt og far eftir stein. Heimildir eru um gamalt bænhús á Barðsnesi frá 1686. Sveinn Árnason taldi þetta vera leifar bænhússins. Það er þó óvíst. Þórður Sveinsson hefur komið fyrir krossi í tóttinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL, Hálfdan Haraldsson: Norðfjarðarbók ópr. handrit

**SM-108:021 reykkofi**

Í túninu á Barðsnesi, utan og ofan við bæ, skammt innan við húsgrunna Sigurðar Stefánssonar. Kofinn stendur að nafninu til enn.

Hættumat: engin hætta.

Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL

**SM-108:022 fjárhús- og hlöðutótt**




Í túninu á Barðsnesi, út og upp af bænum. Sambyggð og samsíða, liggja nv-a með innganga í nv. Þar virðast hafa verið timburþil. Innmál hlöðu 4x7.5 m. Á sa-gafli var baggagat og þar upp að flái. Innmál fjárhúss 4.5x7.3 m. garði eftir miðju og fjárbað á enda þess. Veggir grjóthlaðnir að innan, með torfi að utan, standa mest í 1.9 m. hæð. Fjárhúsið var byggt upp úr Færeyingahúsi sem stóð neðar, hlaðan var byggð um 1920.

Hættumat: engin hætta

**SM-108:023 heimild um tóttir**

Í Barðsnestúni utan og ofan við bæinn. Nokkrir hólar í túninu þar sem greinilega hafa staðið hús, en þau verið sléttuð. Það hafa verið útihús af ýmsu tagi. Hóll rétt innan við fjárhús- og hlöðutóttir í túni, um 100 m. utan við bæinn, var sléttaður 1951. Þar stóð einhverntíma bær en fyrir minni Þórðar Sveinssonar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL

**SM-108:024 heimild um fjárhús**

Utar- og ofarlega í túninu, utar en tótt 108:022. Var rifið um 1935 og síðar sléttað með ýtu 1951.

Heimildir: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL




**SM-108:025 tótt**

Utarlega í Barðsnestúni, vestan við læk. Ógreinilegar útlínur, stærð virðist 12x9.5 m. Hefur líklega verið sléttuð með vél.

**SM-108:026 tóttir**




Yst í Barðsnestúni. Leifar tveggja ógreinilegra tótta: Tótt 1: Utanmál 10x8 m. virðist hústótt, en mjög útflött. Tótt 2 er smátótt frammi á sjávarbakka og grjótröð á bakkanum. Hugsanlega hafa þessar tóttir verið sléttaðar með vélum.

Hættumat: engin hætta

**SM-108:027 tóttir**

Ofan við réttina yst í Barðsnestúninu. Sitt hvoru megin við læk. Þetta eru hrúgöld, veggjaskipan sést ekki. Líklega hafa þessar tóttir verið sléttaðar út.

**SM-108:028 „Grjótgarður"- garður**

Utan í Króarklettum. Grjótröð upp á klettabrúnir fyrir utan túnið. Nær fram á Sjávarkletta. Á jafnsléttu er hlaðið upp, 2-3 raðir af grjóti, og skarð í garðinn þar sem gatan lá út á Barðsnesið. Garðs þessa er getið í Örnefnaskrá frá 1931.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL

**SM-108:029 „Maríuver"- stekkur**

Innan við Maríuver er tótt uppi á bakkanum. Tótt, snýr na-sv, lengd 12 m. breidd 11 m. að utanverðu. Veggjaþykkt 2-2.5 m. veggir mjög útflattir og grónir. Sést í steina. Horn eru bogadregin. Lítið hólf byggt ofan í eitt horn tóttarinnar, e.t.v. lambakró.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Barðsness 1931




**SM-108:030 rétt**

Á Hellisfjörubökkum. Torf- og grjóthlaðin, eitt hólf, inngangur til vesturs. Utanmál ca. 13x13 m.

Hættumat: engin hætta




**SM-108:031 „Stekkabás"-stekkur/tóttir/hænsnakofi**

„Norðan og neðan við Klifin er Stekkabás" segir í örnefnalýsingu. Aflöng tótt, utanmál 17x7 m. Snýr nálega a-v með langhlið að sjó. Skiptist í þrennt. Vestast er tótt hænsna- kofa frá þessari öld. Utan við hann eru útflattir veggir eldri bygginga. Um 15 m. vestar er kofatótt, utanmál 5x7 m, dyr til na. Líklega stekkur í upphafi. Í Örnefnaskrá Barðsness má finna ör- nefnið Stekkabás sem er þriðji bás innan við Maríuverstanga.

Heimild: Örnefnaskrá Barðsness 1931, bls 42




**SM-108:032 stekkur**




Ofan og innan við Duggarabás. Tvær samliggjandi tóttir á innri brún bássins, snúa sem næst n-s. Ferkantaðar, innmál ca. 4x4 m. og 5.5x5.5m. Vestan til eru tóttirnar grafnar inn í bakka, að austan hafa verið upphlaðnir veggir en eru nú mjög ógreinilegir. Dyr eru á millivegg. Um 15 m. lengra vestur er lítil tótt, utanmál um 2.8x2.2 m. Hún er ferköntuð, dyr snúa til norðurs. Þórður Sveinsson segir að útlendir skútusjómenn hefðu sótt sér vatn í læk í Duggarabás. Tóttirnar eru ekki því viðkomandi.

Hættumat: engin hætta

### SM-108:033 „Kvíabás”- heimild um kvíar

Kvíabás er nefndur í Örnefnaskrá. Staðsetning hans er utan við Innra-Mónef, utan Rauðubjarga. Var ekki skoðað 1995.

Heimild: Örnefnaskrá Barðsness 1931, bls 43

### SM-108:034 „Svarðarbotn”- heimild um svarðargrafir

Fyrir ofan Hestamýri, báðum megin lækjar.

Heimild: Örnefnaskrá Barðsness 1931, bls 43

## Bæjarstæði SM-108b

„Svo heitir blettur innan við Rauðubjörg, og eru þar tóttarbrot og partur af garðlagi, sem gæti verið af túngarði eða nátthaga. Munnmælin hafa hins vegar þá skýringu að, að þarna séu leifar af bústað Barða” segir í Sveitum og jörðum. Barði á að hafa verið landnámsmaður og á landnámsbærinn að hafa staðið á Bæjarstæði. Þjóðsaga er til um viðureign Barða þessa og tröllkonu nokkurrar. Á hún að hafa hleypt skriðu á bæ Barða en hann náði að stöðva hana. Skriða er ofan við tóttirnar og nefnist hún Bæjarstæðisurð.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 68, Hálfdan Haraldsson: Norðfjarðarbók, ópr. handrit

### SM-108b:001 bæjarstæði

„Á Mýrunum neðan við Skollaskarð eru þústa eða húsarústir, sem nefndar eru Bæjarstæði. Þar á Barði landnámsmaður á Barðsnesi að hafa búið” segir í örnefnalýsingu. Hringlaga túngarður, um 130 m. í þvermál. Rústir innan hans á 5 stöðum og einnig á einum stað utan við garðinn. Sagnir eru um gamalt bæjarstæði þarna. Bæjarstæði er eitt fornbýla sem ástæða væri til að athuga.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Barðsness 1931, bls 42, Þórður Sveinsson: Spurningaskrá SAL




## Barðsnesgerði SM-109

Barðsnesgerði er næst ysta býlið á Barðsnesinu og var jafnan nefnt Gerði. Þess er fyrst getið í Jarðabók frá 1847 og er þá hjáleiga frá Barðsnesi. Í fornu mati var Gerði talin 4 hdr. úr heimajörðinni. Það var í byggð 1816 en ekki 1703. Gerðisstekkur var hálflenda frá Gerði. Tún voru lítil en vel ræktuð og grasgefin, engjar reytingssamar en beitiland gott. Auk búskapar var sjósókn stunduð frá Gerði. Tún var nær allt þaksléttað. Í Gerði eru enn uppistandandi veggir síðasta íbúðarhúss. Fór í eyði 1955.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 66, Manntöl 1703 o g1816, Ögmundur Helgason 1983, bls 27

**SM-109:001 fjárhús- og hlöðutótt**

Niður við sjó, austara húsið af tveimur. Sambyggt í lengju sem snýr na-sv, inngangur á öðrum gafli. Innmál fjárhúss 7x8 m. Þar eru steinsteyptar undirstöður tveggja garða. Framan við er hólf, innmál 7x4 m. og hefur verið veggur á milli. Aftan við er hlaða, innmál 3.5x4.5 m. Niðurgrafin, inngangur ekki sýnilegur. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir.

Hættumat: engin hætta




**SM-109:002 „Fjárhús Bjarna Sigfússonar"- fjárhús**




Vestara fjárhúsið af tveimur sem standa niðri við fjöru. Snýr nv-sa með inngang til nv. Innmál 8x8.5m. Lítil útbygging að sunnanverðu, opið á milli. Útbygging að norðanverðu einnig og steinsteypt undirstaða veggjar á milli. Sú útbygging hefur verið áheldi. Byggt úr torfi og grjóti. Steinsteyptur garði eftir endilöngu vestanvert í húsinu og grjóthlaðin undirstaða undan öðrum garða að austan. Timburþil hefur verið til norðurs.

Hættumat: engin hætta

**SM-109:003 tótt**

Um 40-50 m. ofan við Gerðisbæinn. Ferköntuð tótt, 3.5x2.5 m. Veggir grjóthlaðnir og hefur verið steypt í þá.

Hættumat: engin hætta

**SM-109:004 tótt**

Um 40-50 m. ofan við Gerðisbæ. Snýr sa-nv. Útveggir hlaðnir úr stórgrýti og steypa sett í þá. Framhlið hefur líklega verið úr timbri.

Hættumat: engin hætta

**SM-109:005 tótt**

Rétt austan við lækinn sem skilur að Gerði og Gerðisstekk, ofan vegar. Stærð 3.5x3.5 m. Veggir grjóthlaðnir og um 80 cm. þykkir en mjög grónir. Snýr sa-nv og inngangur fram til fjarðar. Hægra megin í innganginum er stór steinn og á honum liggur hvalbein.

Hættumat: engin hætta

**SM-109:006 rétt**

Réttin er stutt austan við tún á Barðsnesgerði niður frá bæjarhúsinu sem enn er að nokkru uppistandandi. Ferköntuð með afrúnnuð horn, innmál 9x7 m. Inngangur er á langhlið nálægt horni. Réttin er rjóthlaðin, veggir standa upp í 1.m. hæð, mjög grónir að utan. Sameiginleg rétt fyrir Barðsnesgerði og Barðsnesgerðisstekk.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Þórður Sveinsson: munnlegar uppl.




**SM-109:007 fjárhús**

„Á Lendingarbakkanum eru fjárhús frá Gerðisstekk" segir í Örnefnaskrá. Snúa na-sv. Byggt utan í brekku, tvö samsíða hús sem hafa snúið timburþili framtil fjarðar. Innmál ca. 10x5.7 m, skipt í tvennt með vegg (nú sést steinsteypt undirstaða). Torf og grjót í útveggjum sem standa upp í 1.50x1.80 m. hæð.




Hættumat: lítil hætta

Heimild: Örnefnaskrá Barðsness 1931, bls 41

**SM-109:008 „Þangkersskúr"- sjóhústótt**

Efst í fjörugrjótinu í Lendingu. Stærð 5x4.5 m. Veggir grjóthlaðnir og grjóthlaðinn kantur framan við. Steinsteypt viðbygging að vestan um 3x3 m. Aðeins undistöður sjást þar nú.

Hættumat: lítil hætta




## Barðsnesgerðisstekkur SM-109b

Barðsnesgerðisstekkur var hálflenda frá Barðsnesgerði en var þó í einkaeign. Býlið gekk oftast undir nafninu Gerðisstekkur. Hálflenda Barðsnesgerðis, byggðist 1889, í eyði 1952. Eftir það var jörðin nytjuð frá Gerði til 1955.

Heimildir: Örnefnaskrá Barðsness 1931, bls 41, Sveitir og jarðir III, bls 66

**SM-109b:001 bæjarstæði**

Gerðisstekkur var staðsettur rétt sv lækjar sem rennur í gegn um túnið á Barðsnesgerði. Uppistandandi hús sem múrað var í kringum 1940. Grjóthlaðinn kjallari stendur nú, stærð um 11x7 m. snýr na-sv. Veggir standa í fulla hæð, 1.80 m. Kjallarinn er tvískiptur. Inngangur sv- megin á gafli, þar undir er jarðvegsfylling og þar hefur ekki verið kjallari. Matjurtagarður hefur verið norðan megin, stærð 17x8 m.




Hættumat: engin hætta

**SM-109b:002 fjós**

Rétt ofan og sunnan við bæjarstæðið. Snýr a-v, inngangur í v. Lengd 5.8 breidd 3.6 m. Veggir grjóthlaðnir, en vallgrónir, standa í 1.m. hæð og eru 1. m. á þykkt. Norðan við eru útlínur haughúss, 3.1x1.5 m. mjög grónar.

Hættumat: engin hætta

**SM-109b:003 fjós og hlaða**

Sambyggð tótt neðan og vestan við bæjarstæðið á Gerðisstekk. Snýr sa-nv. Fjós: 9x4 m. steinsteyptir veggir en líklega timburgaflar báðum megin. Leifar steypts haughúss við framhlið, stærð 3x3 m. Norðan við er hlaðan, 7.5x3.5 m. Tveir steinsteyptir veggir, einn torf- og grjóthlaðinn og eitt timburþil. Í fjósi standa skilveggir, tveir steyptir og einn úr asbestbárujárni, sem marka 3-4 bása.

Hættumat: engin hætta

# Sandvík

## Sandvík (Mið-Sandvík) 110

Miðsandvík er upphaflega býlið í víkinni. Sandvík var byggð þegar á landnámsöld og var þar samfelld byggð þar til síðustu býlin fóru í eyði 1946. Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir: „S er frá fornu fari aðalbýli og heimajörð í Sandvík, og líklega eina býlið með sérstöku nafni fram um 1800, en fjórbýlt var á bænum 1703. Þar var bænhús og getið í skjölum 1582, og í ályktun frá prestastefnu 1651 er samþykkt að halda því við vegna fjarlægðar byggðarlagsins frá aðalkirkjunni. Býlið var kallað Mið-Sandvík í heimasveit en jafnan Sandvík í jarðabókum." Sandvíkurjörðin var alltaf aðeins ein en var skipt á milli býla eftir hundruðum. Sandvík var að fornu mati 24 hdr. en 1861 var hún metin 32.8 hdr. Í Jarðabók Johnsens frá 1847 er getið um fjögur býli í Sandvík: Sandvík, Damm (sem er lagður að jöfnu við Sandvík en var að fornu 8 hdr.), Sandvíkursel (4 hdr.) og Sandvíkurpart (4 hdr.). Önnur afbýli út úr heimajörðinni voru: Sandvíkurhundruð og Sandvíkurstekkur. Fleiri afbýla er getið en þau voru Sveinsstekkur, Marteinsstekkur og Sigfúsarhóll, sem og Miðhjáleiga, Þorljótsstaðir (Kverk) og Fífustaðir en þrjú seinustu býlin eru sögð í eyði í Ferðabók Ólafs Olaviusar frá 1776. Eina uppistandandi byggingin í Sandvík nú er skipbrotsmannaskýli björgunarsveitarinnar Gerpis, Neskaupstað.

Heimildir: Sveitir og jarðir í Múlaþingi, bls 69-74 , Olavius 1776, bls 143, Jarðabók Johnsens 1847, bls 374, Manntöl 1703, 1762, 1785 og 1801, Hálfdan Haraldsson: Bæir í Norðfirði, handrit, Ögmundur Helgason 1983, bls 28

Heimildamenn: Hálfdan Haraldsson og Sveinbjörn Guðmundsson,

**SM-110:001 bæjarstæði**

Um miðja víkina að norðanverðu. Bæjarstæði: ummál 27x25 m., liggur n-s. Líklega marg endurbyggt. Síðustu húsin stóðu austan til í hólnum. Þar er hlaðinn kantur, um 10 m. langur, og tótt eftir timburhús, stærð 5.5x7.5 m. og viðbyggingu (forstofu?) að utanverðu, stærð 4.5x3 m. að innanmáli. Húsið var byggt 1923 og var þá frá Barðsnesi. Það fauk seinna í óveðri á fimmta áratugnum. Ofan við hússtæðið er matjurtagarður á tvo vegu, innmál mest 15 m. (frá n-s) og 10.5 m. (frá a-v). Handan bæjarhlaðsins er þúst sem líklega er eftir margendurteknar húsbyggingar. Merkilegur bæjarhóll sem ástæða væri til að athuga betur.




Hættumat: engin hætta




**SM-110:002 tótt**
Um 20 metrum utar en bæjarstæðið. Ferköntuð tótt með inngangi í a. Stærð um 12x10 m. að utanmáli, mesta þykkt veggja 1.80 m. Veggir standa upp í 1.80 m. hæð innan. Tóttin er mjög gróin, steinar sjást hvergi. Utan við tóttina er mikið þýfi, en sköpulag á veggjum sést ekki. Hús hafa verið marg endurbyggð og hefur myndast við það hóll. Sveinbjörn Guðmundsson segir að þarna hafi síðast verið hlaða.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Sveinbjörn Guðmundsson: munnl. uppl.

**SM-110:003 tótt (mylla?)**




Um 10 metrum ofan við bæjarstæðið, við lækjarsytru. Tóttin er sporöskjulaga, innmál 3x2 m. veggir mest 80 cm. þykkir og standa í 50 cm. hæð. Inngangur er til austurs (að læknum). Tóttin er mjög ógreinileg og sker sig lítt úr umhverfinu.

Hættumat: engin hætta

**SM-110:004 tótt**
Fyrir miðju túni, um 25 metrum neðar en garður sá sem liggur þvert um túnið. Kofatótt, utanmál 7x9 m. Veggir standa í 1.80 m. hæð utan og eru mest 2.5 m. þykkir. Inngangur til austurs. Tóttin algróin og sést hvergi í steina.

Hættumat: engin hætta

**SM-110:005 garðar**
U.þ.b. í miðju túni, þvert yfir túnið frá n-s. Sjást illa vegna mikils gróðurs. Garður 1: um 120 m. langur. Liggur n-s, með einhverjum hlykkjum. Við suðurenda hans er sporöskjulaga hólf, 9x8 m. að stærð, opið fjallsmegin. Þar endar garðurinn. Frá norðurenda er stutt í tótt no 110b:003 í Hundruðum. Garður 2: um 120 m. langur, liggur frá Partslæk á móts við tótt 110b:003. Liggur til austurs á um 70 m. kafla, þá sker hann garð 1 (virðist fara undir hann) og liggur áfram niður túnið á um 40 m. kafla. Fleiri garðalög kunna að vera innan túns.

Hættumat: engin hætta

**SM-110:006 tótt**
Fyrir miðju túni, 30 m. frá Partslæk. Hústótt, snýr inngangi að læknum (til suðurs). Ferköntuð, innmál 3x3 m. Mesta hæð veggja 1.80 m. innan og utan. Veggjaþykkt um 2 m. Tóttin stendur í þúfum sem geta verið vegna endurbygginga.

Hættumat: engin hætta




**SM-110:007 tótt**




Neðarlega í túni, rétt við Partslæk. Hústótt með bogadregin horn, virðist kringlótt, 4-5 m. á kant að utan. Snýr inngangi til austurs, mjög þröngum. Mesta hæð innveggja er 1 m. og útveggja 1.30 m. Tóttin er algróin. Kann að hafa verið sumarfjós eða hlaða.

Hættumat: engin hætta

**SM-110:008 tótt**

Fast hjá kringlóttri tótt við Partslæk. Ferköntuð, stærð 5x3 m. að utan, mjög jarðsokkin. Veggir standa 20-30 cm. upp úr jörð. Inngangur ógreinilegur.

Hættumat: engin hætta




**SM-110:009 tótt**




Um 150 metrum neðan við bæjarstæðið í Dammi. Ferkantaður kofi, snýr inngangi til austurs. Utanmál 8x6 m. veggjaþykkt um 1 m, hæð veggja um 1 m. Tóttin er gróin kafgresi og sést ekki í steina. Tóttin er yst í litlum hól sem gæti verið til kominn vegna endurbygginga.

Hættumat: engin hætta

**SM-110:010 túngarður**

Garðurinn liggur sem næst n-s. Niður með Partslæk niður á móts við björgunarskýlið, sveigir þar til austurs og liggur a-v á um 200 m. kafla, rennur þá saman við túngarð Hundraða. Niður með læknum er garðurinn mjög útflattur en stendur betur þegar fjær dregur bæjarstæðinu í Parti.

Hættumat: engin hætta

**SM-110:011 „Hús"- beitarhús**




„Utan við Skálahlíð er Húsgil og þá Húsmelur. Á honum eru Beitarhús" segir í örnefnalýsingu. Fjárhús og hlaða (tvær hlöður) og kofi sambyggt í lengju. Heildarlengd 26 m. breidd um 8 m. Gengið inn í fjárhúsið að norðan verðu (þar hefur verið timburgafl). Í því er garði og baðþró við enda hans. Innangengt í hlöðu baka til. Bak við hlöðuna er lítið hólf, e.t.v. tvö, en ekki innangengt í þau úr hlöðunni. (hrútakofar?) Um 11 m. norðar er fjárhústótt og snýr hún inngangi í n. Lengd 9 m. og breidd 7 m. Timburgafl hefur verið til norðurs, garði eftir miðju. Frá stærra húsinu liggur garður til vesturs og hefur girt af svæði sem er um 17x29. Öll mál eru utanmál.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá S. frá 1931, bls 46

**SM-110:012 beitarhús**




Sunnan til og utarlega í Sandvík. Sunnan við Brúarmel við Sandvíkurá heitir Skálahlíð, þar voru beitarhús. Utanmál tóttarinnar er 8x4 m. og hefur timburgafl verið á henni. Grjóthleðslur sjást í veggjum.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá S. 1991

**SM-110:013 heimild um götur**

Yfir Sandvíkurskarð. Lagðar af heimamönnum í skyldudagsvinnu.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 70

**SM-110:014 heimild um brú**

Niður af Brúarmel. Brúin er horfin en brúarhleðslur sjást. Tvö tré (rekastaurar) voru lagðir milli bakka. Þeir lágu á grjóthleðslum beggja vegna. Tunnustafir voru negldir með nokkru millibili þvert á trén. Lengd 10-12 m. Síðustu búskaparár í Sandvík var brúnni ekki haldið við.

Heimildir: Örnefnaskrá Sandvíkur 1931, bls 46, Sveinbjörn Guðmundsson: munnl.uppl.

**SM-110:015 heimild um grjótgarð**

Í Afréttarskarði. Leiðin úr Síðudal út í Afréttarskarð (Afréttarrák) hefur spillst mikið af grjóthruni úr fjallinu á seinni árum.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 70

**SM-110:016 heimild um grjótgarð**

Í Síðudal innanvið Sandfell.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 70

**SM-110:017 heimild um grjótgarð**

Suður í Gerpi skammt frá hreppamörkum.

Heimild: Sveitir og jarðir III, bls 70

## Sandvíkurhundruð 110b

Býlið mun vera næstyngst Sandvíkurbæjanna og stóð næstyst. Þess er ekki getið í jarðabókum fyrr en 1922 og mun hafa byggst fyrir sl. aldamót upp úr jörðinni Sandvíkurdammi. Þar var síðast búið 1946. Mannvirki sem skráð voru hafa ýmist tilheyrt Dammi eða Hundruðum og oft erfitt að greina þar á milli.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 72

**SM-110b:001 bæjarstæði**

Næstysti bær að norðanverðu. Steinsteyptur grunnur, lengd 7 m. breidd 4 m. að innanmáli. Bakhlið hefur verið torf- og grjóthlaðin. Steyptir veggir standa í 80-100 cm. hæð. Milliveggur er þvert yfir húsið og skiptir því í tvennt. E.t.v. hefur gólfið í ytri helmingi verið steinsteypt. Brot úr eldavél og skorsteini liggja á gólfinu.

Hættumat: engin hætta




**SM-110b:002 tótt**

Neðst í túninu, um 30 metrum ofan við túngarð. Smákofi (sumarfjós, hesthús?), stærð að utan 5x5 metrar, inngangur á miðjum vegg til austurs. Veggir standa í allt að 2ja m. hæð innan og 1.50 m. að utan. Grjót sést ekki. Torfið hefur verið tekið fast við húsveggina.




Hættumat: engin hætta

**SM-110b:003 tótt**

Um 35 metrum niður af bæjartóttinni í Hundruðum. Hóll, stærð um 15x12 m. Veggjaskipan sést ekki.

Hættumat: engin hætta

**SM-110b:004 fjárhús og hlaða**

Um 50 metrum neðar en bæjartóttin í Hundruðum, nokkru utar. Fjárhús snýr a-v (nálega) og hefur haft timburgafl til austurs. Innmál eru 4x9 m. Hlaðan er áföst að vestan og snýr þvert á húsið, innmál 6x3 m. Hún er ekki byggð alveg fyrir miðju fjárhúsinu. Garði er ekki, en dyr inn í hlöðuna. Veggjaþykkt að meðaltali 2 m. Bárujárn og timbur eru í fjárhústóttinni.




Hættumat: engin hætta

**SM-110b:005 fjárhús**

Uppi í túni fyrir ofan bæjartóttina, skammt utan við sporöskjulaga hólf no 110Búkolla, :008. Lengd 9.5 m. breidd 7 m. utanmáls. Veggjaþykkt um 1.20 metrar. Garði er í miðju húsi en nær ekki alveg inn. Framhlið (austurhlið), hefur verið með timburgafli.




Hættumat: engin hætta

**SM-110b:006 túngarður**

Neðan og austan við túnið á Hundruðum. Liggur n-s á 85 metra löngum kafla neðan við túnið, sveigir svo til austurs og er um 135 metra langur. Virðist vera torfgarður, hæð um 80 cm. breidd um 1 metri, garðurinn er mikið blásinn sumsstaðar.

Hættumat: hætta vegna uppblásturs

**SM-110b:007 tótt**

Um 115 metrum upp af bæjartóttinni í Hundruðum. Kofatótt, utanmál 4.5x4.3 m. Mjór inngangur er í austurhorni tóttarinnar. Tóttin er algróin og sést ekki í grjót. Veggir standa að utan í 80 m. hæð og að innan í 60 cm.




Hættumat: engin hætta

**SM-110b:008 tótt**




Um 130-140 metrum ofar en bæjartóttin í Hundruðum. Tóttin er sporöskjulaga, byggð neðan í brekku, hlaðnir veggir á þrjá vegu með inngang til austurs. Stærð 8.5x4.5 m. að utan, veggjaþykkt um 1 m. Tóttin mjög jarðsokkin og ógreinileg, líklega hefur hún tilheyrt búsetu í Dammi.

Hættumat: engin hætta

**SM-110b:009 „Hjáleiguhús"- fjárhús**

Um 150 m. ofan við bæjartóttina í Hundruðum, í tungu milli tveggja lækjarkvísla (Hundraðslækur?). Sambyggð fjárhús og hlaða. Fjárhúsið snýr a-v (nálega) og hlaðan þvert á að ofanverðu.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Sandvíkur 1991

## Sandvíkurstekkur 110c

Sandvíkurstekkur var ysta býlið í Sandvík. Það gekk undir nafninu Stóri-Stekkur en á Litla Stekk voru fjárhús. Í eyði 1920. Bærinn var fyrst byggður 1874 og fór í eyði 1820.

Heimild; Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 71

**SM-110c:001 bæjarstæði**




„Fyrir framan Stórastekkjargil er Stóristekkur (gamalt eyðibýli)" segir í örnefna- lýsingu. Þarna eru tóttir bæjar-húsa og túngarðs um- hverfis þau. Húsin eru; sambyggð baðstofa, bæjardyr og eldhús. Stakt hús er vestan við. Bæjardyr: innmál ca. 3x2 m. gengið til hægri í eldhús: innmál 3x2 m. og beint áfram til baðstofu. Innmál ca. 6x4 m. Veggjaþykkt 1-2 m. mest á austurvegg eldhúss. Baðstofan snýr na-sv en bæjardyr og eldhús þvert á hana. Staka húsið snýr nv-sa eins og bæjardyrnar. Innmál 5.5x2.5 m. Torf og grjótveggir á þrjá vegu en timburgafl hefur verið fram. Tóttirnar eru grónar, grjóthleðslur standa að innan upp í ca. 1.7 m. hæð. Matjurtagarður er framan við bæinn.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá Sandvíkur frá 1931, bls 45

**SM-110c:002 tótt**




Í túninu niður af bæjarstæðinu. Á vestari bakka lækjardrags. Tótt, snýr sv-na, innmál 3x4.5m. inngangur til sv. 60 cm. breiður. Torf- og grjóthlaðnir veggir, breidd 70-80 cm. Um 7 m. vestar er tótt: innmál 2.5x1.5 m. veggjaþykkt 1-2 m. annar langveggur þykkastur.

Hættumat: engin hætta

**SM-110c:003 tótt**

Í túni niður af bæjarstæðinu, um 10 m. vestan við læk. Þúst, grænni en umhverfið, ummál um 6x8 m veggir sjást ekki.

Hættumat: engin hætta

**SM-110c:004 fjárhústótt**




Uppi í túni fyrir ofan bæjarstæðið, byggt við túngarðinn. Snýr sa-nv, lengd 11 m. breidd 6.5 m. utan. Veggjahæð mest ca. 1.50 m. veggjaþykkt um 1.80.m. Grjóthlaðnir veggir að utan og innan, óhrundir en mjög grónir. Grjóthlaðinn garði eftir endilöngu, breidd 60 cm. Timburþil hefur verið til sa. Lítið hólf er áfast utan við, einnig byggt við túngarðinn. Ofan við túngarðinn er annað lítið hólf (heystæði?).

Hættumat: engin hætta

**SM-110c:005 kví**




Utan við annað gil frá Stórastekk að telja, í brekku sem liggur frá klettarák að sjó. Innmál ca. 3x3 m. Grjóthlaðin kví upp við stóran jarðfastan stein, inngangur snýr til sv.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Hálfdan Haraldsson vísaði á

### SM-110c:006 heytótt




Utan og neðan við grjótkví 110c:005 utan við Stóra-Stekk. Sporöskjulaga tótt, lengd um 4 m. að utan. Grjót sést í veggjum. Enn utar og neðar er umrót frammi á sjávarbakka, líklega ummerki um aðra heytótt. Óvíst er hvort grjótkví og heytóttir utan við Stóra-Stekk tilheyra því býli eða öðrum Sandvíkurbæjum.

Hættumat: engin hætta

### SM-110c:007 túngarður

Túngarður sést á köflum umhverfis túnið á Stóra Stekk.

Hættumat: engin hætta

### SM-110c:008 fjárhús og hlaða (Litli-Stekkur)




Nálægt Stóra-Stekk, næst vestan við hann. Fjárhús og hlaða sambyggð, snúa sa-nv. Fjárhúsið er utar, innmál 6x8 m. og grjóthlaðinn garði meðfram eystri langvegg, um metra frá vegg, gegnt inngangi. Hlaðan er innar, innmál 15x3 m. skipt í miðju. Ekki innangengt milli fjárhús og hlöðu. Veggir torf- og grjóthlaðnir, þykkt um 1 m., hæð um 1.5-1.7 m., hæð um 1.5-1.7 m. Raftar og bárujárn eru í fjárhústóttinni. Túngarður er umhverfis, grjóthlaðinn að neðanverðu og er þar um 1.7 m. á hæð. Í Örnefnaskrá frá 1991 segir að á Litla-Stekk hafi verið beitarhús frá Sandvíkurparti í seinni tíð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Sandvíkur 1931, Sveitir og jarðir III, bls 71, Örnefnaskrá S. frá 1991

### SM-110c:009 rétt eða matjurtagarður




Við túngarðinn neðanverðan, að sv-verðu. Innmál 5.5x11.5 m. Byggð utan í túngarðinn og myndar hann vesturvegg í réttinni. Veggjaþykkt er um 0.5 m. og veggir lágir (girðing kann að hafa verið staðsett á veggnum). Túngarðurinn er þarna um 1.3 m. breiður.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnaskrá frá 1991

### SM-110c:010 matjurtagarðar

Neðan við túngarð þann sem liggur um húsin á Litla-Stekk. Túngarðurinn er þarna grjóthlaðinn, hæð að neðanverðu (utanverðu) upp í 1.70 m. Undir garðinum hafa verið matjurtagarðar, jafnvel réttir. Ein greinileg tótt, stærð 14x9 m. að innan, ferköntuð, túngarðurinn myndar norðurvegg, líklega matjurtagarður. Annað hólf er áfast þessu að vestan, 3x9 m. að stærð. Einn matjurtagarður

er innan við túngarð og áfastur, stærð 12x8 m. Fleiri garðar kunna að hafa verið þarna. Sveinbjörn Guðmundsson segir að garðarnir hafi verið notaðir seinna og þá verið frá Parti.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Sveinbjörn Guðmundsson: munnl.uppl.

**SM-110c:011 túngarður**

Liggur um túnið á Litla-Stekk þrjá vegu. Lækur afmarkar túnið að vestan. Ofan við túnið liggur garðurinn í boga, lengd um 180 m. Hlið er að vestan verðu og þar er brú yfir lækjarsprænu. Skurður er meðfram túngarðinum utanverðum að ofan. Að neðanverðu liggur garðurinn einnig í boga og sveigir báða enda til fjalls, lengd um 120 m. Austurveggur er nokkuð beinn, um 45 m. langur og endar á bakka lækjargils. Að neðanverðu er garðurinn hár að utan og grjóthlaðinn, allt að 1.8 m. á hæð. Upp við hann þar hafa verið áfastir garðar og einhverjar tóttir.

Hættumat: engin hætta

## Miðhjáleiga SM-110d

Miðhjáleiga var hjáleiga frá Mið-Sandvík. Hún er sögð eyðibýli 1776. Þar á að hafa verið kirkja eða bænhús. Ókunnugt er um landamörk við aðra bæi. Skráðar fornleifar milli túngarðs í Parti og ystu tótta í Seli eru hér taldar til Miðhjáleigu þótt óvíst sé hvaða jörð þær tilheyrðu.

Heimild: Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 71, Ögmundur Helgason 1983, bls 28, Olavius 1776, bls 143

**SM-110d:001 bæjarstæði**




Um miðja víkina að norðanverðu. Hóll, um 25 m. langur og 20 m. breiður, snýr na-sv. Ofan til í honum eru leifar húsa, þrískipt tótt, um 18 m. löng, líklega útihús. Lítur út fyrir að vera margendurbyggður. Líklega bæjarhóll, eitt fornbýla sem ástæða er til að athuga frekar. Í ferðabók Ólafs Olaviusar er Miðhjáleigu getið sem eyðibýlis hjá Sandvík. Land Miðhjáleigu hefur verið nytjað frá öðrum bæjum á seinni tímum. Til þess bendir rétt, svarðargrafir og urmull smátótta (heytótta líklega) ofan við bæjarstæðið.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Ólafur Olavius 1776, bls 143

**SM-110d:002 rétt**

Neðan við bæjarstæðið. Lítur út fyrir að vera frá því eftir að búsetu lauk í Miðhjáleigu. Torf- og grjóthlaðin. Innmál ca. 8x13 m. Snýr inngangi til sv. Hefur líklega verið rétt.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnskrá Sandvíkur 1991

**SM-110d:003 tótt**

Ofan við réttina, vestan bæjarstæðisins, tóttin næst bæjarstæðinu. Sporöskjulaga, óvíst hvort þetta er hústótt. Snýr a-v (nálega). Utanmál um 12x8 m. veggir óverulegir, inngangur óljós. Inni í tóttinni er hrúgald

Hættumat: engin hætta




**SM-110d:004 tótt**

Fyrir ofan réttina, skammt vestan við bæjarstæðið, önnur tótt frá bæjarstæðinu. Smátótt, snýr a-v (nálega) inngangur í s. Utanmál 11x6 m. Örlítill kofi byggður ofan í norðurenda tóttarinnar, líklega yngri en hún.

Hættumat: engin hætta

**SM-110d:005 tótt**

Fyrir vestan og ofan rétt, vestan bæjarhóls. Þriðja tótt frá bæjarhól. Smátótt, um 5x3 m. að utan, óvíst hvort þetta er hústótt, inngangur virðist því í horni sem veit að bæjarhólnum.

Hættumat: engin hætta

**SM-110d:006 tótt/ (bænhús-garður ?)**

Ofan og vestan við réttina, vestan bæjarhóls. Fjórða tótt frá bæjarhólnum. Ferköntuð, snýr a-v (nálega). Stærð um 4x5 m. Veggjaþykkt sést óglöggt og inngangur ekki. Rétt vestan við er garður sem liggur n-s á um 35 metra kafla, sveigir að ofanverðu til austurs og sést á um 10 m. löngum kafla. Garðurinn liggur umhverfis tótt þessa svo langt sem hann nær. Hlið er á garðinum rétt neðan við tóttina. Bænhús var í Sandvík a.m.k. fram yfir 1650 og er talið að það hafi verið í Miðhjáleigu. Þessi tótt ásamt garði er talin vera bænhús- og kirkjugarðstótt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ögmundur Helgason 1983, bls 23

**SM-110d:007 heimild um myllu**

Við Innri-Miðhjáleigulæk, sem rennur innan við Miðhjáleigu. Sveinbjörn Guðmundsson og Lúðvík Ingvarsson hafa fundið timburbrot úr myllunni.

Heimild: Sveinbjörn Guðmundsson: munnl. uppl.

**SM-110d:008 tótt**




Við læk skammt innan við túngarðinn í Parti. Á vestari bakka lækjarins. Smátótt, innmál 3x1.5 m. Snýr gafli að læk. Veggjaþykkt um 1.50 m., veggir algrónir. Út frá tóttinni liggur garður að læknum, um 2.5 m. á lengd, og áfram á eystri bakkanum um 4. m.á lengd.

Hættumat: engin hætta

**SM-110d:009 tótt**

Um 30 metrum innan við læk þann sem rennur innan túngarðs í Parti. Ferhyrnd tótt ca. 6x10 m. Snýr a-v. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur virðist vera til fjalls.

Hættumat: engin hætta

**SM-110d:010 matjurtagarður**

Á eystri bakka lækjar, skammt innan við túngarðinn í Parti. Ferhyrnd hleðsla, innmál 15x9.5 m. Veggjaþykkt um 80 cm. Veggir standa í um 80 cm. hæð. Beð eru eftir endilöngu.

Hættumat: engin hætta




**SM-110d:011 fjárhús/hlaða**




Við læk, skammt innan við túngarðinn í Parti. Lítil tótt á tungu milli tveggja lækjarkvísla, milli lækjar og matjurtagarðs. Utanmál 6x2 m. tvískipt, mjög jarðsokkin og ógreinileg. Snýr n-s.

Hættumat: engin hætta

**SM-110d:012 tótt**




Um 50 m. beint upp af bæjarstæðinu í Miðhjáleigu. Stærð 4x6 m. að ummáli. Veggir óglöggir. Tóttin er sporöskjulaga, snýr a-v.

Hættumat: engin hætta

**SM-110d:013 tótt**




Um 50 m. upp af bæjarstæðinu, við læk lítið eitt utar. Smákofi, (mókofi?). Utanmál ca. 3x2.5 m. Snýr gafli að læk, stendur vel og er algróinn.

Hættumat: engin hætta

**SM-110d:014 tótt**

Ofan bæjarstæðis í Miðhjáleigu. Stærð 1.30x3 m. að innamáli. Veggjaþykkt um 40 cm. Veggir standa í um 50 cm. hæð innan. E.t.v. er þetta mókofi.

Hættumat: engin hætta

**SM-110d:015 „Marteinsstekkur"- heimild um býli**




Beint upp af bæjarstæðinu, um 70 m. ofar. Ummál 8x8 m. Veggir óglöggir, inngangur sést ekki. E.t.v. rétt eða stekkur. Óvíst er hvar Marteinsstekkur var. Fyrir ofan bæjarstæðið í Miðhjáleigu er urmull smátótta og gæti stekkurinn verið hver þeirra sem er.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Örnefnskrá Sandvíkur, bls 45

**SM-110d:016 tótt**

Beint upp af bæjarstæðinu, um 100 m.ofar. Þýfi, ummál 16x5 m. Greinilega mannaverk en veggjaskipan sést ekki. Snýr a-v. E.t.v. stekkur eða rétt.

Hættumat: engin hætta




**SM-110d:017 tótt**




Um 120 metrum ofan við bæjarstæðið, við ytri kvísl lækjar sem rennur niður fast utan við bæjarstæðið. Þúst, stærð 4.5x4 m. snýr út og fram. Veggir óljósir og inngangur sést ekki.

Hættumat: engin hætta

**SM-110d:018 tótt**

Um 120 metrum upp frá bæjarstæðinu, á bakka fremri kvíslar lækjarins sem rennur niður fast utan við bæjarstæðið. Sporöskjulaga, snýr a-v, stærð 11x3-4 m. Vegggjaskipan og inngangur sjást ekki.

Hættumat: engin hætta




**SM-110d:019 tótt**




Um 180 metrum beint upp af bæjarstæðinu. Sporöskjulaga tótt, stærð 4x8 m. Snýr n-s. Inngangur sést ekki, veggir óljósir.

Hættumat: engin hætta

**SM-110d:020 tótt**

Um 200 metrum ofan við bæjarstæðið, vestan við fremri kvísl lækjarins sem kemur niður rétt utan við bæjarstæðið. Sporöskjulaga, snýr n-s. Stærð 12x4 m. Veggir sjást óljóst, en inngangur ekki.

Hættumat: engin hætta




**SM-110d:021 tótt**

Um 200 metrum ofan við bæjarstæðið, um 40 m. utan við ytri kvísl bæjarlækjarins. Sporöskjulaga,mjög jarð- sokkin, stærð 5x5 m. veggir og inngangur sjást ekki.

Hættumat: engin hætta

**SM-110d:022 svarðargrafir**

Ofan við bæjarstæðið í Miðhjáleigu. Grafir á um 50 m. breiðu svæði.

Hættumat: engin hætta

## Þorljótsstaðir (Kverk) SM-110e

Bæjarstæðið er nefnt í eyðibýlaskrá Olavíusar frá 1776. Hálfdan telur líklegt að Þorljótsstaðir og Kverk séu sama bæjarstæðið og hafi það upprunalega gengið undir fyrra nafninu en seinna verið nefnt Kverk af heimamönnum sökum staðsetningar tóttarinnar í Kverkinni.

Heimildir: Ólafur Olavius, 1776, bls 143, Hálfdan Haraldsson: munnl. uppl.

**SM-110e:001 bæjarstæði**

Í kverk innan við Langamel, sunnan við ána og innan til í Sandvík. Bæjarstæðið er á tungu milli tveggja lækja.. Ógreinileg tótt er sunnan við bæjarstæðið í Kverk, sunnan lækjar, ferköntuð, stærð 4.2.5 m., inngangur í horni, virðist tvískipt, mjög ógreinileg. Á bæjarstæðinu eru greinilegar útlínur tótta en húsaskipan ill- greinanleg. Stærð 18x12 m Báðar tóttirnar eru mjög vallgrónar og sam- vaxnar umhverfi sínu. Eitt fornbýla sem ástæða er til að athuga.







Heimildir: Örnefnaskrá Sandvíkur e. Guðmund Magnússon, Hálfdan

Haraldsson: Bæir í Norðfirði (ópr. handr. 1992), Ólafur Olavius: eyðibýlaskrá frá 1756

## Verstöð á Skálum SM-110f

„Skálar heitir sá staður í víkinni þar sem var útgerðarstaður Sandvíkurbænda og verstöð aðkomumanna. Skálar eru innst á Syðri Landsenda, en svo kallast grasivaxnir bakkarnir sitt hvoru megin víkurinnar. Lendingarstaðurinn nefnist Skálabás og er hann girtur hamrabeltum á þrjá vegu og gefur klettarani að austanverðu nokkuð skjól fyrir úthafsöldunni” segir í grein Stefáns Þorleifssonar í Sjómannadagsblaði Neskaupstaðar 1994 en Stefán vistaðist til Sandvíkur 1924, þá 8 ára gamall. Votibás (eða Vaðsteinsbás) nefnist víkin utan Skálabáss og skilur klettanes þá að. Skálabás er eina höfnin í Sandvík. Aðeins er hægt að komast upp úr fjörunni á einum stað, eftir rák sem liggur í eystri bakkanum. Á Skálum hefur frá öndverðu verið útgerðarstaður Sandvíkurbænda en í byrjun þessarar aldar fóru einnig aðkomumenn að eiga þarna útræði og myndaðist þyrping sjóhúsa og verbúða ofan Skálabáss. Þetta útgerðarskeið byrjaði 1909 en seinast var gert út frá Skálum 1933.

Heimildir: Stefán Þorleifsson: Verstöðin Sandvík, Sjómannadagsblað Neskaupstaðar 1994, Guðmundur Magnússon: Örnefnasafn Sandvíkur, Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls 70

Heimildamaður: Hálfdan Haraldsson

**SM-110f:001 tótt**




Um 40-50 metrum sunnan sjóhúsa á Skálum. Stærð 2x1 m. Grjóthlaðin smátótt byggð í kringum stórgrýti og er mjög gróin.

Hættumat: engin hætta

**SM-110f:002 tótt**




Fremst á tanga sunnan við Skálabás. Í suður frá og beint á móti sjóhúsum á Skálum Tóftin er mjög gróin og sést hvergi í hleðslu. Hún er niðurgrafin í hól frammi á tanganum. (Frosthús?)

Hættumat: engin hætta

**SM-110f:003 „Sjóhús Sverris Sverrissonar”- sjóhús**




Á Skálum sunnan til í Sandvík, efst þeirra tótta sem standa ofan við og frammi á tanga þeim sem skilur að Vota- og Skálabás. Grjóthlaðinn grunnur, stærð um 8x5 metrar. Húsið hefur skipst í þrjár vistarverur. Að austan hefur verið viðbygging, stærð 2x4 m. Merki eru um að norðurveggur hafi verið steinsteyptur og leifar steyptrar stéttar eru við norðurhlið. Í grein Stefáns Þorleifssonar frá 1994 er húsinu lýst svo: „Efst í röðinni var verbúð Sverris Sverrissonar og var hún stærst. Þetta var einlyft hús með stórum svefnskála, eldhúsi og tveimur öðrum herbergjum”.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Stefán Þorleifsson: Verstöðin Sandvík, Sjómannadagsblaði Neskaupstaðar 1994, bls 50

**SM-110f:004 „Sjóhús bænda í Sandvíkurseli”- sjóhús**




Neðan sjóhúsa Sverris Sverrissonar. Efri tóttin: 6.5x3 m. að stærð, stendur í brekku og er tvískipt, skorin í tvennt af grunnum skurði og mjög gróin Ekki sést grjót. Neðri tóttin: 9x3.2 m. Stendur á stalli. Illgreinanleg. Grjóthrúga er í henni miðri. Stefán Þorleifsson lýsir henni svo: „Þetta var einlyft hús og var því skipt í birgðageymslu og svefnskála.”

Hættumat: engin hætta

Heimild: Stefán Þorleifsson: Verstöðin Sandvík, Sjómannadagsblaði Neskaupstaðar 1994, bls 50

**SM-110f:005 sjóhús**




Grjóthlaðinn grunnur er 7 metrum austan við sjóhús Selsbænda. Stærð 5.5x3 m. Nokkuð gróinn grunnur og engar veggjaleifar.

Hættumat: engin hætta

**SM-110f:006 „Verbúð Sigurðar og Helga Halldórssona”- verbúð**

Frammi á sjávarklettum þeim er ganga fram í Votabás. Lengd 7 m. Helmingur húsgrunnsins er hruninn fyrir klettana. Stefán Þorleifsson lýsir húsi þessu svo: „Þetta var einnig tívlyft hús með beitningaraðstöðu og salthúsi á neðri hæð, sem að mestu var hlaðin úr grjóti, og verbúð á efri hæð, sem skipt var í svefnskála, eldhús og ráðskonuherbergi. Hvergi á byggðu bóli hefi ég séð ægilegra hússtæði, en þessi verbúð stóð á hamrabrún Votabáss og var örmjó ræma milli hússins og hengiflugsins.”

Hættumat: mikil hætta sökum hruns

Heimild: Stefán Þorleifsson: Verstöðin Sandvík, Sjómannadagsblaði Neskaupstaðar 1994, bls 50

**SM-110f:007 „Sjóhús Sigurðar Hinrikssonar”- sjóhús**




Um 30 metra sunnan sjóhúss Sverris Sverrissonar. Stærð 6x4 m. Grjóthlaðinn grunnur. Ekki sjást menjar veggja. Grunnurinn er allgróinn. Þarna var gert út í tvö sumur 1924 og 1925.

Hættumat: engin hætta

**SM-110f:008 „Sjóhús Sameinuðu verslananna”- sjóhús**




